

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek segir það draumastöðu fyrir ríkisstjórnina loki ESB á Ísland. 21



**MENNING** Matreiðsluþáttur Yesmine Olsson sýndur á finnsku sjónvarpsstöðinni YLE Fem. 58



**SPORT** Luis Suárez hefur farið á kostum með Liverpool í vetur og heldur liðinu í toppbaráttu. 54


Mikið úrval af dásamlegum jólagjöfum..

Laugavegi 46 s:571-8383
WWW.FREEBIRDCLOTHES.COM





Íslensk hönnun



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**6. desember 2013**
287. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# 1,5 milljarðar í tækjakaup

Landspítalinn fær 1.262 milljónir til tækjakaupa á næsta ári og Sjúkrahúsið á Akureyri 273 milljónir standi áætlun heilbrigðisráðherra óbreytt. Ríkisstjórn hefur afgreitt tækjakaupaáætlunina til fjárlaganefndar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Áætlun Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra um að veita tæplega 1,5 milljarða króna til tækjakaupa á Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri var kynnt í ríkisstjórn á föstudag. Fjárlaganefnd fékk minnisblað þessa efnis til umfjöllunar í gær.

Kristján Þór segir alltaf hafa staðið til að kynna hugmyndir um fjárframlag til tækjakaupa í ríkisstjórn og fjárlaganefnd fyrir aðra umræðu fjárlaga enda var það tiltekið í frumvarpinu. „Ég hef kynnt tækjakaupaáætlun í ríkisstjórninni og sendi svo nefndinni minnisblað um það. Þar geri ég ráð fyrir að Landspítalinn muni fá 1.262 milljónir króna og sjúkrahúsið á Akureyri fái 273 milljónir á næsta ári. Svo verður að koma í ljós hvernig fjárlaganefnd fer með þetta. En í ljósi umræðunnar inni í nefndinni, og samstöðunnar, þá er ég bjartsýnn á að menn bregðist vel við. Það kemur svo í ljós hvernig afgreiðsla nefndarinnar verður þegar frumvarpið kemur til annarrar umræðu,“ segir Kristján Þór.

Eins og fram hefur komið munu framlög til Landspítalans verða aukin um þrjá til fjóra milljarða króna frá upphaflegum forsendum fjárlaga, náist samstaða hjá stjórnarflokkunum um niðurskurð á móti.

Kristján vill ekki tjá sig um málið að öðru leyti en því að hann sé að vinna að framgangi þessa tiltekna máls í samræmi við þær áherslur sem ríkisstjórnin boðaði þegar frumvarpið var lagt fram.

Fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs vegna rekstrar Landspítalans næmu 38,5 milljörðum króna. Stjórnendum spítalans var brugðið þegar frumvarpið var kynnt í byrjun október. Þá var tímabundin 600 milljóna króna fjárveiting til tækjakaupa felld niður, en Kristján Þór tók strax af allan vafa um það að fjármagn yrði veitt til þessa liðar og aðgerðin kynnt við aðra umræðu frumvarpsins. **- shá**



> **En í ljósi umræðunnar inni í nefndinni, og samstöðunnar, þá er ég bjartsýnn á að menn bregðist vel við.**
>
> *Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra*



**FALLIN HETJA** Frá því var greint seint í gær að Nelson Mandela, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, sem minnst er fyrir baráttu sína gegn aðskilnaðarstefnunni, Apartheid, í landinu, sé látinn. Hann varð 95 ára gamall. NORDICHPOTOS/AFP

Nelson Mandela er látinn:

## S-Afríka syrgir sinn helsta son

**S-AFRÍKA** Forseti Suður-Afríku greindi frá því í gærkvöldi að Nelson Mandela væri látinn, 95 ára að aldri. „Við höfum misst okkar helsta son,“ sagði Jacob Zuma í sjónvarpsávarpi í gær.

Undanfarið hafa læknar sinnt Mandela á heimili hans vegna sýkingar í lungum, en áður hafði hann verið á spítala í þrjá mánuði.

Mandela er fyrrverandi forseti Suður Afríku, frelsishetja og leiðtogi þjóðarinnar um árabil. Hann var pólitískur fangi Apartheid-stjórnarinnar í 27 ár. Árið 1994 varð hann svo fyrsti blökkumaðurinn til að gegna embætti forseta í Suður-Afríku. Hans er minnst sem frelsishetju og friðarhöfðingja og hann hefur notið ómældrar virðingar hvarvetna sem slíkur. Það var þó ekki fyrr en í júlí 2008, rétt í tæka tíð fyrir níræðisafmæli Mandela, sem Bandaríkjastjórn tók hann og aðra helstu leiðtoga Afríska þjóðarráðsins af lista yfir hugsanlega hryðjuverkamenn. **- óká / fbj**

**LÍFIÐ**



### Allt í lífinu hefur tilgang

Thelma Þorbergsdóttir félagsráðgjafi og áhugakona um kökugerð var að gefa út sína aðra bók. Lífið hefur ekki alltaf leikið við hana, en Thelma segir að með jákvæðni sigri maður alltaf.

**FRÉTTIR**

**Rannsókn lokið** Ákærusvið lögreglunnar ákveður á næstunni hvort gefin verður út ákæra á hendur manni sem hefur játað að hafa komið fyrir svínshausum og blóðugum Kóran á moskulóð. 2

**Styðja afnám mjólkurkvóta** Sögulegt tækifæri er nú til að afnema mjólkurkvótann, segir formaður Landssambands kúabænda. 4

**Kom áður við sögu** Lásasmiður sem opnaði fyrir lögreglu íbúð í Hraunbæ þar sem veikur maður var skotinn til bana hafði áður aðstoðað manninn. Hann hafði þá læst sig úti. 6





20

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -9° | | SA | 6 |
| Akureyri | -7° | | A | 2 |
| Egilsstaðir | -10° | | NV | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | -7° | | NA | 8 |
| Reykjavík | -9° | | A | 8 |

**Frosthörkur** Í dag má búast við strekkingi við S-ströndina en hægari vindi annars staðar. Bjart inn til landsins en fremur skýjað og stöku él NA-til. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk





Hvorki Margrét Erla Maack né Ágúst Bent Sigbertsson elda ofan í sig sjálf:

## Ekki keypt í matinn í rúmt ár

**FÓLK** Dæmi eru um að fólk eldi síður eigin mat og reiði sig í staðinn á skyndibita og tilbúnar máltíðir. Hvorki Margrét Erla Maack né Ágúst Bent Sigbertsson sögðust elda heima þegar þau voru spurð út í neysluvenjur sínar. Bæði borða líka oft skyndibita.

„Nú er orðið allavega meira en ár frá því að ég fór síðast í Bónus,“ segir Ágúst Bent.

Bæði segjast líka glöð eyða meiru í mat sé hann góður. „Mér finnst ég vera að fjárfesta í sjálfri mér og eigin geðheilsu þegar ég kaupi góðan mat,“ segir Margrét Erla.

Niðurstöður breskrar rannsóknar leiða í ljós að ungt fólk er líklegra en áður til að eyða peningum í skyndibita, fremur en að elda sjálft. **- kak / sjá síðu 48**



**MARGRÉT ERLA OG ÁGÚST BENT** Meira er um að ungt fólk eldi ekki sjálft. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL














ÍSLENSK HÖNNUN OG RITSNILLD Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA OG UNGMENNA

GLUGGAGÆGIR

Sölustaðir á jolaoroinn.is

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

## SPURNING DAGSINS



Melkorka, ertu ef til vill bara svona þver flautuleikari?

**„Nei, þvert á móti.“**

Melkorka Ólafsdóttir þverflautuleikari var einn skipuleggjenda fundar í Háskólabíói þar sem niðurskurði hjá Ríkisútvarpinu var mótmælt.

Dæmdur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás gegn afabróður sínum:

# Fjögurra og hálfs árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Gústaf Reynir Gylfason var dæmdur til fjögurra ára og sex mánaða fangelsisvistar í Hæstarétti í dag, fyrir sérstaklega hættulega árás á afabróður sinn í febrúar 2012.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar og krafðist þyngingar á þriggja og hálfs árs dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra.

Gústaf ruddist inn á heimili afabróður síns og réðst á hann með höggum og spörkum og barði meðal annars ítrekað með þungum stól. Gústaf taldi að maðurinn hefði misnotað móður sína árum áður og alltaf fundið fyrir mikilli reiði í hans garð.

Afabróðir Gústafs hlaut mikla áverka og heilablæðingu við árásina. Hlaut hann nefbrot á tveimur stöðum, brot á vanga- og kinnkjálkabeinum, sár á andliti og tvö rifbeinsbrot svo eitthvað sé nefnt.

Frá fangelsisvistinni dregst gæsluvarðhald frá 17. til 22. febrúar og er Gústaf gert að greiða afabróður sínum 1.327.969 krónur auk vaxta í bætur. - skó

### ➜ Úr héraðsdómi

„Þar veittist ákærði með ofbeldi að A, sló og sparkaði í höfuð og búk A, traðkaði á höfði hans, barði hann ítrekað með 15,5 kg þungum stól með fimmarma fæti í líkama og höfuð og sló hann ítrekað í höfuð og andlit með munnhörpu. Að atlögunni lokinni fór ákærði um húsnæðið og henti niður örbylgjuofni, brauðrist, kaffikönnum og ýmsu lauslegu sem við það skemmdist eða ónýttist.“

Átelja ófaglegg vinnubrögð:

# Vilja að ráðherra segi af sér

**STJÓRNMÁL** Ungir jafnaðarmenn skora á Gunnar Braga Sveinsson utanríkisráðherra að segja af sér vegna ófaglegra og ólýðræðislegra vinnubragða.

Í ályktun segir að Gunnar Bragi beri ábyrgð á ákvörðun ríkisstjórnarinnar að stöðva aðildarviðræður við Evrópusambandið án þess að leggja hana fyrir atkvæðagreiðslu. Þar fyrir utan hafi ráðherra sýnt hræsni og vanþekkingu í umfjöllun sinni um utanríkismál. - ebg



**JÓLABORGIN REYKJAVÍK** Fjölmiðillinn CNN hefur tvisvar útnefnt Reykjavík sem eina af þremur eftirsóknarverðustu jólaborgum heims. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ellefta jólavættur Jólaborgarinnar Reykjavíkur kynnt:

# Jólavættum víða varpað á veggi

**REYKJAVÍK Myndum af jólavættum, byggðum á þjóðsögum Jóns Árnasonar og nafnaþulum um börn Grýlu, er nú varpað á veggi víðs vegar um Reykjavík. Þeim er ætlað að kynna sérstöðu borgarinnar fyrir innlendum og erlendum gestum.**

**Nú bætist við ellefta vætturin, Leiðindaskjóða, og var hún kynnt í Listasafni Reykjavíkur í gær. Samfara uppsetningu myndanna fór af stað ratleikurinn „Leitin að jólavættunum“ sem byggist á að finna vættirnar og svara léttum og skemmtilegum spurningum um þær.** - skó

Sjálfsvígsárás í Jemen:

# Ráðist á varnarmálaráðuneyti

**JEMEN, AP** Sjálfsvígsárás fyrir utan varnarmálaráðuneytið í Jemen kostaði 18 manns lífið í gær, auk sjálfsvígsárásarmannsins sem ók bifreið hlaðinni sprengiefnum upp að ráðuneytinu.

Hinir látnu, að undanskildum árásarmanninum, voru allir hermenn.

Í beinu framhaldi af árásinni réðst hópur vopnaðra manna inn í ráðuneytið, en þeir voru yfirbugaðir og flestir sagðir hafa fallið.

Tugir manna særðust, þar á meðal tveir Þjóðverjar sem voru í heimsókn. - gb

Krókódílar beita brögðum:

# Nota beitu til að ná fuglum

**VÍSINDI** Krókódílar eru vel hannaðir til veiða, en vísindamenn hafa nú sýnt fram á að ákveðnar tegundir nota litlar trjágreinar sem beitu til að auðvelda sér að veiða fugla.

Krókódílarnir, sem rannsakaðir voru í Tennessee-ríki í Bandaríkjunum, möruðu í kafi á grynningum og komu greinum fyrir á höfðinu á þeim tíma árs þegar vaðfuglar unnu að hreiðurgerð. Sagt er frá rannsókninni á vefnum Science Daily.

Þetta er í fyrsta skipti sem sýnt er fram á að skriðdýr noti verkfæri. Þá er þetta í fyrsta skipti þar sem sýnt er að veiðidýr noti beitu vegna hegðunar bráðarinnar. - bj

# Rannsókn á svínum á lóð múslíma lokið

Ákærusvið lögreglu mun á næstunni ákveða hvort gefin verður út ákæra á hendur manni sem játað hefur að hafa komið fyrir svínshausum og blóðugum Kóran á lóð þar sem reisa á mosku. Lögreglumaður segir að mönnum sé frjálst að mótmæla.

**LÖGREGLUMÁL** Óskar Bjarnason, einn fjögurra manna sem komu svínshausum og blóðugu eintaki af Kóraninum fyrir á lóð Félags múslima á Íslandi fyrir helgi, var kallaður til skýrslutöku hjá lögreglu á mánudag.

Málið hefur verið sent ákærusviði lögreglu sem ákveður hvort maðurinn verði kærður, segir Benedikt Lund, lögreglufulltrúi hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Málið var rannsakað sem mögulegt brot á grein hegningarlaga sem fjallar um hatursglæpi.

Mennirnir fjórir komu þremur svínshausum fyrir á lóðinni, máluðu kross með rauðum vökva, sem þeir segja að hafi verið málning, og komu fyrir eintaki af Kóraninum undir sex svínslöppum. „Ég sé engan mun á þessum gjörningi og öðrum mótmælum. Þegar var verið að byggja Seðlabankann voru reknir niður hrosshausar og fleira, níðstangir, til að mótmæla því að Seðlabankinn yrði byggður á þessum stað,“ segir Benedikt. „Þeir eru að mótmæla því að moskan verði byggð á þessum stað, þeim er sama þó hún sé byggð annars staðar í Reykjavík.“



ÓSKAR BJARNASON

Þetta rímar illa við það sem Óskar sagði í viðtali við Vísi 29. nóvember. Þar sagði hann að með byggingu moskunnar í Sogamýri séu múslímar á Íslandi komnir með herstöð. „Þetta er bara hótun gegn heiminum. Síðan þeir fengu moskur í Svíþjóð til dæmis, þá hafa þeir byrjað að hópa sig saman því þetta eru náttúrulega bara herstöðvar,“ sagði Óskar.

Múslímar hafa starfrækt mosku hér á landi um nokkurt skeið í öðru húsnæði. Spurður hvort hann telji að starfsemin muni breytast við það að skipta um húsnæði sagði Óskar: „Já, þegar stór moska kemur þá er þetta bara herstöð. Þar koma skipanir frá og þá fara þeir að ná sér betur saman og sameinast.“

Mótmælin virðast því minna snúast um staðsetningu moskunnar í Sogamýri og meira um að múslímar reisi sér mosku í Reykjavík, samkvæmt því sem Óskar segir í viðtali við Vísi. „Ef þú berð þetta undir þessa menn þá voru þetta bara mótmæli,“ segir Benedikt. „Ég veit ekki annað en að menn hafi verið frjálsir að því að mótmæla á Íslandi.“

Benedikt segir það þó ekki hans að dæma, nú muni ákærusvið lögreglu fjalla um málið og ákveða hvort gefin verði út ákæra. Verði það gert sé það dómstóla að meta hvort þetta hafi verið eðlileg mótmæli eða hatursglæpur.

brjann@frettabladid.is



**SVÍNSHÖFUÐ** Borgarstarfsmenn hreinsuðu svínshöfuð, svínslappir og fleira af lóð Félags múslíma á Íslandi í Sogamýri í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Segir blasa við að lög hafi verið brotin

233. grein almennra hegningarlaga fjallar um svokallaða hatursglæpi. Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir helgi að við blasi að brotið hafi verið gegn þessari grein með því að koma svínshausum, blóðugum Kóran og öðru fyrir á lóð Félags múslima á Íslandi í Sogamýri.






Fyrirtæki taka upp dulkóðun á lykilorðum notenda eftir ábendingu Pírata:

# ShopUSA dulkóðar ekki lykilorð

**FJARSKIPTI** Lykilorð notenda skilavefs Umhverfisstofnunar og ShopUSA eru geymd ódulkóðuð á vefsíðum og því hætta á að tölvuþrjótar geti komist yfir aðgangsorð og lykilorð notenda með því að brjótast inn á vefina.

Þetta kemur fram á Facebooksíðu Pírata, þar sem safnað hefur verið upplýsingum um ótryggar vefsíður frá því brotist var inn á vef Vodafone um síðustu helgi.

Eins og Fréttablaðið fjallaði um nýverið eru fjölmörg dæmi þess að íslenskar vefsíður gæti ekki nægilega vel að öryggi lykilorða notenda. Eigi notendur möguleika á að fá lykilorðin send eða uppgefin á annan hátt gleymi þeir lykilorðinu, er ljóst að þau eru ekki dulkóðuð. Séu lykilorðin dulkóðuð er aðeins hægt að bjóða notendum að skrá nýtt lykilorð.



**ÁBENDING** Shop USA, skilavefur Umhverfisstofnunar og mbl.is dulkóða ekki lykilorð notenda sinna.

Í Fréttablaðinu á miðvikudag var bent á fimm vefsíður sem Píratar og Fréttablaðið höfðu sannreynt að dulkóðuðu ekki lykilorð. Forsvarsmenn fjögurra þeirra hafa þegar tilkynnt að þeir séu að lagfæra þennan öryggisgalla. Það eru síðurnar orkan.is, n1.is, tonlist.is og netverslun.is (netverslunarsíða Nýherja). Engin tilkynning hefur borist frá forsvarsmönnum fimmtu vefsíðunnar, mbl.is. - bj



RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
KRONBORG OF DENMARK
HELLE 1 SETT
2.995
KAUPIÐ 2 OG SPARIÐ 1000
100% BÓMULL
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI
HELLE SÆNGURVERASETT
Efni: 100% bómull. 140 x 200 sm.
1 sett 2.995 2 sett 4.990 Lokað að neðan með tölum. Vnr. 1165680
KRONBORG OF DENMARK
NÝTT
GOLD EINSTÖK GÆÐI
NOMITE
Downafresh
DÖNSK GÆÐAVARA
FULLT VERÐ: 24.950
19.950
Þvottur: 60°C
Burðargeta 11
Fylling: 100% moskusdúnn
SPARIÐ 5000
MOUNT EVEREST DÚNSÆNG
Lúxus dúnsæng fyllt með 550 gr. moskusdún. Vandað áklæði úr 100% bómull. Saumuð í ferninga svo dúnninn haldist jafn yfir alla sængina. Stærð 135 x 200 sm. Heildarþyngd: 1150 gr. Burðargeta yfir 11. Þolir þvott við 60°. Vnr. 4014550
ALLT AÐ 42% AFSLÁTTUR
VERÐ FRÁ: 2.995
CANADA ÚLPA OG ANTHON SNJÓBUXUR
Góð og vönduð úlpa og buxur.
Úlpa stærð: 140 - 170 sm.
7.995 nú 4.995
Snjóbuxur stærð: 120 -170 sm.
4.995 nú 2.995
Snjóbuxur í fullorðinsstærð: S-XXL 6.995 nú 3.995
Vnr. RL-ANTHON, RL-CANADAJR
33% AFSLÁTTUR
VIRKA Á SNERTISKJÁ
FULLT VERÐ: 1.495
995
CALUZA HÚFA, CALEB HÚFA OG CADRIA HANSKAR
Vnr. 5882900, 5882700, 5882800
K-PLAST MEÐ BLÁU LOKI
Góðir plastkassar. Stærðir:
13 ltr. 895 nú 535
29 ltr. 1.695 nú 995
Vnr. 22200402, 22200406
VERÐ FRÁ: 535
40% AFSLÁTTUR
TRÉBOX
595
MANGO TRÉBOX
Glæsilegt trébox fáanleg með 6 mismunandi útskurði á loki.
Vnr. A44300680
33% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 1.495
995
HORNFIOL FLÍSÁBREIÐA
Stærð: 130 x 170 sm.
Vnr. 4505701
ST. 25 X 25 SM.
595
VEGGMYND
Vnr. DC9220090
SPARIÐ 70.000 AF 2+3 SETT
2 + 3 SETT FULLT VERÐ: 199.950
129.950
VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
REMINGTON SÓFAR
Glæsilegir sófar með slitsterku PELLISSIMA leðri.
2ja sæta stærð: B178 x H99 x D96,5 sm. 99.950
3ja sæta stærð: B213 x H99 x D96,5 sm. 119.950
Vnr. 8880000546, 8880000547
FRÁBÆR KAUP
25-50% AFSLÁTTUR
AF VALINNI JÓLAVÖRU
JÓLAKÚLA
Flott jólakúla með LED ljósum sem skiptir litum.
Vnr. ABT576050
FULLT VERÐ: 399
299
25% AFSLÁTTUR
47% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 1.895
995
JÓLAÚTIDYRAMOTTA
Fáanlegar í nokkrum mismunandi gerðum! Vnr. 1005-11-1015
FULLT VERÐ: 1.995
995
BALDER SJÓNVARPSTEPPI
Efni: 100% polyester.
Stærð: 130 X 180 sm.
Vnr. 6030200
50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 37% AFSLÁTTUR
LJÓSASTRÝTA OG STJARNA
Falleg strýta og stjarna með LED ljósum á frábæru verði!
Strýta með 16 LED ljósum hæð: 40 sm. 3.995 nú 2.495
Strýta með 24 LED ljósum hæð: 60 sm. 5.995 nú 3.995
Stjarna með 20 LED ljósum 4.995 nú 3.995
Vnr. AXZ00300, AXZ003020
40% AFSLÁTTUR
VERÐ FRÁ: 475
FESTIVE LÍNA
Flott lína með jólamunstri.
Efni: 100% bómull.
Ofnhanski: 795 nú 475
Glær jólavaxdúkur: 995 nú 595
Kappi 45 sm. 1.295 nú 775
Kappi 55 sm. 1.495 nú 895
Svunta: 1.995 nú 1.195
Vnr. 1005-13-1161, 1005-13-1087 1005-13-1088
Tilboðin gilda til 08.12.2013

## SVONA ERUM VIÐ



**1928 voru friðlýst svæði á Íslandi um**

**50 ferkílómetrar að stærð. 50 árum síðar voru þau 7.405 ferkílómetrar en árið 2011 16.860 ferkílómetrar.**

Um er að ræða þjóðgarða, náttúruvætti, friðlönd og fólkvanga.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Viðræðum ASÍ og SA um gerð aðfarasamnings hefur verið hætt:

# Voru ósammála um lægstu laun

**KJARAMÁL** Kjaraviðræðum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hefur verið hætt. Unnið var að gerð aðfarasamnings við SA, þar sem þess var freistað að ná auknum kaupmætti, tryggja stöðugleika í efnahagsmálum og lága verðbólgu. Nú er komið í ljós að sú leið er ekki fær.

Í tilkynningu frá ASÍ segir að ágætis árangur hafi náðst um umgjörð slíks samnings, en í gær kom í ljós djúpstæður ágreiningur við SA um launalið væntanlegs samnings, einkum varðandi hækkun lægstu launa. Mun svo langt hafa verið á milli aðila að samninganefnd ASÍ telur forsendur brostnar fyrir þeirri leið sem átti að verða. Því tilkynnti samninganefnd ASÍ að viðræðunum yrði hætt. Framhald kjaraviðræðna er á höndum aðildarfélaga ASÍ.

Starfsgreinasambandið er búið að kynna sína kröfugerð og í dag er fundur samninganefndar sambandsins með ASÍ. **- skó**



**VIÐRÆÐUM HÆTT** Djúpstæður ágreiningur um launalið varð til þess að viðræðum ASÍ og SA um aðfarasamning var hætt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Bíræfnir ræningjar:

# Kveiktu í bíl og hótuðu eiganda

**DANMÖRK** Ræningjar kveiktu í bíl tvítugs manns og ráku hann í burtu með hótunum eftir að hafa stöðvað hann á sveitavegi á Jótlandi í fyrrinótt. Maðurinn stöðvaði bíl sinn eftir að bíllinn á eftir honum hafði blikkað hann.

Skipti engum togum að mennirnir sem þar voru drógu upp byssu og hótuðu öllu illu. Eftir að í ljós kom að hann var ekki með peninga á sér helltu ræningjarnir bensíni yfir hann og bílinn og sögðu manninum að hypja sig. **- þj**



**FLAUGAR Á LOFT** Sérstökum eldflaugum er skotið á ský yfir Kína til að búa til rigningu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ætla að búa til rigningu:

# Berjast við mengunarský

**KÍNA** Kínverska veðurstofan hefur frá ársbyrjun 2015 heimilað tækni til að búa til rigningu til að berjast við mengunarský yfir stórborgum.

Kínverjar hafa áratugum saman gert tilraunir með að skjóta á loft sérstökum eldflaugum sem ýta undir regnmyndun. Þannig var til dæmis reynt að auka loftgæðin við opnunarathöfn Ólympíuleikanna í Peking. Óvíst er að tæknin skili miklum árangri, enda skilyrði í mengunarskýjunum ekki þau heppilegustu fyrir regnframleiðslu. **- bj**

Aðgerðaáætlun ríkisins:

# Vefsíða opnuð um skuldamál

**SKULDAMÁL** Kynningarefni um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun húsnæðislána er nú aðgengilegt á vef forsætisráðuneytisins. Slóðin er: Skuldaleidretting.is.

Forsætisráðuneytið vekur sérstaka athygli á liðnum „Spurt og svarað" þar sem finna má svör við hinum ýmsu spurningum sem geta vaknað varðandi aðgerðaáætlunina. Hún var kynnt í Hörpu á laugardag. Síðan þá hafa margir spurt hvert þeir geti snúið sér varðandi sínar leiðréttingar. **- fb**

# Styðja afnám mjólkurkvóta

**Sögulegt tækifæri til að afnema mjólkurkvótann, segir formaður Landssambands kúabænda. Hagfræðingur segir að afnám kvóta myndi auka hagræðingu og verð á mjólkurafurðum til neytenda myndi lækka.**

**LANDBÚNAÐUR** „Það eru engar hömlur á mjólkurframleiðslu í ár og á næsta ári. Við slíkar aðstæður má segja að kvótakerfið sé að fríhjóla," segir Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda, og er að vísa til þess að bændur fá fullt verð fyrir alla þá mjólk sem framleidd er umfram kvóta.

Sala á mjólkurafurðum hefur aukist um fimmtung síðustu mánuði.

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra hefur sagt að engin rök séu fyrir því að viðhalda kvótastýringu sem hamli mjólkurframleiðslu við þær aðstæður sem nú ríki. Ráðherra sagði að þetta væri meðal þess sem hann vildi að yrði rætt í tengslum við endurskoðun búvörusamnings sem rennur út 2016.

Sigurður bendir á að þegar skrifað var undir núgildandi búvörusamning hafi mjólkurbændur látið bóka að fram færi grundvallarendurskoðun á kerfinu og þar á meðal kvótakerfinu.

„Nú er sögulegt tækifæri til að fara ofan í þessar forsendur og gera breytingar ef vilji stendur til þess," segir Sigurður.

Í sama streng tekur Daði Már Kristófersson hagfræðingur.

„Tækifærið er núna að afnema kvótakerfið eða á meðan bændur ná ekki að framleiða nóg til að mæta þörfum markaðarins," segir Daði Már.

„Þetta væri jákvæð breyting og gæti orðið til þess að lækka verð á mjólkurafurðum til neytenda."

Daði Már segir að kvótasetningin veiti bændum tvenns konar réttindi. Annars vegar réttindi til að selja mjólk á innanlandsmarkaði og hins vegar rétt til beingreiðslna. Hann segir að það væri skynsamlegt að aftengja beingreiðslur við kvótann og um leið verði að afnema opinbera verðmyndun á mjólk.



**SIGURÐUR LOFTSSON**



**DAÐI MÁR KRISTÓFERSSON**

Um leið og opinber verðmyndun yrði afnumin yrðu stjórnvöld að ákveða hvort stóru fyrirtækin í mjólkuriðnaði, svo sem MS, ættu áfram að njóta undanþágu frá samkeppnislögum. Rökin fyrir undanþágu frá lögunum eru að hið opinbera ráði verðlagningu á mjólkurvörum. Þá verði menn að ákveða hvort það eigi að beita innflutningstollum til að vernda innlenda framleiðslu eða hvort það eigi að afnema tolla.

Hvorki Sigurður né Daði Már telja að mjólkurbændum myndi fjölga þó að kvótakerfið yrði afnumið.

„Það er vannýtt afkastageta í greininni og líkur á að framleiðsluaukningin yrði á þeim búum sem fyrir eru," segir Sigurður. Daði Már bendir á að kúabændum fækki um helming á um það bil 20 ára fresti og ef kvótakerfið yrði afnumið gæti það hraðað þeirri þróun tímabundið. Niðurstaðan yrði á endanum aukin hagræðing í greininni.

johanna@frettabladid.is



**SÖGULEGT TÆKIFÆRI** Kúabændur anna varla eftirspurn eftir mjólk þessa dagana enda hefur hún aukist um fimmtung á stuttum tíma. Menn telja að vegna þessa sé sögulegt tækifæri til að afnema mjólkurkvóta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Kvótinn er hugtak ekki eign



„Ef einhvern tíma er tækifæri til að afnema mjólkurkvóta þá er það nú. Þetta er þó ekki einföld aðgerð því allt hangir þetta saman, opinberi stuðningurinn, innflutningsverndin og kvótakerfið," segir Birna Þorsteinsdóttir, kúabóndi á Reykjum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hún segir að þótt bændur hafi fjárfest í mjólkurkvóta skipti það ekki máli. Ef fer sem horfir geti þeir framleitt meira án þess að kosta nokkru til í kvótakaupum. Áhrifin jafnist því út. „Kvótinn sem slíkur er ekki áþreifanleg eign inni á fasteignamati. Kvótinn er hugtak," segir Birna.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
10-20 m/s sunnantil.




**Sunnudagur**
Lægir er líður á daginn.

**DREGUR ÚR FROSTI** Í dag dregur lítillega úr frosti en það verður heldur hvassara en í gær þannig að landsmenn upplifa jafnvel meiri kulda vegna vindkælingar. Á morgun dregur meira úr frosti og á sunnudaginn lítur út fyrir að það hláni allra syðst.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Berlín | 2° | Friedrichshafen | 3° | Las Palmas | 23° | New York | 14° | París | 7° |
| Aþena | 15° | Billund | 3° | Gautaborg | 4° | London | 7° | Orlando | 28° | San Francisco | 12° |
| Basel | 11° | Frankfurt | 4° | Kaupmannahöfn | 4° | Mallorca | 14° | Ósló | -2° | Stokkhólmur | 3° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# JÓLAGJÖF SÆLKERANS

**EINFALT AÐ PANTA:** Þú sendir tölvupóst á storkaup@storkaup.is eða hringir í Stórkaup í síma 563-5330 alla virka daga á milli 8:00 og 17:00. Pakkarnir eru afgreiddir frá 10. desember.

SJÁ NÁNAR Á HAGKAUP.IS

## JÓLAPAKKI 1



Nautavöðvi
Hamlet Trufflur
Carr's Table Water
Camembert du Bocage
Brie með Chilli og Engifer

**17.999**

Hangikjöt, Jólapylsa, Sultaður Rauðlaukur, Berjasulta, Iberico Paté, Hamborgarhryggur, Húskarlalax

*Hamborgarhryggurinn er að lágmarki 2,0 kg. og hangikjötið er að lágmarki 1,7-2,0 kg.*

## OSTAKÖRFUR

### #1 — 2.999



Melba toast, Iberico paté, Mexíkó ostur, Hagkaup chili sulta, Rjómaostur með pipar, Camembert du Bocage, Bóndabrie

### #2 — 3.999



Mexíkó ostur, Carr's Table Water, Iberico paté, Ostarúlla reyktur lax, Blár kastali, Camembert du Bocage, Rjómaostur með pipar, Hagkaup chili sulta

### #3 — 4.999



Carr's Table Water, Bóndabrie, Black Bomber, Iberico paté, Camembert du Bocage, Mexíkó ostur, Gráðaostur, Ostarúlla reyktur lax, Brie með chili & engifer, Rjómaostur með pipar, Hagkaup berjasulta, Hagkaup chili sulta

### #4 — 5.999



Carr's Table Water, Iberico paté, Rjómaostur pipar, Gráðaostur, Melba toast, Ostarúlla reyktur lax, Mexíkó ostur, Black Bomber, Camembert du Bocage, Höfðingi, Gullostur, Chilisulta, Berjasulta

### #5 — 6.999



Hamlet trufflur, Carr's Table Water, Jacobs Sweet Chili Thins, Húskarla laxabiti, Gráðaostur, Rjómaostur pipar, Camembert du Bocage, Iberico paté, Black Bomber, Brie með chili & engifer, Höfðingi, Bóndabrie, Chilisulta, Sultaður rauðlaukur

### #6 — 7.999



Carr's Table Water, Ostarúlla reyktur lax, Brie með chili & engifer, Hamlet trufflur, Jacobs Sweet Chili Thins, Melba toast, Húskarla laxabiti, Iberico paté, Bóndabrie, Gullostur, Rjómaostur með pipar, Camembert du Bocage, Gráðaostur, Black Bomber, Sultaður rauðlaukur, Chilisulta

**HAGKAUP** *Ein ferð betra verð* í samvinnu við **STÓRKAUP** BIRGÐAVERSLUN

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað gefur Samhjálp margar máltíðir í ár?
**2.** Á hversu mörgum tónleikum kom Sigur Rós fram á stærstu tónleikaferð sinni?
**3.** Af hvaða fundi kom varaforseti Bandaríkjanna beygður?

**SVÖR:**
**1.** Um 60 þúsund. **2.** 144. **3.** Af fundi með Kínaforseta.

Stærstu bókaverslanirnar tóku ekki þátt í verðsamanburði á jólabókum:

# Mikill munur á verði og úrvali

**NEYTENDUR** Verðlagseftirlit ASÍ gerði verðsamanburð á jólabókum í átta bókabúðum og verslunum víðs vegar um landið.

Stærstu bókaverslanirnar, Eymundsson, Griffill, Mál og menning og Iða, neituðu að taka þátt í könnuninni því þær töldu það ekki þjóna hagsmunum sínum að neytendur væru upplýstir um verð í þeirra verslun.

Oftast var á milli fjórðungs og helmings munur á hæsta og lægsta verði milli verslana. Til dæmis kostar Tímakistan eftir Andra Snæ Magnason 2.972 krónur hjá Bónus en 4.390 krónur hjá A4, sem er 48 prósenta verðmunur.

Einnig var mikill munur á vöruúrvali. Flestir titlarnir eru fáanlegir hjá Forlaginu á Fiskislóð en fæstir hjá Krónunni í Lindum, eða 25 af 75 bókatitlum í Bókatíðindum.

ASÍ beinir þeim skilaboðum til neytenda að hafa hugfast að verð á bókum breytist oft ört í verslunum á þessum árstíma. - ebg



**JÓLABÆKUR** Verð á vinsælum bókum breytist oft ört í verslunum fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Konungur hvetur til friðar:

# Hlé var gert á mótmælunum

**TAÍLAND, AP** Bhumibol Adulyadej, 86 ára konungur Taílands, hvatti landsmenn til að standa saman og sýna stillingu, en gaf engin frekari fyrirmæli um hvernig stilla mætti til friðar í deilum sem blásnar hafa verið upp undanfarið.

Suthep Thaugsuban, leiðtogi mótmælenda gegn ríkisstjórninni, sagði hins vegar að mótmælin muni halda áfram strax í dag, en gert var hlé á þeim meðan afmælishátíð konungsins stóð yfir. - gb




**Lokað**
**föstudaginn 6. desember**
**vegna starfsmannafundar**

Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.

Athygli er vakin á að á **skattur.is** er boðið upp á sjálfsafgreiðslu og á **rsk.is** er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um skattamál.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI






**VIÐ DYRNAR** Starfsmenn lögreglunnar við dyrnar að íbúð mannsins sem var skotinn til bana í Hraunbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lásasmiðurinn hafði áður aðstoðað Sævar

Lásasmiður sem opnaði íbúð í Hraunbæ þar sem sérsveitin skaut mann til bana hafði tveimur dögum fyrr aðstoðað byssumanninn við að komast inn um útidyrnar. Lásasmiðurinn hljóp niður stigann þegar Sævar Jónasson skaut á sérsveitarmann.

**LÖGREGLUMÁL** Lásasmiðurinn sem tók hurðina úr lás á íbúð Sævars Rafns Jónassonar fyrir lögregluna í Hraunbæ aðfaranótt mánudags, hafði tveimur dögum fyrr hjálpað Sævari að komast inn um útidyrnar.



**SÆVAR RAFN JÓNASSON**

Maður sem býr í þessum sama stigagangi segir að Sævar Rafn, sem var síðar skotinn til bana af sérsveitinni, hafi kallað á sama lásasmið aðfaranótt laugardags.

„Föstudagsnóttina vakna ég við eitthvert skrjáf þarna niðri og fer niður. Þá eru þar þrír menn fyrir utan í miðganginum. Einn er á hjánum og er að reyna að opna hurðina með einhverjum tölum,“ segir maðurinn, sem opnaði fyrir þeim dyrnar. Sævar hafði þá týnt útidyralyklunum og hringt á lásasmiðinn. Þeir könnuðust því hvor við annan þegar lögreglan kallaði sama lásasmið á vettvang aðfaranótt mánudags.

> **Einn er á hjánum og er að reyna að opna hurðina með einhverjum tölum.“**

Með lásasmiðnum fyrir framan íbúð Sævars þá nóttina voru óvopnaðir lögreglumenn, auk sérsveitarmannsins en þeir töldu líklegt að hann hefði fyrirfarið sér. Eftir að lásasmiðurinn hafði tekið úr lás bönkuðu lögreglumennirnir á dyrnar og opnuðu. Sævar skaut þá einu skoti á sérsveitarmanninn og hlupu þá tveir lögreglumenn upp á næstu hæð og biðu þar varnarlausir í dálitla stund áður en þeim var hleypt inn í íbúð hjá fjölskyldu sem býr þar. Á sama tíma hljóp lásasmiðurinn niður stigann í fylgd lögreglumanna.

Lásasmiðurinn var kominn aftur til starfa í gær en vildi ekkert tjá sig um atvikið í Hraunbæ þegar Fréttablaðið hafði samband við hann.

freyr@frettabladid.is

Niðurstöður tilrauna með hljóðbylgjur í Kolgrafafirði í gær voru jákvæðar:

# Ekki fullreynt með hvellhettur

**NÁTTÚRA** Tilraunir með áhrif hljóðbylgja á síld voru framkvæmdar í Kolgrafafirði í gær.

Að sögn Sigmars Guðbjörnssonar, framkvæmdastjóra Stjörnu-Odda, sem sá um tilraunina, voru niðurstöður tilraunarinnar jákvæðar. „Við erum ekki að fara að smala síld með hljóðbylgjum, en þær gætu verið möguleiki til að hindra eða takmarka magn sem kæmi inn í Kolgrafafjörð eða aðra firði.“

Þegar hljóðsendi var dýft í sjóinn og hann gangsettur hörfaði síldin frá honum í ákveðinn radíus. Ekki var marktækur munur á hreyfingu síldarinnar eftir því hvort notuð voru háhyrningahljóð eða önnur hljóð. „Þetta er árangurinn, en svo er undir öðrum komið að meta hvort þeir muni nota hljóðbylgjur eða aðrar aðferðir við að takmarka síldarflæði í firði eins og Kolgrafafirði.“

Landhelgisgæslan mun svo á næstunni framkvæma frekari tilraunir til að smala síldinni með „Thunderflash“-hvellhettum, en ekki er búið að ákveða tímasetningu fyrir þær tilraunir. Þó gætu þær átt sér stað í næstu viku. Bjarni Sigurbjörnsson, bóndi á Eiði í Kolgrafafirði, segir tilraunir Landhelgisgæslunnar með hvellhetturnar nýverið greinilega hafa borið árangur og hægt sé að smala síld með slíkum hætti. Birtuskilyrði hafi þó verið óhagstæð síðast. - skó




**SPRENGT Í FIRÐINUM** Landhelgisgæslan mun á næstunni framkvæma frekari tilraunir með hvellhettum í Kolgrafafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




ENNEMM / SÍA / NM55607

**Spotify Premium** í 1 mánuð og **Netið í símanum** í 12 mánuði, allt að 1 GB x 12, fylgja þessum símum.

Spotify

**Samsung Galaxy Note 3** 4G

Stjarnan á toppi jólatrésins.

8.490 kr.
á mánuði í 18 mánuði*

**Samsung úr að verðmæti 59.990 kr. fylgir Samsung Galaxy Note 3.**

Staðgreitt: 139.900 kr.

32GB 13MP 2,3GHz 5.7" 2160p@30fps WiFi

GPS 3G

**Samsung Galaxy S4** 4G

Uppfærður og enn sprækari.

6.690 kr.
á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 109.900 kr.

16GB 13MP 2,3GHz 5.0" 1080p@30fps WiFi

GPS 3G

*Greiðslugjald 340 kr. bætist við mán.gjald.

siminn.is/jol

Síminn




### Fjármálaeftirlitið dæmt til að greiða bætur vegna fjártjóns og miska:

# Ólögmætt að víkja Ingólfi frá

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Fjármálaeftirlitið (FME) til að greiða Ingólfi Guðmundssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga, sjö milljónir króna vegna fjártjóns, eina milljón í miskabætur auk 900 þúsund króna í málskostnað.

Ingólfur var ráðinn framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins í byrjun árs 2010 en í ágúst sama ár ákvarðaði stjórn FME að Ingólfur uppfyllti ekki hæfisskilyrði til að gegna starfinu. FME vísaði þar til fyrri starfsferils Ingólfs hjá Íslenska lífeyrissjóðnum og meðal annars að fjárfestingar sjóðsins hafi farið út fyrir lögbundin mörk þegar Ingólfur starfaði þar.

Niðurstaða dómsins var sú að Fjármálaeftirlitið hefði með ólögmætri ákvörðun sinni valdið Ingólfi fjártjóni og að eftirmál ákvörðunarinnar hafi verið Ingólfi til miska. Ákvörðunin hafi verið haldin formannmarka og að tvær af þremur efnisforsendum hennar hafi ekki átt við rök að styðjast. - ebg



**VANN SKAÐABÓTAMÁL** Ingólfi Guðmundssyni voru dæmdar samtals átta milljónir króna í miskabætur og vegna fjártjóns. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Vilja stjórnvaldssektir á löndunarsvindlara

**Fiskistofustjóri segir viðurlög við framhjálöndun vera væg og hafi ekki fælingarmátt. Sektir eru jafnvel lægri en verðmæti unnins afla sem tekinn hefur verið fram hjá vigt. Ráðherra efins um að öll hlutverk eigi að vera á einni stofnun.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Viðurlög við löndun fiskafla fram hjá hafnarvog eru of væg til þess að hafa nægan fælingarmátt. Þetta segir fiskistofustjóri í samtali við Fréttablaðið og leggur til að stofnunin fái heimild til að leggja á stjórnvaldssektir.

Sem stendur hefur Fiskistofa heimildir til þess að svipta fiskiskip veiðileyfi tímabundið, en auk þess eru mál afgreidd í gegnum dómskerfið.

Fjársektir sem þar eru ákvarðaðar miðast hins vegar við markaðsverð fisks eftir löndun, en ekki við afurðaverð, sem er í öllum tilfellum mun hærra. Þannig er möguleiki á því að útgerðarfyrirtæki sem landar afla fram hjá hafnarvog, og ekki kemst upp um brotið fyrr en eftir að aflinn hefur verið unninn og seldur út úr húsi, gæti hagnast meira en sem nemur sektinni.



**EYÞÓR BJÖRNSSON**

Eyþór Björnsson fiskistofustjóri játar því aðspurður að viðurlög við framhjálöndun séu væg og fælingarmáttur þeirra því takmarkaður.

„Það eru dæmi um að útgerð hafi verið staðin að því að landa framhjá vigt og svipt veiðileyfi vegna umfangs brotsins. Útgerðarfyrirtækið leigði sér þá bara nýtt skip og hélt áfram veiðum þannig að viðurlögin bitu ekki neitt.“

Brot eru kærð til lögreglu og fara sem slík hefðbundna leið í gegnum dómskerfið, en Eyþór segir að mál sem þessi mæti oft afgangi og sektir sem fylgja dómum séu oftar en ekki of lágar til þess að þær bíti.

Eyþór segir að Fiskistofa hafi lagt til að stofnunin fái heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir við brotum. „Þannig væri hægt að beita strax sektum við brotum sem eru upplýst.“

Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp sem kvað á um heimildir til Fiskistofu um að leggja allt að 50 milljóna sektir á einstaklinga og 150 milljónir á fyrirtæki. Frumvarpið stoppaði hins vegar í nefnd og komst ekki til annarrar umræðu.

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra segist telja mikilvægt að slíkar heimildir séu til staðar til að taka á brotum.

„En ég er efins um að stofnunum, án þess að ég sé að tala um Fiskistofu sérstaklega, sem hafa bæði stjórnsýsluhlutverk og sjá um eftirlit og framkvæmd séu færðar mjög miklar heimildir til stjórnvaldssekta.“

Ráðherra segir málið vera til skoðunar í ráðuneytinu. Stefnt sé að því að það komi sem fyrst til kasta þingsins, en óvíst er hvort það verði fyrr en næsta haust.

thorgils@frettabladid.is



**VIÐ KAJANN** Fiskistofustjóri vill að stofnunin fái heimildir til að leggja stjórnvaldssektir á þá sem staðnir eru að því að landa afla fram hjá vigt. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### ➜ Sektin lægri en virði aflans

Fiskistofa úrskurðaði síðasta vor að miðað við landaðan afla og seldar afurðir hafi fyrirtækið Saltver í Reykjanesbæ á tímabilinu 1. janúar 2010 til 1. apríl 2011, landað 93 tonnum af slægðum þorski fram hjá vigt. Aflinn var ólöglegur, og nam refsingin sem Saltveri varð gerð tæpum 33 milljónum króna. Þá var miðað við markaðsverð landaðs afla, en fyrirtækið hafði þá þegar selt aflann sem afurðir á mun hærra verði.

### ➜ Tveir sviptir veiðileyfi í fyrra

Á árinu 2012 kom upp 61 mál hjá Fiskistofu vegna brota gegn reglum um vigtun sjávarafla og þar af voru tvö tilvik þar sem skip voru svipt veiðileyfi eftir að hafa landað afla fram hjá hafnarvog.

### Danska lögreglan leggur áherslu á baráttuna gegn glæpahópum:

# 370 klíkumeðlimir í steininum

**DANMÖRK** Aldrei hafa verið fleiri klíkumeðlimir í dönskum fangelsum. Sá hópur er nú 370 menn sem hafa hlotið dóma fyrir morð, eiturlyfjasölu, líkamsárásir og önnur brot. Politiken segir frá þessu.

Ástæðan að baki þessu er meðal annars ófriðurinn sem ríkti milli glæpahópa í Kaupmannahöfn síðasta vor þar sem tveir létust og fleiri særðust eftir skotárásir á götum úti.

Lögreglan hefur nú 1.780 manns á skrá sem hafa tengsl við glæpahópa, þar á meðal vélhjólaklíkur. Það er fjölgun frá síðasta ári en þýðir ekki endilega að meðlimum hafi fjölgað, heldur hefur eftirlit lögreglu aukist.

Sérstakt markmið lögreglu er að ekki séu færri en 300 klíkumeðlimir í fangelsi á hverjum tímapunkti. Lögregla segir að markmiðið sé fyrst og fremst sett til að viðhalda áherslunni á málaflokkinn.

Landssamband verjenda segir hins vegar að þessi fjöldamarkmið séu fjarstæða. Allt eins mætti setja markmið um að fangelsa ákveðinn fjölda stjórnmálamanna eða lækna. Markmiðið ætti frekar að vera að koma í veg fyrir að glæpir væru framdir. - þj




**VÍTISENGLAR** Aldrei hafa fleiri klíkumeðlimir verið í fangelsum Danmerkur.

markhönnun ehf

Gildir **5. - 8.** des. 2013




GUÐNI
LÉTTUR Í LUND
3.963 KR




LYGI
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
3.894 KR

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ




FISKARNIR HAFA ENGA FÆTUR
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
4.219 KR




GLEÐILEGT HÁR
3.393 KR




HLUSTAÐ
JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON
3.946 KR




TRÖLLASTÁKURINN
SIRRÝ
2.713 KR




NIGELLA
Á ÍTÖLSKU M NÓTUM
4.340 KR




STRÁKAR
BJARNI FRITZS./KRISTÍN TÓMASD.
3.843 KR




ELDUR
STRANDBERG / ELFGREN
3.703 KR




MAÐUR SEM HÉT OVE
FREDRIK BACKMAN
4.193 KR

**nettó** bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

Handverk á jólamarkaði:

# Dorrit hælir Ljósberum

**FÓLK** Dorrit Moussaieff, forseta-frú, lagði nýverið leið sína á opinn handverksmarkað Ljóssins.

Hún hældi vörum sem unnar eru af þjónustuþegum Ljóssins sem oftast eru nefndir Ljósberar. Handverksmarkaðurinn sem kallast „Litla jóla-Ljósið“ verður opinn fram að jólum og rennur allur ágóði af sölunni til starfsemi Ljóssins.

Á morgun verður kökubasar og hægt að setjast niður með kaffi og nýbakaðar smákökur. **- ebg**

Skemmtistaðnum Broadway verður breytt í lækna- og heilsumiðstöð sem á að opna árið 2015:

# Tveggja milljarða heilsukjarni í Ármúla

**HEILBRIGÐISMÁL** Framkvæmdir við eina stærstu lækna- og heilsumiðstöð landsins eiga að hefjast á fyrri hluta næsta árs í húsnæði skemmtistaðarins Broadway. Húsnæðið verður endurskipulagt frá grunni og opna á miðstöðina árið 2015.

Þetta kom fram á blaðamannafundi sem eigendur Eva consortium ehf. héldu í gær. Félagið keypti nýverið fasteignina Ármúla 9, þar sem Broadway og hótelið Park Inn eru til húsa, af Arion banka. Park Inn er að stórum hluta rekið sem sjúkrahótel en þar verður lögð aukin áhersla á rekstur heilsuhótels.

Áætlað er að heildarkostnaður verkefnisins verði vel á þriðja milljarð króna.

Eva consortium er í eigu Ásdísar Höllu Bragadóttur, stjórnarformanns félagsins, Ástu Þórarinsdóttur framkvæmdastjóra og fjárfestingafélagsins Kjölfestu. Meðal eigenda Kjölfestu eru fjórtán lífeyrissjóðir. Eva consortium var stofnað haustið 2007 og hefur í gegnum dótturfyrirtækið Sinnum rekið heimaþjónustu og dvalarheimili í Garðabæ.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir að ríkið muni ekki hafa beina aðkomu að verkefninu í Ármúla.

„Þetta er fyrst og fremst sjálfsprottið framtak og afskaplega ánægjulegt að því leytinu til,“ segir Kristján. **- hg**



**Á FUNDINUM** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra og Ásdís Halla Bragadóttir opnuðu vefsíðuna eva.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.





EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


# Fjölmörg erlend bein í íslenskum kumlum

Líkamsleifar í að minnsta kosti tveimur af hverjum fimm íslenskum kumlum sem rannsökuð voru reyndust af fólki sem fæddist ekki á Íslandi. Niðurstöður rannsóknar benda til þess að landnám hafi tekið langan tíma, segir fornleifafræðingur.

**FRÉTTASKÝRING**

*Hvað sýna nýjar rannsóknir á beinum sem fundist hafa í kumlum frá landnámstímanum?*

Nýjar rannsóknir á beinum sem fundist hafa í kumlum á Íslandi frá landnámstímanum benda til þess að landnámið hafi ekki átt sér stað á stuttu tímabili, heldur hafi fólk fætt utan Íslands komið hingað áfram fram á fyrri hluta 11. aldar að minnsta kosti.

Þetta er meðal þess sem lesa má úr niðurstöðum rannsókna sem Hildur Gestsdóttir fornleifafræðingur og fleiri hafa gert á beinum sem fundist hafa í íslenskum kumlum. Hildur mun fjalla um rannsóknirnar á málþingi Félags fornleifafræðinga sem haldið verður í Þjóðminjasafni Íslands eftir hádegi í dag.

Með rannsóknum á strontíum-ísótópum í beinum manna úr 83 kumlum frá öllum landshlutum má lesa hver uppruni þessara fornu Íslendinga er. Mælanlegur munur er á beinunum eftir því hvar sá sem grafinn var í hverju kumli ólst upp. Niðurstöður rannsóknanna sýna að 39 prósent að minnsta kosti voru ekki fædd hér á landi, segir Hildur.

„Það er mjög áhugavert að sjá að 39 prósent að minnsta kosti séu ekki fædd hér, á þeim fjórum eða fimm kynslóðum sem fæddust hér á því tímabili sem verið var að grafa fólk í kumlum,“ segir Hildur. „Ef landnámið hefði verið stutt tímabil hefðum við átt að sjá færri innflytjendur.“

Hildur segir þó aðrar skýringar geta verið á háu hlutfalli innflytjenda í íslensku kumlunum. Mögulega hafi verið líklegra að manneskja sem ekki var fædd á Íslandi hafi verið grafin í kumli. Ekki sé ljóst hvort útvalinn hópur hafi fengið þessa greftrun.

Þessar niðurstöður vekja ótal spurningar og möguleika á frekari rannsóknum, segir Hildur. Til dæmis megi ganga mun lengra í að rannsaka beinin. Í einhverjum tilvikum megi mögulega greina uppruna þeirra eftir löndum, og mögulega eftir héruðum í upprunalandinu.

Hún segir einnig megi bera saman kumlin eftir uppruna þeirra sem þar hafi verið grafnir, og kanna hvort eitthvað sé ólíkt eftir uppruna þeirra.

**brjann@frettabladid.is**



**FORN BEIN** Hildur Gestsdóttir fornleifafræðingur hefur ásamt fleirum greint bein úr 83 kumlum frá landnámsöld. FRÉTTABLAÐIÐ/TÓMAS

## Fleiri en 320 kuml fundist



**KUML** Íslendingar grófu fólk í kumlum svipuðum Daðastaðakumlinu, sem hér sést, frá landnámi fram á fyrri hluta 11. aldar. MYND/FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Kuml eru grafir fólks sem jarðað var að heiðnum sið. Í gröfina var sett haugfé, til dæmis áhöld, skart, vopn, hestar og hundar. Alls hafa fundist fleiri en 320 kuml á 160 stöðum á landinu samkvæmt bókinni Hlutavelta tímans, sem kom út árið 2004.

Ekki eru til skriflegar heimildir um greftrunarsiði frá heiðnum sið, og því geta fornleifafræðingar eingöngu stuðst við það sem þeir komast að með rannsóknum á kumlunum sjálfum.











Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

- Glæsileg íbúð á annarri hæð
- Stæði í bílageymslu
- Mikið sjávar útsýni, Snæfellsjökull
- Opið eldhús og fallegar stofur
- Útgengi út á tvennar svalir úr stofu



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **45,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -






**ER N1 SPENNANDI FJÁRFESTINGARKOSTUR?**

víb

**Starfsfólk VÍB svarar spurningum um skráningu N1 í Kauphöll Íslands**

Opinn hluti almenns útboðs í N1 stendur frá 6. desember kl. 10.00 til 9. desember kl. 16.00.

Hringdu í síma 440 4900, sendu tölvupóst á vib@vib.is eða komdu í heimsókn á Kirkjusand.
**Dagana 6., 7. og 8. desember er hægt að hafa samband símleiðis milli kl. 9.00 og 20.00.**

Þann 5. desember boðaði VÍB til fundar um N1, fyrirkomulag útboðsins og skráningu almennings fyrir hlutum í útboðinu.

**Á www.vib.is getur þú séð upptöku af fundinum.**

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is
facebook.com/VIB.stofan | @vibstofan | www.vib.is

ENNEMM / SÍA / NM60409

www.n1.is facebook.com/enneinn

# Almennt hlutafjárútboð

Hefst í dag kl. 10:00
Lýkur mánudaginn 9. desember 2013 kl. 16:00

Íslandsbanki hf. hefur umsjón með almennu útboði á 25-28% hlut í N1 hf.

Fjárfestum eru boðnar tvær áskriftarleiðir, tilboðsbók A og tilboðsbók B.

**A** 10% hluta í N1 eru boðnir í tilboðsbók A, þar sem tekið er við áskriftum að andvirði frá 100.000 krónur til 10.000.000 krónur. Í tilboðsbók A er tekið við áskriftum á verðbilinu 13,5-15,3 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók A verður úthlutað á sama verði sem verður á framangreindu verðbili.

**B** 15% hluta í N1 eru boðnir í tilboðsbók B. Þar er tekið við áskriftum að andvirði yfir 10.000.000 krónur, en hver áskrift getur að hámarki jafngilt 15% hlut í útgefanda. Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 15,3 krónur á hlut og er ekkert hámarksverð tilgreint af hálfu seljenda. Fjárfestar skulu tilgreina hámarksverð áskriftar sinnar, en öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á sama verði sem verður hærra eða jafnt framangreindu lágmarksverði.

Auk ofangreindrar skiptingar áskilur Íslandsbanki sér rétt til að fjölga boðnum hlutum um 3 prósentustig og ráðstafa milli ofangreindra tilboðsbóka á grundvelli eftirspurnar í útboðinu.

**Úthlutun og skerðing áskrifta**
Komi til þess að eftirspurn í útboðinu reynist meiri en sem nemur stærð útboðsins verða áskriftir í tilboðsbók A skertar um allt að 50% (en þó ekki undir 500.000 krónur) og þurfi að koma til frekari niðurskurðar verða hæstu áskriftir lækkaðar frekar. Hámarksúthlutun getur því orðið lægri en 500.000 krónur. Meginreglan við úthlutun í tilboðsbók B verður að meta áskriftir á grundvelli verðs.

**Skráning áskrifta og nánari upplýsingar**
Áskriftir skal skrá rafrænt á heimasíðu Íslandsbanka, www.islandsbanki.is. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og áskrift í útboðinu er bindandi.

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um N1 og skilmála útboðsins sem er að finna í lýsingu N1 hf., dagsettri 26. nóvember 2013. Lýsingin er birt á vefsíðu félagsins, www.n1.is/fjarfestatengsl, og þar má nálgast hana rafrænt næstu 12 mánuði.

Íslandsbanki



Nálgast má upplýsingar um útboðið og aðstoð hjá VÍB – Eignastýringu Íslandsbanka
í síma 440 4900 og með tölvupósti á vib@vib.is milli klukkan 9:00 og 20:00
á meðan áskriftartímabilið stendur yfir.

N1

Aukning í gistingu milli ára:
## Gistinóttum fjölgar um 13%

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinóttum á hótelum fjölgaði um 12,8 prósent fyrstu tíu mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra, að því er segir á vef Hagstofu Íslands.

Í október voru gistinæturnar 158.500 samanborið við 140.500 í sama mánuði árið 2012, sem er fjölgun um 12 prósent. Gistinætur erlendra gesta voru 77 prósent af heildarfjöldanum og jukust um ellefu prósent. Á sama tíma fjölgaði gistinóttum Íslendinga um 17 prósent. - hg



**Í NORÐURSJÓ** Norðmenn hafa malað gull á olíu- og gasauðlindum sínum. Þeir munu verja þúsundum milljarða króna til viðhalds og þróunar í geiranum í ár.

Hagtölur frá Noregi:
## 4.000 milljarðar í olíubransann

**NOREGUR** Heildarfjárfesting í olíu- og gasiðnaðinum í Noregi mun nema um 212 milljörðum norskra króna í ár, sem samsvarar rúmum 4.000 milljörðum íslenskra króna, að því er hagstofan þar í landi áætlar. Frá þessu segir á vef Dagens Næringsliv.

Um helmingur fjárins fer í fjárfestingar á virkum vinnslusvæðum, 64 milljarðar til uppbyggingar nýrra vinnslusvæða og um 35 milljarðar fara í leit og rannsóknir á nýjum svæðum.

Hagstofan spáir því að á næsta ári verði fjárfestingin í geiranum 223 milljarðar norskra króna. - þj

**LÖGREGLUMÁL**
## Minnt á opnunarreglur

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur á vef sínum birt reglur um opnunartíma skemmtistaða yfir jól og áramót. Allt skemmtanahald er bannað frá klukkan 18 á aðfangadag til sex að morgni annars í jólum. Á gamlárskvöld og nýársdag gilda sömu reglur og almennt um helgar. Þó má ekki vera opið lengur en til þrjú aðfaranótt 2. janúar.

# Vísindamönnum nóg boðið

Stjórnvöld voru gagnrýnd harkalega á Rannsóknaþingi í gær fyrir niðurskurð til tækni- og vísindasjóða. Aðeins einu sinni hafa framlög til sjóðanna verið hærri, segir menntamálaráðherra og minnir á stöðu ríkissjóðs.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is





Gremja vísindasamfélagsins í garð niðurskurðar stjórnvalda til tækni- og vísindasjóða braust fram í gær þegar ný stefna Vísinda- og tækniráðs var kynnt á Rannsóknaþingi Rannís í gær. Á sama tíma og fundarmenn lofuðu stefnumörkun til ársins 2016 var sagt að hún væri í raun orðin tóm, af þeim sökum að útilokað sé að framfylgja henni vegna fjársveltis.

**Fyrsta orðið**

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, átti fyrsta orðið á vísindaþinginu og ljóst var að hann var meðvitaður um það sem koma skyldi. Sagði hann í erindi sínu að framlög til rannsókna- og tæknisjóða væru í sögulegu hámarki ef frá er talið árið 2013. Þá hafi þau hækkað vegna fjárfestingaráætlunar fyrri ríkisstjórnar en Alþingi hafi metið stöðuna svo að ríkisreksturinn yrði í jafnvægi eftir hallarekstur síðustu ára. Þetta hafi brugðist og þvert á móti þurfi enn að glíma við að loka fjárlagagati. „Það gerir sér það enginn að leik, eða af misskilningi, að draga úr fjárveitingum til svo mikilvægra málaflokka," sagði Illugi.

**Stefna stjórnvalda**

Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar, og Sveinn Margeirsson, formaður tækninefndar, kynntu stefnu Vísinda- og tækniráðs til næstu fjögurra ára. Hún er niðurstaða mikillar vinnu og var lofuð af öllum sem til máls tóku á þinginu.

Guðrún sagði um stefnu stjórnvalda að ræða, enda samþykkt af ráðherrum sex ráðuneyta. „Ég segi þetta til að ítreka að stefnan er samþykkt af ríkisstjórninni og því verðum við að fylgja henni fast eftir gagnvart stjórnvöldum. Stefnan verður að ná að hljóma inn í Alþingi og hafa áhrif á gerð fjárlaga, en þar birtist auðvitað stefna stjórnvalda með skýrustum hætti," sagði Guðrún, en í pallborðsumræðum á eftir kynningu þeirra Guðrúnar og Sveins braust óánægja fundarmanna út.

Þegar spurt var um hvort hægt væri að ná markmiðum sem birtast í stefnu Vísinda- og tækniráðs í ljósi þess að búið er að skera niður um 20%, um fjóra milljarða, frá 2008 til 2012, voru viðbrögðin skýr.

Þórarinn Guðjónsson, formaður Vísindafélags Íslendinga, rammaði kannski inn það sem margir voru að hugsa. „Ég held að það sé kraumandi óánægja hjá mörgum. Spurt var hvort hægt væri að framfylgja stefnunni. Það er útilokað eins og mál standa, en ég vil lýsa yfir ánægju með vinnu vísinda- og tækniráðs [...]."

**Útbreiddar áhyggjur**

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, sagði að þrátt fyrir að stefnan hafi verið mörkuð þá sé það erfiðasta eftir, og nefndi verkefnaáætlun sem er næsta skref. „Ef við ætlum að geta framfylgt þessari stefnu þá er brýnt að skilgreina farareyri til ferðarinnar og hvernig hann verður fenginn. Það er gott að heyra orð ráðherra um að um sé að ræða bestu fjárfestinguna fyrir samfélagið sem svo skilar okkur grundvelli þekkingarhagkerfis," sagði Kristín.

Magnús Gottfreðsson, læknir og prófessor við Háskóla Íslands, benti á að stefnan lægi fyrir og óþarfi að ræða hana sérstaklega enda ekki um hana nokkur ágreiningur. „Vandamálið er ekki þar. Ég held að það liggi í augum uppi að ef við erum ekki með nægjanlegan opinberan stuðning við grasrótarstarf, menntun og vísindalegt uppeldi frá grunnskóla og upp úr þá verður árangurinn eftir því. Þetta er staðreynd sem við verðum að horfast í augu við. Það er ágætt að koma saman og sameinast um framfaramál en þetta verður að skila sér í reynd. [...] Ég held að við verðum að læra af þeim sem hafa gengið í gegnum svipaðar krísur. Finnar hafa komið hér og gefið góð ráð, og það liggur fyrir hvað þeir gerðu og hver árangurinn var. Við verðum að taka okkur taki og fylgja því sem kallað er í læknisfræðinni gagnreyndar upplýsingar. Við vitum hvað virkar og þurfum ekki að finna upp séríslenska leið sem gengur þvert á almenna skynsemi."

### → Sótt að menntamálaráðherra

- Mjög var sótt að menntamálaráðherra sem í lokin kvaddi sér hljóðs til að bera blak af stjórnvöldum og útskýra hvernig í málum liggur frá hans sjónarhóli. Þá hafði verið kallað í átt til hans að ríkisstjórnin væri haldin athyglisbresti og annar vildi meina að trúnaðarbrestur væri staðreynd á milli stjórnvalda og vísindasamfélagsins. Sá þriðji taldi að stefnumótun stjórnvalda væri ekkert annað en orðaleikfimi. Annar vildi meina að í texta fjárlagafrumvarpsins væri verið að gera grín að vísindamönnum.
- Illugi sagði aftur að hallinn væri 25 milljarðar og það væri staðan sem ríkisstjórnin fékk í arf. „Framlögin verða hærri en 2012, 2011 og 2010. Hér er sagt að verið sé að gera grín að vísindamönnum með því. Þá mótmæli ég því og það liggur í hlutarins eðli að svo er ekki. Það er svo sjálfstæð ákvörðun, sem bíður næstu fjárlagagerðar, að taka ákvörðun um það hvaða fjárveitingar fara til þessa málaflokks. Ákvörðunin sem hér er vísað til snýr bara að fjárfestingaráætluninni. Ég segi ykkur þetta. Það er sjálfsagt og eðlilegt að standa upp og mótmæla, en ég á von á málefnalegri umræðu og vænti þess að menn líti líka til þeirrar stöðu sem uppi er í ríkisfjármálum okkar Íslendinga," sagði Illugi.
- Á miðjum fundi risu úr sætum á milli 40 og 50 ungir vísindamenn og doktorsnemar úr Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og frá Reykjavíkurakademíunni og hófu á loft blöð þar sem stór spurningamerki voru prentuð stóru letri. Þau voru til marks um þá grundvallarspurningu þessa hóps hvað framtíðin muni bera í skauti sér fyrir þá sem eru að ljúka námi eða hafa lokið námi nýlega.


# EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ EIGNAST AUDI EÐALVAGN



**Audi A4** 2.0 TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 35.500 km, sjálfsk.
Ásett verð
**5.290.000,-**



**Audi A4** Avant 2.0 TDI
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 45.500 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.790.000,-**



**Audi A4** 2.0 TDI
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 57.000 km, beinsk.
Ásett verð
**4.190.000,-**




**Audi A4** Avant 2.0 TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 24.500 km, sjálfsk.
Ásett verð
**6.250.000,-**

Við fjármögnum bílinn fyrir þig
LYKILL
lykill.is

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Laugavegi 174
Sími 590 5040
Opið virka daga kl. 10-18,
laugardaga kl. 12-16



# KULDADAGAR
## Í ELLINGSEN

**OPNUNARTÍMAR Í DESEMBER**

| | |
|---|---|
| LAUGARDAGUR 7. DES. | 10–16 |
| SUNNUDAGUR 8. DES. | 12–16 |
| MÁN.–FÖS. 9.–13. DES. | 10–18 |
| LAUGARDAGUR 14. DES | 10–18 |
| SUNNUDAGUR 15. DES. | 12–18 |
| MÁNUDAGUR 16. DES. | 10–18 |
| ÞRIÐJUDAGUR 17. DES. | 10–18 |
| MIÐVIKUDAGUR 18. DES. | 10–22 |
| FIMMTUDAGUR 19. DES. | 10–22 |
| FÖSTUDAGUR 20. DES. | 10–22 |
| LAUGARDAGUR 21. DES. | 10–22 |
| SUNNUDAGUR 22. DES. | 12–22 |
| ÞORLÁKSMESSA 23. DES. | 10–23 |
| AÐFANGADAGUR 24. DES. | 10–12 |
| JÓLADAGUR 25. DES. | LOKAÐ |
| ANNAR Í JÓLUM 26. DES. | LOKAÐ |
| FÖSTUDAGUR 27. DES. | 10–18 |
| LAUGARDAGUR 28. DES. | 10–18 |
| MÁNUDAGUR 30. DES. | 10–18 |
| GAMLÁRSDAGUR 31. DES. | LOKAÐ |
| NÝÁRSDAGUR 1. JAN. | LOKAÐ |
| FIMMTUDAGUR 2. JAN. | 10–18 |

**20% AFSLÁTTUR** af öllum **ÚTIVISTAR-VÖRUM***

*NEMA DEVOLD



**SKOGSTAD** SNAPP DÚNÚLPA
Bleik og ljósbrún.
Stærðir: 80–116.
**13.592 KR.**
Verð áður 16.990 kr.



**COLUMBIA** ALPINE ÚLPA
Svört og græn.
Stærðir: 104–152.
**11.992 KR.**
Verð áður 14.990 kr.



**SKOGSTAD** ICE HLÍFÐARBUXUR
Svartar og bleikar.
Stærðir: 80–116.
**9.592 KR.**
Verð áður 11.990 kr.



**COLUMBIA** BUGA SETT
Stærðir: 86–98.
**15.992 KR.**
Verð áður 19.990 kr.



**SKOGSTAD** CRYSTAL ÚLPA
Stærðir: 80–116.
**13.592 KR.**
Verð áður 16.990 kr.



**SKOGSTAD** GLACIER DÚNÚLPA
Græn, dökkblá og ljósblá.
Stærðir: 80–116.
**13.592 KR.**
Verð áður 16.990 kr.



**COLUMBIA** SNUG KULDAGALLI
Stærðir: 6–24 mán.
**11.192 KR.**
Verð áður 13.990 kr.



**COLUMBIA** SPACE ÚLPA
Svört og dökkblá.
Stærðir: 104–152.
**15.992 KR.**
Verð áður 19.990 kr.



**SKOGSTAD** FRODE ÚLPA
Stærðir: 80–116.
**11.192 KR.**
Verð áður 13.990 kr.



**DIDRIKSONS** BIGGLES LÚFFUR
Grænar, fjólubláar, bláar, svartar, rauðar og dökkbláar.
**2.392 KR.**
Verð áður 2.990 kr.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 •
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **ellingsen.is**

Munið gjafabréfin!




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 133463




KLÚBB verð
**2.490 kr.**
Almennt verð 5.990 kr.

Vnr. 88167384
Ljósahringur, 120 ljósa, rauð lýsing, 40 cm.

## BYKO KLÚBBURINN

FÉLAGAR Í BYKO KLÚBBNUM NJÓTA SÉRTILBOÐA.
ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ VERA MEÐ.
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.BYKO.IS.



KLÚBB verð
**319 kr./lm.**
Almennt verð 399 kr./lm.

Vnr. 88948640-45
Slönguljós, glær, rauð eða mislit, 11 mm.

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**



KLÚBB verð
**4.790 kr.**
Almennt verð 5.990 kr.
20 LJÓSA

88949201-7
Útisería, 20 ljós, glær, rauð eða marglit.

KLÚBB verð
**8.790 kr.**
Almennt verð 10.990 kr.
40 LJÓSA

88949211-7
Útisería, 40 ljós, glær, rauð eða marglit.

KLÚBB verð
**16.790 kr.**
Almennt verð 20.990 kr.
80 LJÓSA

88949231-7
Útisería, 80 ljós, glær, rauð eða marglit.



Vnr. 88949550-619
Inniseríur, 10/20/35/50 eða 100 ljósa, glærar, rauðar eða mislitar.

KLÚBB verð
Verð frá: **230 kr.**
Almennt verð frá 299 kr.



Vnr. 88900722-67
Útisería, 40/80 eða 120 ljósa, mislit, glær eða rauð.

KLÚBB verð frá
**1.390 kr.**
Almennt verð frá 1.499 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

## TILBOÐ GILDA 6.-8. DESEMBER



Vnr. 88167384
Ljósatré, 1,5 m,
200 LED-ljós, hvítt.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
5.990 kr.
Almennt verð 11.190 kr.



Vnr. 88165911
Ljósapíramídi
með 50 ljósum,
90 cm, svartur.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
3.670 kr.
Almennt verð 4.590 kr.

# Jólavörur á lægra verði

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Vnr. 88900954-65
Gluggaskraut með
glærum eða mislitum
perum, 50 ljós.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
990 kr.
Almennt verð 1.390 kr.



**KOMDU OG SKOÐAÐU**
**JÓLALAND LEMAX Í BYKO BREIDD.**
Nýjar vörur á hverju ári - Bættu í safnið.
Fæst aðeins í BYKO Breidd og Akureyri.

BYKO KLÚBBURINN
LEMAX
Á KLÚBBTILBOÐ

# JÓLALEIKUR BYKO

Gleðileg jól

**Dregið um vinning daglega til jóla.**
**Alls 23 glæsilegir vinningar.**
**Heildarverðmæti 800.000 krónur.**



**VERTU VINUR OKKAR Á FACEBOOK**
EINFALT AÐ VERA MEÐ
Freistaðu gæfunnar og skráðu þig til leiks á Facebook síðu BYKO
**WWW.FACEBOOK.COM/BYKO.IS**

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa






Könnun á fjármálalæsi sýnir þriðjung í vanda:

# Geta ekki reiknað vexti

**VIÐSKIPTI** Um þriðjungur Íslendinga ræður ekki við einfaldan vaxtaútreikning samkvæmt könnun um fjármálalæsi sem Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) létu MMR framkvæma.

Svarendur könnunarinnar virtust hins vegar hafa ágæta tilfinningu fyrir raunvöxtum og verðbólgu.

Í tilkynningu SFF segir að könnunin hafi byggt á spurningakönnun sem gerð hefur verið í fjölda vestrænna ríkja og því séu niðurstöðurnar samanburðarhæfar. **- hg**



**VASAREIKNIR** Þótt margir geti ekki reiknað út vexti virðist fólk hafa ágæta tilfinningu fyrir raunvöxtum og verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SÆRÐIR BÍÐA HJÁLPAR.** Margir þurftu að bíða klukkustundum saman eftir læknishjálp á sjúkrahúsinu í Bangui í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hálf milljón manns flúin heimili sín

Öryggisráð SÞ hefur heimilað hernaðaríhlutun Frakka í Mið-Afríkulýðveldinu, þar sem óöld hefur ríkt mánuðum saman. Tugir létust í átökum í gær.

**MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDIÐ, AP** Um tíu prósent íbúa Mið-Afríkulýðveldisins, hátt í hálf milljón manna, hafa flúið að heiman vegna harðra átaka, sem þar hafa geisað síðustu mánuðina.

Átökin bárust til höfuðborgarinnar Bangui í gær, og kostuðu þar tugi ef ekki hundruð manna lífið. Algjört öngþveiti virðist ríkja í borginni og fóru hópar manna meðal annars ránshendi um heimili bæði forseta og forsætisráðherra landsins.

Frakkar tóku fyrir nokkru ákvörðun um að senda herlið til landsins til að aðstoða friðargæslusveitir Afríkuríkja, en þær sveitir hafa lítt ráðið við vandann.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna veitti í gær Frökkum heimild til þessara aðgerða. Frakkar hafa verið með 400 hermenn í landinu, til aðstoðar 2.500 manna herliði Afríkuríkja, en Frakkar ætla að senda 1.200 manns til viðbótar og fjölga á í liði Afríkumanna um 1.100.

Ólgan í landinu hófst fyrir alvöru eftir að Francois Bozizé forseta var steypt af stóli í mars. Michel Djotodia, leiðtogi uppreisnarmanna, tók sér síðan forsetavald, en bandalag uppreisnarsveita hafði þá náð stórum hluta landsins á sitt vald. Stuðningsmenn Bozizé sættu sig hins vegar engan veginn við aðfarirnar, og hafa átökin harðnað með hverjum mánuðinum sem líður.

**1.200**

Frakkar ætla að senda tólf hundruð hermenn til að aðstoða friðargæslusveitir Afríkuríkja.

Mikil grimmd hefur viðgengist, og fara þar uppreisnarmenn fremstir í flokki: Ofbeldi, limlestingar og nauðganir eru tíðar auk þess sem þúsundir barna hafa verið þvinguð til þess að taka þátt í bardögunum. Sumir liðsmenn uppreisnarsamtakanna virðast ekki hika við að ræna birgðum frá hjálparstofnunum og stela jafnvel frá munaðarleysingjahælum, ef marka má frásagnir.

Ástandið í höfuðborginni var ófagurt í gær: Á trébekkjum eða gólfi sjúkrahúss í borginni lágu tugir manna með misalvarleg skotsár og þurftu margir að bíða klukkustundum saman eftir læknishjálp.

Uppreisnarleiðtoginn Djotodia hefur reyndar engan veginn verið sáttur við framferði sinna manna og reynir að fría sig ábyrgð á ofbeldinu. **gudsteinn@frettabladid.is**

# NÚ ER TÆKIFÆRI

## SÝNINGAR- OG REYNSLUAKSTURSBÍLAR Á TILBOÐI TIL ÁRAMÓTA

NISSAN SUBARU ISUZU D-MAX BMW LAND ROVER RENAULT











### EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF NÝJUM BÍLUM

Bjóðum til sölu valda sýningar- og reynsluakstursbíla á sérstökum vildarkjörum til áramóta. Stórglæsilegir bílar á frábæru tilboði meðan birgðir endast.

**Láttu okkur gera þér tilboð í gamla bílinn þinn.**

**HAFÐU BEINT SAMBAND VIÐ SÖLUMENN Í GEGNUM WWW.BL.IS**



ENNEMM / SÍA / NM60321








B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **GE bílar** | **Bílasalan Bílás** | **Bílasala Akureyrar** | **Bílaverkstæði Austurlands** | **IB ehf.** |
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |

Tilboð hótela í Noregi til barnafjölskyldna um dekurdaga:

# Þriggja ára börn í spa-meðferð



**DEKUR** Börnum er boðið upp á dekur eins og fullorðnum á norskum hótelum.

Á nokkrum norskum hótelum geta nú ung börn, allt niður í þriggja ára, fengið ilmolíumeðferð, andlitsbað og andlitsnudd og fóta- og handnudd og lakkaðar neglur. Boðið er upp á sérstaka pakka fyrir stráka.

Á vefsíðu norsks rits fyrir foreldra er haft eftir Fredrik Nylenden á Quality Spa & Resort Norefjell að spa-dagar fyrir börn séu vinsælir. Honum finnist að börn þurfi ekki spa-meðferð séu samskipti þeirra við foreldra náin. Hann tekur fram að reynt sé að leiðbeina foreldrunum og leggur áherslu á að hvorki sé um að ræða detoxmeðferðir né sýrumeðferðir. **- ibs**

Upplýsingar Umhverfisstofnunar um bleiunotkun ungra barna:

# Börn nota að meðaltali 5 þúsund bleiur fyrstu árin



**BLEIUBARN** Umhverfisstofnun mælir með því að notaðar séu bleiur sem hvorki innihalda ilmefni né krem. NORDICPHOTOS/GETTY

Áætlað hefur verið að hvert barn noti að meðaltali um 5.000 bleyjur á fyrstu árum ævinnar, að því er segir á vef Umhverfisstofnunar. Bent er á að við framleiðslu umhverfisvottaðra bleyja, til dæmis þeirra sem merktar eru Svaninum eða Evrópublóminu, hafi verið leitast við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og lágmarka varasöm innihaldsefni.

Svansmerktar blautþurrkur innihalda hvorki rotvarnar- né ilmefni.

Mælt er með umhverfisvottuðum bleyjum, hvort sem notaðar eru tau- eða pappírsbleyjur. Jafnframt er mælt með að notaðar séu bleyjur sem hvorki innihalda ilmefni né krem og að notað sé minna af blautþurrkum. Vatn og þvottapoki komi oftast að jafngóðum notum. **- ibs**








**VIÐ ÞJÁLFUN** Heiðrún Villa Ingudóttir hundaatferlisfræðingur leggur áherslu á að finna rétt prógramm fyrir hvern hund.

# Hundar með flugi í bootcamp-þjálfun

Flestir hundanna sem koma í þjálfun til hundaatferlisfræðings á Akureyri koma með flugi víðs vegar að af landinu. Venjast á slæma hegðun af of miklu frelsi.

Flestir hundanna sem koma í þjálfun til Heiðrúnar Villu Ingudóttur, hundaatferlisfræðings á Akureyri, koma með flugvélum frá öðrum landshlutum. Annríkið er svo mikið að fullbókað er í þjálfuninni fram í maí.

Heiðrún segir þjónustuna, sem hún kallar bootcamp-þjálfun, þá einu sinnar tegundar á landinu. „Þjálfunin hér er frábrugðin hlýðninámskeiðum sem haldin eru annars staðar. Ég sérhæfi mig í hegðunarvandamálum."

Hegðunarvandamál hundanna stafa yfirleitt af almennri vanþekkingu á þörfum hundsins, að því er Heiðrún greinir frá. „Okkar samfélag er flókið fyrir marga hunda og áreitið mikið. Margir þeirra fá of mikið frelsi. Eigendurnir vilja vera góðir við hundana sína og leyfa þeim margt. Samtímis eru leiðbeiningarnar ekki nógu góðar og skýrar.

Það er misjafnt hvernig hundar höndla það að fá að gera það sem þeir vilja. Þeir geta vanist á slæma hegðun og eigendur verða ráðþrota."

Að sögn Heiðrúnar er lögð áhersla á að hundar öðlist jafnvægi í þjálfuninni þannig að þeir verði yfirvegaðir. „Margir hundanna sem koma til mín eru stressaðir og eirðarlausir. Þeir fá reynslu af umgengni við börn og aðra hunda. Lögð er áhersla á að finna rétt prógramm fyrir hvern hund. Það sama á ekki við alla. Það þarf að spila þetta eftir hverjum og einum."

Heiðrún, sem einnig fer heim til fólks til þess að taka hund þess í einkatíma, kveðst vera í daglegu sambandi við hundaþjálfara erlendis. „Við hjálpumst að við það að meta hvernig þjálfa eigi viðkomandi hund. Ég hef lært af sjö þjálfurum og er opin fyrir öllum aðferðum. Þannig fást fleiri lausnir og þetta hefur reynst mjög vel."

Það þarf ekki að taka langan tíma að ráða bót á hegðunarvanda hunda þótt hann hafi kannski varað í langan tíma, að því er Heiðrún tekur fram. „Yfirleitt mæli ég með því að hundarnir séu hér í bootcamp-þjálfun í 3 til 4 vikur. Að því loknu fá eigendur sendan heim yfirvegaðan hund. Þeir fá jafnframt sent myndband og ítarlegar leiðbeiningar til að viðhalda árangrinum. Svo fylgir eilífðarstuðningur frá mér. Fólk er alveg í skýjunum yfir þessu."

Heiðrún heldur úti heimasíðu, hundatjalfun.is, þar sem nánar er greint frá þjónustunni. **ibs@frettabladid.is**



**SLAKAÐ Á**
Mælt er með að hundarnir séu í bootcamp-þjálfuninni í 3 til 4 vikur.

➜ Svo fylgir eilífðarstuðningur frá mér. Fólk er alveg í skýjunum yfir þessu.


FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

## Helgihald jóla og aðventu

**8.des. sun. kl. 20:00**
**Aðventukvöld, fjölbreytt og glæsilegt tónlistarkvöld.**
Ræðumenn kvöldsins verða rithöfundurinn Jónína Leósdóttir og séra Hjörtur Magni. Söngvarar sem fram koma eru Bjarni Arason, Svavar Knútur, Kristjana Stefánsdóttir, Ragnheiður Gröndal, Sönghópur Fríkirkjunnar og Barnakór Fríkirkjunnar undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur. Tónlistin er flutt af Gunnari Gunnarssyni, Tómasi R. Einarssyni og Matthíasi Hemstock.

**15.des. sun. kl. 14:00**
**Guðsþjónusta 3. sunnudagur í aðventu.**

**22.des. sun. kl. 14:00**
**Jólatrésskemmtun Fríkirkjunnar í Reykjavík.**
Hefst með jólastund í kirkjunni. Síðan haldið upp í Safnaðarheimili og sungið og dansað í kringum jólatréð með jólasveininum. Kaffi og meðlæti fyrir alla.

**22.des. sun. kl. 17:00**
**Heilunarguðsþjónusta á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands, Fríkirkjunnar og Kærleikssetursins.**

**24.des. þri. kl. 18:00**
**Aftansöngur á aðfangadagskvöldi**
Einsöngur Nathalía Druzin Halldórsdóttir.
Sönghópur Fríkirkjunnar syngur jólin inn og leiðir safnaðarsöng undir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Sr. Hjörtur Magni.

**25.des. mið.kl. 14:00**
**Hátíðarguðsþjónusta á jóladag.**
**Ljósanna hátíð fagnað með rísandi sól.**
Egill Ólafsson söngvari syngur og spjallar um tónlistarval sitt.
Sr. Hjörtur Magni, Sönghópur Fríkirkjunnar ásamt Gunnari Gunnarssyni.

**31.des. þri. kl. 14:00**
**Hátíðarguðsþjónusta á dvalar og hjúkrunarheimilinu Grund.**

**31.des. þri. kl. 17:00**
**Aftansöngur á Gamlárskvöldi.**
Sérstakur gestur Þorleifur Gaukur Davíðsson, munnhörpuleikari.


Gefum gleði
Á JÓLUNUM
THE BODY SHOP
THE BODY SHOP
SMÁRALIND, KRINGLUNNI, GLERÁRTORGI

PISA-niðurstöðurnar voru áfall fyrir Ísland:

# Hlustum á viðvörunarbjöllur

Það er rétt hjá Illuga Gunnarssyni menntamálaráðherra að niðurstaðan í alþjóðlegu PISA-könnuninni er áfall fyrir þjóðina alla. Tíundu bekkingar á Íslandi standa mun verr en fyrir áratug, ástandið hefur versnað miklu meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og drengir standa til muna verr en stúlkur.

„Við getum ekki með nokkru móti komist undan því að horfa með mjög krítískum hætti á skólakerfið okkar," sagði menntamálaráðherrann í Fréttablaðinu á miðvikudaginn. „Fyrsta sem við verðum að gera er að horfast í augu við þessa staðreynd og viðurkenna vandann."



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Það er rétt hjá ráðherranum að skólakerfið þarf að grandskoða. Þar er margt frábærlega vel gert og þarf raunar ekki að efast um að miklar framfarir hafa orðið síðasta áratuginn. Samt er eitthvað að, fyrst Ísland kemur ekki betur en þetta út úr alþjóðlegum samanburði á kunnáttu í grunnþáttum. Það verður að nota tækifærið til endurmats og skoðunar, þótt það sé ekki æskilegt að fara í neinar kollsteypur í framhaldinu. Í þessari vinnu þarf að beina sérstakri athygli að strákum í skóla, því að stelpurnar koma í rauninni ágætlega út í alþjóðlegum samanburði.

Kennarasamband Íslands sendi frá sér tilkynningu í kjölfar birtingar PISA-niðurstaðnanna og kenndi sparnaði og aðhaldi um lakan árangur. Það er rétt að margir skólar eru í fjársvelti miðað við núverandi starfsemi þeirra. En samt erum við eitt þeirra OECD-ríkja sem verja hvað mestu fé til grunnskólans.

Á undanförnum tveimur áratugum hefur skólaskyldan lengzt um ár og skólaárið líka lengzt. Þetta samsvarar því að börn séu tveimur árum lengur í grunnskólanum en þau voru – og samt kunna þau minna við lok hans í grunnþáttunum sem skipta svo miklu máli upp á framhaldið í námi og starfi. Það segir okkur að það eru tækifæri til hagræðingar; það er hægt að nýta tímann í grunnskólanum betur, stytta skólann á ný sem lið í viðleitni til að skila fólki fyrr í stúdentspróf og nota sparnaðinn til dæmis til að borga kennurum betri laun.

Ýmislegt fleira hlýtur að þurfa að skoða. Margir kennarar kvarta til dæmis undan því að stefnan um skóla án aðgreiningar setji þá í vonlausa stöðu, með marga einstaklinga sem krefjast mikillar athygli inni í bekk án þeirrar aðstoðar sem þarf. Þá verða þurftaminni nemendur útundan. Um leið kvarta foreldrar barna með þroskafrávik margir hverjir yfir því að sérskólar standi þeim ekki lengur til boða. Er þessi stefna endilega sú eina rétta?

Og um leið og nauðsynlegt er að grandskoða skólakerfið geta foreldrar ekki vikizt undan því að líta í eigin barm. Börn þurfa hvatningu og aðstoð heima fyrir – og ekki síður að þeim sé innrættur agi og virðing fyrir skólanum sínum og náminu. Það er engin leið að gera þá kröfu til kennara að þeir byrji á að ala upp börnin áður en hægt er að fara að kenna þeim.

Skólakerfið okkar er lykillinn að framtíð þjóðarinnar; að Ísland standi sig í alþjóðlegri samkeppni þar sem mannauðurinn skiptir æ meira máli. Við höfum alla burði til að reka skólakerfi í fremstu röð. Þá verðum við líka að taka mark á viðvörunarbjöllum eins og þeirri sem hringdi þegar PISA-niðurstöðurnar birtust.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gunnar Bragi og Kína

Gunnar Bragi Sveinsson, framsóknarmaður og utanríkisráðherra, er mikill áhugamaður um að auka samskipti Íslands og Kína. Í viðtali við Bloombergfréttavefinn fyrir skömmu lét Gunnar Bragi hafa eftir sér að hann vonaði að samband Íslendinga og Kínverja myndi styrkjast. Þá hefur ráðherrann marglýst því yfir að það sé nauðsynlegt að hafa fríverslunarsamning við Kína. Það eru hins vegar ekki ekki allir jafn hrifnir af auknum samskiptum við Kínverja. Nokkrir þingmenn stjórnarandstöðunnar ásamt sjálfstæðiskonunni Elínu Hirst hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um mannréttindabrot Kínverja gagnvart Tíbetum. Þar er á það bent að kínversk yfirvöld standi fyrir skipulagðri útrýmingu á tíbetsku þjóðinni og menningu hennar. Þá segir að Íslendingar hafi siðferðislega skyldu til að benda kínverskum yfirvöldum á að við sættum okkur ekki við mannréttindabrot þeirra í Tíbet. Fróðlegt væri ef Gunnar Bragi gerði grein fyrir afstöðu sinni til þessa.



### Engar leiðréttingar

Það er ljóst að höfuðstóll námslána verður ekki færður niður þrátt fyrir að þau séu verðtryggð. Mörgum finnst að þarna sé ekki gætt jafnræðis. Ein þeirra er þingkona Samfylkingarinnar, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Hún ræddi málið við Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra á þingi og sagði að ljóst væri að vegna hárrar verðbólgu yrði margt fólk að greiða af lánunum fram á grafarbakkann. Illugi sagði að menn yrðu að hafa í huga að námslán væru í raun og veru niðurgreidd og að í þeim væri falinn styrkur með beinum hætti upp á 31 prósent. Þá væri líka rétt að hafa í huga að þegar kemur að endurgreiðslu lánanna þá greiddu menn eftir því hvað þeir hefðu í laun. Það gilti ekki um íbúðalán.



johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Er einkaþjálfarinn tryggður?"

TRYGGINGAR



**Guðrún Ragnarsdóttir**
viðskiptavinur líkamsræktarstöðvar

Það þekkja það allir sem hafa komið inn á líkamsræktarstöð að þar starfa einkaþjálfarar. Menntun þeirra og reynsla getur verið mjög mismunandi en það er allt önnur umræða. Einkaþjálfarar eru annaðhvort starfsmenn líkamsræktarstöðvarinnar eða sjálfstætt starfandi.

Ef einkaþjálfari er sjálfstætt starfandi greiðir hann svokallað aðstöðugjald til líkamsræktarstöðvarinnar og greiða þá viðskiptavinirnir honum beint fyrir þjálfunina.

Fyrir rúmum tveimur árum síðan slasaðist eiginmaður minn alvarlega þegar hann var hjá sjálfstætt starfandi einkaþjálfara á einni af líkamsræktarstöðvum höfuðborgarsvæðisins. Slys gera ekki boð á undan sér og þannig var það líka í þessu tilfelli. Það kom okkur hins vegar verulega á óvart þegar við fórum að leita réttar eiginmanns míns til bóta vegna þess skaða sem hann hafði orðið fyrir að enginn var rétturinn. Þannig var mál með vexti að líkamsræktarstöðin taldi sig ekki bótaskylda þar sem ekkert tengt aðstöðunni varð til þess að slys hlaust af og einkaþjálfarinn í sinni vinnu var ótryggður gagnvart viðskiptavinum sínum. Eftir okkar eftirgrennslan er frístundatrygging viðskiptavina sú trygging sem bætir slys af þessu tagi og þá er spurning hvort fólk almennt sé með slíka tryggingu eða viti af þessu fyrirkomulagi.

Þeir sem hafa nýtt sér einkaþjálfun vita að hún er ekki gefins og því mætti ætla að einkaþjálfarar hefðu ráð á því að kaupa sér ábyrgðartryggingu. Mig grunar hins vegar að svo sé ekki og í stað þess að senda bréf á allar líkamsræktarstöðvar landsins ákvað ég að skrifa opið bréf þar sem ég spyr: „Eru einkaþjálfarar á þinni stöð tryggðir?" Ef svarið er já þá vil ég hrósa þér sérstaklega fyrir þá fyrirhyggju en ef svarið er nei hvet ég þig eindregið til að gera þá kröfu til þeirra einkaþjálfara sem starfa á þinni stöð að fá sér ábyrgðartryggingu. Í raun finnst mér eðlilegast að það sé gerð krafa um að þeir einkaþjálfarar sem starfa á ákveðinni líkamsræktarstöð staðfesti að þeir séu tryggðir.

Eins og fyrr segir gera slys ekki boð á undan sér. Ég trúi því að starfandi einkaþjálfarar leggi sig fram við að tryggja öryggi viðskiptavina sinna en því miður dugar það oft ekki til. Það er því eðlileg krafa að allir sjálfstætt starfandi einkaþjálfarar séu með ábyrgðartryggingu ef svo illa vill til að slys beri að höndum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Viðræðuslit í skóinn?

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra segir að afturköllun IPA-styrkja Evrópusambandsins megi túlka sem viðræðuslit. Það má túlka það þannig en það er ekki rétt túlkun. Ísland hættir að vera umsóknarríki að ESB ef Íslendingar draga umsókn sína til baka eða ef ESB ákveður að svipta Ísland stöðu umsóknarríkis. Hvort tveggja gæti gerst. En hvorugt hefur enn gerst.

Ég skil raunar vel hvers vegna utanríkisráðherra er að reyna spinna þann þráð að ESB „hafi í reynd slitið viðræðunum“ með framkomu sinni. Það kæmi mér ekki á óvart ef þetta stef yrði endurtekið í Staksteinum, á Heimssýnarblogginu og í öðrum kórum sem syngja í sömu tóntegund: Að ESB væri í raun búið að segja okkur upp. Restin væri bara formsatriði.

Það væri nefnilega draumastaða fyrir Gunnar, ríkisstjórnina og flesta ESB-andstæðinga ef ESB mundi loka á Ísland. Þá þyrftum við ekkert að gera.

**Beðið eftir Brussel**

Það má spyrja sig: Hvers vegna hefur þessi stjórn flokka sem báðir eru mótfallnir ESB-aðild ekki þegar ákveðið að draga ESB-umsóknina til baka? Svarið er nokkuð augljóst. Þrátt fyrir að afgerandi meirihluti þingmanna beggja flokka hafni ESB-viðræðum eru innan stjórnarliðsins einnig þingmenn sem vilja ljúka þeim, til dæmis Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Vilhjálmur Bjarnason. Engin ríkisstjórn vill hefja kjörtímabilið á því að fara að klofna í atkvæðagreiðslu. Þess vegna dreymir ríkisstjórnina um að Evrópusambandið sjálft segi *okkur* að snáfa. Að ESB skeri stjórnina úr snörunni.

**Styrkjafallið vonbrigði**

Ákvörðun ESB að hætta að borga okkur þá aðlögunarstyrki sem eftir stóðu kemur samt eilítið á óvart. Hún er eflaust skiljanleg, því erfitt er að réttlæta fyrir evrópskum skattgreiðendum að fjármunum þeirra sé vel varið til að greiða fyrir inngöngu ríkis þar sem forsætisráðherra, utanríkisráðherra og forseti tala allir gegn aðild. En auðvitað er hún ekki góð út frá íslenskum hagsmunum. Ekki fremur en boðaðar refsiaðgerðir á hendur Íslandi í makríldeilunni. Ég nefni það því okkur Evrópusinnum hættir stundum til að setja okkur of mikið í spor annarra. Við eigum ekki endilega að fagna því þótt ESB borgi okkur ekki pening. Jafnvel þótt við getum kennt framsóknarmanni um það.

**Hvattur til afglapa**

Aðeins til að verja Gunnar Braga, því tækifærin gefast ekki alltaf. Í vikunni var það rifjað upp að hann hefði á sínum tíma, sem óbreyttur þingmaður, óskað þess að leynd yrði aflétt af vinnuskjölum um samningsmarkmið Íslands í sjávarútvegi og landbúnaði. Nú hafi hann hins vegar hafnað sambærilegri beiðni, með vísan til þess að afnám leyndarinnar gæti skaðað íslenska hagsmuni, ef Íslendingar myndu einvern tíma kjósa að halda viðræðunum áfram. Núverandi stjórnarandstæðingar voru fljótir að benda á þennan viðsnúning.

Já, já. Það má alltaf núa stjórnmálamanni um nasir ef hann segir A í apríl en B í maí en menn ættu að fara varlega í það hvers þeir óska sér. Það er engin ástæða til að hvetja Gunnar Braga ráðherra til að fara að haga sér heimskulega og skaða samskipti okkar við aðrar þjóðir bara vegna þess að Gunnar Bragi þingmaður vildi gera það. Kannski, vonandi, munum við einhvern tíma halda áfram með þessar viðræður. Og þá styrkir birting vinnuskjala sem sýna pælingar embættismanna okkar árið 2012 ekki samningsafstöðu okkar. Og ekki eykur hún heldur trúverðugleika okkar gagnvart viðsemjendunum.

> Þess vegna dreymir ríkisstjórnina um að Evrópusambandið sjálft segi *okkur* að snáfa.

**Bíðum**

Stundum þarf að sýna þolinmæði. Það er ágætt að stjórnin hafi ekki dregið umsóknina til baka strax heldur sé að þvælast með málið, ætli sér að skila óþarfa skýrslu og svo framvegis. Ástæðan er, eins og áður sagði, að stjórnin vill kaupa tíma. Ekki get ég séð að skýrsla stjórnarinnar um stöðu viðræðna geri ESB-sinna á þingi að ESB-andstæðingum eða öfugt. Von ESB-andstæðinga er sú að ESB geri eitthvað sem hægt verði að túlka sem slit viðræðna.

Svo lengi sem menn fara ekki að bíta í þá illa hnýttu flugu getur þetta haldið svona áfram þangað til stutt verður í næstu kosningar og einhver evrópusinnaðri stjórn tekur við. Næsti utanríkisráðherra getur þá haldið áfram með viðræðurnar án sérstaks samþykkis þingsins. Ég meina, þeim var aldrei slitið.

# Ertu ekkert hrædd?

KYNBUNDIÐ OFBELDI
Sigþrúður Guðmundsdóttir
framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf



Það er ekki alveg það sama; að vita og að skilja. Í sjö ár hef ég unnið í Kvennaathvarfinu og á þeim tíma hef ég lært margt um heimilisofbeldi og áhrif þess á börn. Ég hef setið, kannski ekki hundrað milljón fundi (en mér finnst stundum að það hljóti að vera nærri lagi), fyrirlestra og ráðstefnur, hef lesið ótal skýrslur og greinar um málið, horft á fræðslumyndir og hangið á netinu tímunum saman við að afla mér þekkingar. Ég hef talað við hundruð kvenna sem hafa búið við ofbeldi bæði sem börn og á fullorðinsárum og sem hafa alið upp sín börn á ofbeldisheimilum. Ég hef talað við mörg af þessum börnum.

Sumt af þessu hefur skilað mér þekkingu, annað síður og ég geri mér ekki grein fyrir því hvenær ég lærði hvað um áhrif ofbeldis á börn en ég man nákvæmlega hvenær ég skildi.

Það var vetur, það var dimmt og það rigndi. Ég var að tygja mig til heimferðar úr athvarfinu. Það var ég væri að fara og var greinilega búinn að gleyma því að ég hafði þurft að skammast aðeins í honum fyrr um daginn. Hann spurði hvort ég ætlaði ekki að borða með þeim og ég sagði honum að ég væri að fara heim. Hann varð undrandi og svolítið skelkaður. „Heim“, sagði hann, „ertu ekkert hrædd?“ Og ég horfði í brúnustu augu í heimi og áttaði mig á því að þau höfðu séð ýmislegt sem væri bannað börnum ef það væri sjónvarpsefni. Þau höfðu séð svo hræðilega hluti að ég gat ekki ímyndað mér þá, gat ekki ímyndað mér angist hans og ótta.

> ➔ Þau eru hrædd við að koma heim en líka hrædd við að fara að heiman…

**Skelfingu lostin**

Og mig langaði til að útskýra fyrir honum að vissulega væri ég pínulítið skelkuð á hjólinu í myrkrinu, sérstaklega þar sem ég hafði trassað að setja almennileg ljós á það en að heima hjá mér væri ekkert að óttast. Að þannig séu heimili; þar eigi fólk ekki að óttast neitt hversu hræðilegur sem heimurinn er fyrir utan. Mest af öllu langaði mig til að lofa honum að næst þegar hann færi heim, þá þyrfti hann ekki að vera hræddur en það loforð hefði ég ekki getað staðið við.

Þetta kvöld skildi ég loksins almennilega að á Íslandi búa börn sem eru hrædd við að fara heim. Þau eru skelfingu lostin í eldhúsinu, í stofunni og undir sænginni sinni. Þau eru hrædd við að koma heim en líka hrædd við að fara að heiman af því að það getur svo hræðilega margt gerst á meðan þau eru í burtu. Kannski gerist einmitt það skelfilegasta af öllu þegar þau eru í öryggginu á skólalóðinni, að þaufast yfir Kringlumýrarbrautina í síðdegisumferðinni eða alein á heimleið í strætó.

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur hefur verið á Íslandi, segir að vernda skuli öll börn gegn hvers kyns ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu. Það markmið hefur okkur ekki tekist að uppfylla.



# PISA vangaveltur

MENNTUN



**Jórunn Tómasdóttir**
framhaldsskólakennari

Það er gott til þess að vita að nemendum líður vel í skólanum okkar.

Það er gott til þess að vita að einelti hefur minnkað í skólanum okkar.

Það er gott til þess að vita að nemendur okkar njóta jafnréttis til náms.

Annað er ekki eins gott.

Það er ekki til nein patentlausn á vanda skólakerfisins en það eru örugglega til ráð til úrbóta. Í mörg ár hafa fjölmargir skólamenn og -konur bent á meinin og komið með tillögur sem gætu orðið til bóta en ætíð verið á eintali við tómið. Það hlustar enginn.

Þó svo faglegt, fallegt og þróttmikið starf sé unnið í skólum landsins og allir séu að vinna af alúð og metnaði þá fær skólakerfið okkar falleinkunn enn einu sinni. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd og bregðast við henni. Það sem þarf að gera er augljóst. Það þarf að leggja til hliðar pólitískan rétttrúnað, sem aldrei hefur náð að skapa gott kerfi, setjast niður, skoða, greina og meta vandann ískalt, setja metnaðarfull og raunhæf markmið og þróa ferli og leiðir að þeim. Við verðum að spyrja okkur að því, hvað við eigum við með orðinu menntun – er allt fólk með prófgráðu menntað fólk? – hvernig menntakerfi við viljum hafa, hvað við viljum að börnin okkar læri, hvað við viljum að börnin okkar kunni að námi loknu. Hvernig einstaklinga viljum við móta til að skapa hér mennskt, vel menntað samfélag.

### Lifandi afl

Ef við viljum í einlægni og einurð skóla án aðgreiningar og skóla fyrir alla verðum við að axla þá ábyrgð og skapa viðunandi námsumhverfi fyrir alla nemendur og kennara. Ef við viljum í einlægni og einurð skapa góðan skóla verðum við að axla þá ábyrgð og bjóða kennurum mannsæmandi laun. Kennarastarfið þarf að verða eftirsóknarvert ekki bara vegna sumarleyfisins. Það þarf að skoða inntak kennaranámsins, auka vægi íslensku, stærðfræði og raungreina. Aðferðafræðin má ekki drekkja fagkunnáttunni í kennaranáminu.

**➜ Kennarastarfið þarf að verða eftirsóknarvert …**

Það þarf að skoða námskrár skólanna, námslýsingar og námsmarkmið. Það þarf að spyrja hvort eðlilegt sé að það sé óhindrað, frjálst flæði nemenda úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla sem skapar síðan vanda framhaldsskólans bæði hvað varðar fall nemenda og brottfall. Það þarf að skoða hvort grunnskólarnir líði fyrir það að vera í forsjá sveitarfélaganna. Það þarf að skoða hvort skólinn sé í takt við þá veröld sem hann hrærist í.

Spurningarnar eru mýmargar og fjölmargt sem þarf að gaumgæfa. En eitt er alveg víst. Skólinn batnar ekki við það, að sífellt sé verið að krukka í hann eingöngu með sparnað að leiðarljósi. Hann batnar ekki heldur við það að kennarar séu hafðir á ósæmandi launum eftir langt og strangt háskólanám. Skólinn þarf að vera lifandi afl, síkraumandi deigla, spegill vaxandi og metnaðarfulls samfélags. Skólinn þarf að njóta virðingar og nám þarf að vera eftirsóknarvert. Skólinn þarf að sinna þörfum og áhuga allra sinna nemenda. Allt kostar þetta mikla vinnu, mikinn metnað, mikið áræði, mikinn áhuga, mikla fagmennsku. Og ekki hvað síst, peninga.

# Árásin á íslenska menningu

MENNING



**Jón Kalman Stefánsson**
rithöfundur

Við erum komin á undarlegan stað sem þjóð, sem samfélag, þegar það þarf að færa rök fyrir nauðsyn þess að halda úti Rás eitt; þegar við þurfum jafnvel að berjast fyrir lífi hennar. Ríkisútvarpið hóf göngu sína í desembermánuði árið 1930, þá var Ísland fátækt land, en þjóðin augljóslega rík í anda og metnaði. Það hefði áreiðanlega verið auðvelt reikningsdæmi að sýna fram á að jafn fátæk þjóð hefði ekki efni á að reka útvarp; en þau „skynsömu“ rök höfðu ekki sama aðdráttarafl árið 1930 og núna. Íslendingar virtust þá einfaldlega gera sér grein fyrir því að fátækt er ekki alltaf mæld í peningum, heldur ástandi, reisn; gerðu sér grein fyrir því að ríkidæmi þjóðar er geymt í menningu hennar.



**➜ Mikill niðurskurður og gróf aðför gagnvart Ríkisútvarpinu er ekkert annað en árás.**

### Leiðin til fátæktar

Ríkisútvarpið hefur verið rödd þjóðarinnar í ríflega áttatíu ár. Í áttatíu ár hefur það tekið upp rödd okkar og útvarpað henni án þess að hugsa um hverjir sitja við völd; eða sett sérstaklega fyrir sig hvaða skoðanir bárust með röddunum. Rás eitt geymir þess vegna rödd þjóðarinnar, hún geymir viðtöl við löngu dáið fólk, pistla þess, hugleiðingar og sögur. Það er vegna Rásar eitt að við höfum aðgang að fortíð þjóðarinnar. Rás eitt er því allt í senn: rödd okkar, andardráttur og minni. Hún geymir fortíðina, hún útvarpar henni, en er jafnframt stöðugt að taka upp samtíma sinn, og vista hann fyrir framtíðina. Þannig hefur Rás eitt í rúm áttatíu ár sameinað fortíð, nútíð og framtíð. Ef við klippum núna í ógæfu okkar og skammsýni á þennan þráð, verða afleiðingarnar alvarlegri en við gerum okkur grein fyrir. Við missum eitthvað mikilvægt. Og verðum fátæk þjóð.

Árin eftir hrun hafa verið dapurleg fyrir íslenska fjölmiðla, einkum fyrir dagblöðin sem hafa aldrei verið jafn rýr, undirmönnuð, og/eða í eigu harðra hagsmunaafla. Gagnrýnin umræða hefur liðið mjög fyrir það, sem eru alvarleg tíðindi fyrir lýðræðið; því minni og grynnri umræða, því veikara lýðræði. Ríkisútvarpið hefur verið ljósið í fjölmiðlaumhverfinu, báðar rásirnar, en ég nefni núna sérstaklega Rás eitt með sinn Spegil, sína pistlahöfunda í þáttum á borð við Víðsjá. Við vitum hins vegar að innan núverandi ríkisstjórnarflokka hefur lengi gætt töluverðs óþols gagnvart gagnrýninni umræðu Ríkisútvarpsins; lengst hefur þó þingmaður Framsóknar, og formaður hagræðingarhópsins, Vigdís Hauksdóttir, gengið. Það er því miður óþægilega mikill samhljómur milli hótana hennar í garð RÚV og niðurskurðanna miklu; sem vekur upp ónotalegar grunsemdir um að þeir sem nú stjórna landinu líði illa aðrar skoðanir en sínar. Og refsi þeim sem halda uppi sterkri gagnrýni.

### Hin vanhelga þrenning?

Þrátt fyrir erfiða tíma eftir hrun höfum við haft gæfu til að halda úti fjölradda útvarpi sem hefur rúmað allar skoðanir, og boðið upp á óteljandi þætti um tónlist, þjóðfræði, heimspeki, garðrækt, viðtöl við fólk, þætti fyrir börn; fjölradda útvarp mannað starfsfólki með brennandi metnað. Eru þeim tímar virkilega liðnir? Íslands óhamingju verður allt að vopni; ríkisstjórnarflokkarnir virðast alls ekki skilja ábyrgð okkar hér og nú gagnvart íslenskri menningu – og það sama gildir því miður um sjálfan útvarpsstjórann, Pál Magnússon. Þessi þrenning, flokkarnir tveir og Páll, skilja ekki, eða loka þá augunum fyrir því, að ef við sinnum ekki íslenskri menningu af fullum þunga, þá dofnar hún með ófyrirséðum afleiðingum fyrir framtíðina. Íslensk menning er sterk, en hún lifir samt ekki nema henni sé sinnt af alúð og krafti. Mikill niðurskurður og gróf aðför gagnvart Ríkisútvarpinu eru ekkert annað en árás. Rás eitt hefur í áttatíu ár verið hryggjarstykki í íslenskri menningu. Árás á Rás eitt er því einfaldlega árás á íslenska menningu.

**FRÉTTABLAÐIÐ** ER HELGARBLAÐIÐ



HLAKKAR TIL HVERS VINNUDAGS

**Regína Ásvaldsdóttir** settist í stól bæjarstjóra á Akranesi, fyrst allra kvenna, í upphafi þessa árs. Áður hafði hún haldið um ótal þræði í Ráðhúsi Reykjavíkur, undir lokin sem yfirmaður átta þúsund starfsmanna og staðgengill borgarstjóra.

**Ástandið minnir á appelsínugulu byltinguna**



**Allt hefur logað** í mótmælum í Úkraínu frá því Janúkovitsj forseti ákvað að hætta við samstarfssamning við Evrópusambandið.



**Allir hafa eitthvað að fela**

**Stóra Vodafone-málið** vekur margar spurningar um netöryggi. Fáir kjósa að nýta sér dulkóðunarvarnir sem eru í boði og tiltölulega einfaldar í notkun.

**Maður er mella í mánuð**



**Eiríkur Guðmundsson rithöfundur** sem hefur verið tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir bókina 1983 segist hryggur yfir árásum stjórnvalda á íslenska menningu, klofningnum hjá þjóðinni og samstöðuleysi.

**HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS**

*Ómissandi hluti af góðri helgi*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**

MIÐBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

# Dýrðlegur desember

Jólabærinn á Ingólfstorgi opnaður!



## LANGUR LAUGARDAGUR – 7. DESEMBER

### LEITIN AÐ JÓLAVÆTTUNUM

Leiðindaskjóða, nýjasta vættur miðborgarinnar, kemur í heimsókn í Jólabæinn **kl. 15:00 á laugardag**. Hún safnar leiðindum í skjóðu og kveður þau burt. Hún verður á horni Skólavörðustígs og Bankastrætis kl. 15:30, við Kjörgarð kl. 16:00 og að Laugavegi 77 kl. 16:30.

**Taktu þátt í leitinni að Leiðindaskjóðu, jólasveinunum og hinum jólavættunum. Þátttökubæklingar fást í verslunum.**

### JÓLABÆRINN Á INGÓLFSTORGI OPNAÐUR

Jólabærinn verður opinn frá **kl. 12:00-18:00** bæði laugardag og sunnudag og svo aftur á sama tíma um næstu helgi. Þar má finna úrval girnilegrar jólamatvöru, gjafavöru og spennandi íslenskrar hönnunar.

**Verum og njótum – þar sem jólahjartað slær.**

Leiðindaskjóða kl. 15:00 laugardag



Brandenburg/Teikning: Sól Hrafnsdóttir

WWW.MIDBORGIN.IS

GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR

Fáanleg í öllum bókaverslunum miðborgarinnar

MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN


netto
Í JÓLASKAPI
BAYONNESTEIK
ÚR ÍSL. REYKTUM GRÍSAHN.
-50%
999
ÁÐUR 1.998 KR/KG
HANGILÆRI
M/BEINI - KJÖTSEL
-26%
1.997
ÁÐUR 2.698 KR/KG
LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
1.884
ÁÐUR 2.298 KR/KG
ÖND
HEIL - 2,3 KG
1.392
ÁÐUR 1.698 KR/KG
KALKÚNN
FRANSKUR
1.274
ÁÐUR 1.592 KR/KG
Organic Pizza
Margherita
Organic Pizza
Mozzarella & Pesto
Baguettes
Baguettes
PIZZA
ORGANIC- 3 TEG
498
ÁÐUR 579 KR/STK
HVÍTLAUKSBRAUÐ
COOP - FÍNT/GRÓFT
199
ÁÐUR 299 KR/PK
JARÐARBER
250 G
-50%
299
ÁÐUR 598 KR/PK
www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



**KJÚKLINGALEGGIR**
NETTÓ
**782**
ÁÐUR 878 KR/KG

## JÓLALEIKUR NETTÓ

kauptu **kippu af 4x2l Coke** og þú getur unnið gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og þú verslaðir fyrir. Nánari uppl. í verslunum.

Dregið **23.12** 2013



**5 heppnir** vinningshafar verða dregnir út í hverri nettó verslun!

**COCA COLA**
-LIGHT - ZERO
4 x 2L
**999**

markhönnun ehf



**KJÚKLINGAVÆNGIR**
HVÍTLAUKS
-43%
**398**
ÁÐUR 698 KR/KG

# JÓLAHÚS NETTÓ OPNAR 6. DESEMBER

Mjódd | Akureyri | Njarðvík | Borgarnes | Egilsstaðir | Selfoss | Grandi



## OPNUNARTÍMAR

| | |
|---|---|
| VIRKIR DAGAR | 12 – 19 |
| LAUGARDAGAR | 12 – 18 |
| SUNNUDAGAR | 12 – 18 |
| 19. - 23. DES. | 12 – 22 |
| AÐFANGADAG | 10 – 12 |

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið.



**SÚKKULAÐITERTA**
1/2
**559**
-30%
ÁÐUR 798 KR/STK




TE & KAFFI
**JÓLAKAFFIÐ**
400G MALAÐ

**KOMIÐ Í VERSLANIR**



**FROSIN BER**
BLÁ-,HIND-,SKÓGARBER
-25%
**299**
ÁÐUR 398 KR/PK

**MUNIÐ GJAFAKORTIN**



**Tilboðin gilda 5. - 8. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# RÚV og umboðsmaður Alþingis á vaktinni fyrir alla – nema fyrir heyrnarskerta?

SAMFÉLAG



Rannveig Magnúsdóttir
rgm@internet.is

**➜ Fjöldi heyrnarskertra og þeirra sem þurfa á textavarpi að halda er talinn vera um 40-50.000 manns og fer ört vaxandi. Hvernig getur RÚV tekið sér það vald að velja og hafna fyrir heyrnarskerta? Hvernig getur það viðgengist hjá ríkisreknum fjölmiðli á borð við RÚV að beinlínis valda einangrun heyrnarskertra, rétt eins og um sakamenn sé að ræða?**

Útvarp og sjónvarp allra landsmanna hefur aldrei uppfyllt skyldur sínar við heyrnarskerta eins og lög gera ráð fyrir. Í lögum landsins er óheimilt að mismuna fólki eftir stétt, stöðu eða efnahag. Hvernig getur RÚV leyft sér að hundsa landslög blygðunarlaust fram til þessa dags?

Á undanförnum árum hafa ríkisreknir ljósvakamiðlar í nágrannalöndum okkar virt þau sjálfsögðu mannréttindi að tryggja aðgengi með textun fyrir alla án þess að undanskilja beinar útsendingar eða fréttir. Fyrrverandi blaðamaður hjá RÚV, Gísli Álfgeirsson, greindi frá því í fréttablaði Heyrnarhjálpar (3. tbl., des. 2012, bls. 14) að RÚV ætti auðvelt með að texta fréttir og kostnaðurinn væri óverulegur. Þar segir hann: „Vilji er allt sem þarf." Þá hefur umboðsmaður Alþingis tekið við ítrekuðum kvörtunum um málið, án árangurs fyrir heyrnarskerta. Ég hefði haldið að hans verksvið væri að sjá um að lög væru ekki brotin og mannréttindi væru virt. Áhugavert væri að heyra hans rökstuðning á opinberum vettvangi fyrir afstöðu sinni í þessu máli.

Mikið hefur verið rætt um að efla þurfi íslenska menningu og skellti Alþingi á nefskatti til að efla hana í gegnum RÚV. Þar sem RÚV var orðið almennt hlutafélag stríddi það gegn lögunum að setja á nefskatt en þá brá Alþingi undir sig betri fætinum og breytti því úr HF í OHF – sem gerði það allt saman löglegt. Þar fyrir utan þiggur RÚV auglýsingatekjur ásamt framlagi af fjárlögum. Engin furða þótt þeir eigi fyrir háskerpusjónvarpstækjum og tólum upp á marga milljarða. Enginn fjárskortur þegar háskerpa er annars vegar. Reglur voru settar um skyldutexta á allt útlent efni og er það þar með komið í forgang en um leið er lokað á mikilvægt íslenskt efni fyrir heyrnarskerta.

**Geðþóttaákvörðun**

Frétta- og menningarþættir á borð við Kastljós, Útsvar og Kiljuna eru ekki textaðir. Svo ekki sé talað um mikilvæga hluti á borð við stefnuræðu forsætisráðherra. Það er geðþóttaákvörðun starfsmanna RÚV sem ræður því hvaða íslenskir þættir eru textaðir. Hvað þá veðurfréttir, jafnvel þegar óveður geisar. Skyldi þetta efla íslenska menningu og uppfylla kröfur um almannavarnir? Hefur þá nefskatturinn borið tilætlaðan árangur fyrir alla? Hvað veldur því þegar tækni er augljóslega til staðar að textað efni er skammtað ofan í heyrnarskerta?

Fjöldi heyrnarskertra og þeirra sem þurfa á textavarpi að halda er talinn vera um 40-50.000 manns og fer ört vaxandi. Hvernig getur RÚV tekið sér það vald að velja og hafna fyrir heyrnarskerta? Hvernig getur það viðgengist hjá ríkisreknum fjölmiðli á borð við RÚV að beinlínis valda einangrun heyrnarskertra, rétt eins og um sakamenn sé að ræða?

Hvert geta heyrnarskertir snúið sér ef umboðsmaður Alþingis tekur ekki á málinu? Hvað skyldi mannréttindadómstóll Evrópu segja ef til hans yrði leitað? Ætti ekki að vera forgangsmál að leysa gíslana úr einangruninni sem viðgengist hefur fram til þessa – áður en ráðist er í háskerpusjónvarpstól og tæki?

Hinn 19. júlí sl. birtust eftirfarandi upplýsingar frá Páli Magnússyni útvarpsstjóra: „Síðustu þrjú árin, frá 2009, hefur rekstur RÚV verið í góðu jafnvægi – með hagnaði upp á 45 m.kr. að meðaltali á ári." Það skýtur því skökku við að ekki sé hægt að texta íslenskt efni að fullu, rétt eins og gert er með allt erlent efni. Forgangsröðunin virðist þó m.a. birtast í yfirboði á sýningum á íþróttaleikjum við einkareknar stöðvar á borð við Stöð 2.

Þessi meðferð á heyrnarskertum er til háborinnar skammar fyrir land og þjóð og krefst leiðréttingar strax. Allt sem þarf er vilji og siðferði. Hvort er mikilvægara að skila hagnaði hjá RÚV eða þjónusta alla landsmenn með þeim hætti sem RÚV ber að gera samkvæmt lögum?

Ég skora á alla heyrnarskerta að hafna meðferðinni og krefjast réttlætis á við aðra landsmenn, án geðþóttaúthlutunar textavarps í smáskömmtum. Nú loksins eru fréttir textaðar en þó bara fréttir – ekki fréttatengdir þættir á borð við Kastljós eða veðurfréttir. Látum ekki bjóða okkur að láta stinga upp í okkur snuði og segja við okkur: „Svona, þetta er alveg nógu gott fyrir ykkur. Hafið ykkur bara hæg." Eða eru mannréttindi bara munaður fyrir þá sem glíma ekki við fatlanir?




# Hvað er lesblinda?

MENNTUN



Sturla Kristjánsson
sálar- og uppeldisfræðingur og Davis-ráðgjafi

**➜ Lesblindan er lærð og þeir sem læra hana eiga þá náðargáfu að geta hugsað í myndum – upplifað hugsanir sem myndskeið.**

Lesblinda er ekki meðfædd, ekki sjúkdómur sem fólk fær eða er með – lesblinda er árangur misheppnaðrar lestrarkennslu. Þeir, sem hugsa í þrívíðum myndum, eru sagðir lesblindir þegar lestrarkennsla þeirra, byggð á hljóðun bókstafa og hljóðmyndum orða, gengur ekki upp. Lestrarkennsla, sem byggð er á merkingarmyndum orða, er þeim nauðsynleg til árangurs.

Myndhugsandi læra lestur með því að upplifa merkingu orða.

Tungumálið er manngert verkfæri þróað til samskipta og málnotkunin er því lærð færni en ekki meðfæddur hæfileiki eða eðlislægur. Aftur á móti er skynjun okkur meðfædd eða eðlislæg – við upplifum að vera til og upplifum tengsl við umhverfið – „lesum" umhverfið – okkur til bjargar og afkomu. Skynjun leiðir af sér hugsun og hugsunin gerir okkur fært að leysa verkefni – gera óþekkta hluti þekkta og gera síðan það þekkta óþekkjanlegt!

Að upplifa skynjun er því reynsla sem leiðir af sér skynsemi, vit eða greind. Maðurinn er ekki með viti borinn, að vita og þekkja er afrakstur reynslu – án reynslu er engin þekking. Það sem við upplifum ekki hefur enga merkingu fyrir okkur. Skynjun og upplifun veruleikans gefur okkur merkingarmyndir – merkingarmyndir sem eru nauðsynlegar máltökunni. Að tala er að segja frá því sem við höfum upplifað. Við munum eða endurlifum fyrri reynslu í hugunum og lærum hljóðmyndir fyrir merkingarmyndir reynslunnar. Upplifun merkingar og hugsun eru forsendur talmáls sem síðan leiðir af sér ritmál. Máltakan hefst með talmálinu, – hlustun og tali, – en notkun ritmáls, – lestur og ritun, – er lokaþátturinn. Án lestrar er máltakan ekki fullkomnuð.

**Lesblinduleiðrétting**

Myndræn skynjun og myndhugsun er okkur meðfædd en þegar við lærum að tala förum við að hugsa í orðum eða hljóðmyndum orða í stað merkingarmynda. Hljóðmyndir orða eru síðan varðveittar í rituðu máli eða sjónmyndum sem raðað er saman úr táknum – bókstöfum.

Börn læra að tala í faðmi fjölskyldunnar. „Kennslan" er óformleg og stjórnast mest af áhuga og getu barnsins. Þegar börnin koma í skóla, hefst formleg lestrarkennsla. Öllum eru ætluð sömu viðfangsefni, sömu aðferðir og sami árangur á sama tíma.

Flestum farnast vel, en þó eru alltaf nokkur sem sjá lítinn árangur. Kennslan hentar þeim ekki, þau læra ekki að lesa, þau læra að geta ekki lært að lesa – þau læra að vera lesblind.

Myndræn börn, sem ekki njóta lestrarkennslu við hæfi, ná ekki valdi á lestri og eru sögð lesblind. Þau lenda síðan í afleiddum erfiðleikum þegar fram í sækir og námsárangur byggist æ meir á lestri námsbóka. Getur þá svo farið að góðir námsmenn gefist upp og hverfi frá námi, jafnvel að ráði skólans.

Það er aldrei of seint fyrir myndhugsuði, sem hafa „lært" lesblindu, að fara í endurhæfingu – losna við lesblinduna og fara að njóta hæfileika sinna.

Lesblindan er lærð og þeir sem læra hana eiga þá náðargáfu að geta hugsað í myndum – upplifað hugsanir sem myndskeið.

Með lesblinduleiðréttingu má ná fullkomnum tökum á lestri og útrýma þannig „lesblindunni".

Lesblinduleiðrétting hentar öllum, sem ekki hafa notið lestrarkennslu við hæfi og eru því sagðir lesblindir.

# Fjölmenning og faglegt skólastarf

TRÚMÁL



Jóhann Björnsson
kennari og stjórnarmaður í Siðmennt

**➜ Börn sem ekki tilheyra stærsta trúfélaginu hafa allt of oft þurft að mæta afgangi í grunnskólum landsins, grunnskólum sem lögum samkvæmt eiga að vera fyrir alla.**

Nýverið birtist í dagblaði viðtal við móður nemanda í grunnskóla. Móðirin gerði athugasemd við að barnið hennar hefði ekki fengið þá kennslu sem því bar á meðan meirihluti árgangsins fór í fermingarfræðsluferð á vegum kirkjunnar. Hér er ekki um nýjar fréttir að ræða. Grunnskólar hafa allt of oft fórnað fagmennskunni með þessum hætti. Börn sem ekki tilheyra stærsta trúfélaginu hafa allt of oft þurft að mæta afgangi í grunnskólum landsins, grunnskólum sem lögum samkvæmt eiga að vera fyrir alla.

Á síðasta ári fermdust 209 börn borgaralega. Í fermingarfræðslunni barst reglulega í tal hver staða þeirra innan grunnskólans væri. Fyrir utan kæruleysi grunnskólanna þegar kemur að fermingarfræðsluferðunum á skólatíma höfðu mörg barnanna aðra og dapurlegri sögu að segja úr íslensku skólastarfi. Sum þeirra nefndu það sérstaklega að það væru kennarar í skólunum sem af einhverjum ástæðum spyrðu nemendur að því hvort þau ætluðu að fermast. Þegar fermingarbörn Siðmenntar sögðust ætla að fermast borgaralega var þess oft krafist að þau útskýrðu hvað í því fælist. Nokkur barnanna sögðu mér að þau hafi útskýrt það eftir bestu getu en kennararnir sögðu eftir útskýringar þeirra að þeir skildu samt ekki þessa borgaralegu fermingu. Einn drengurinn sagði mér að honum hafi sárnað viðbrögð kennarans vegna þess að hann vissi að kennarinn vildi ekki skilja út á hvað borgaraleg ferming gengur og hvers vegna ætti hann þá að vera að spyrja. Það er ekki gott og því síður gaman að vera 13 ára nemandi í skyldunámi og þurfa að eiga samskipti við jafn ónærgætið og illa faglega statt fólk.

Nú stefnir í að um 300 börn fermist borgaralega í vor og ég vona að kennarar í grunnskólum landsins geri sér grein fyrir því að við búum ekki eingöngu í fjölmenningarlegu samfélagi þar sem fólk er misjafnt og má vera það, heldur kemur kennurum og öðrum starfsmönnum grunnskólanna ekki við hvort börn ætli sér að fermast eða ekki. Menntamálaráðuneytið setti fyrr á þessu ári fram reglur um samskipti skóla og trúfélaga á öllum skólastigum. Í þeim reglum segir meðal annars: Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum. Höfum það í huga.

ILMURINN AF KAFFINU LAÐAR FRAM HÁTÍÐARSTEMNINGUNA

# Þú finnur jólagjafirnar hjá okkur

**AEG**
FAVOLA PLUS



AEG FAVOLA PLUS kaffivélin er hönnuð frá grunni í samstarfi við LAVAZZA á Ítalíu.
Vélin notar hylki með sérvöldu kaffi frá LAVAZZA – Cappuchino, Cafe Latte, Espresso, Americano

**– alltaf ferskt og frábært.**

**Lítil, nett og pottþétt kaffivél nútímamannsins.**

TIL Í MÖRGUM ÚTFÆRSLUM OG LITUM






*Kíktu í kaffi!*

**AEG**

AEG hefur aldrei brugðist aðdáendum sínum þegar kemur að kaffivélum.

Eigum fjölbreytt úrval af klassískum kaffivélum. Flottar og þægilegar gæðavélar sem duga vel og lengi.



## NIVONA

**Ástríða í kaffigerð**

Þessi hágæða kaffivél svarar öllum kröfum kaffigæðinga.

Frábær sjálfvirk kaffivél til heimilisnota og í vinnunni.

**Svissnesk/þýsk nákvæmni.**






Emile Henry
FRANCE

**FLAME LEIRPOTTARNIR frá Emile Henry**

Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu.

Frönsk leirvara.
Frönsk matarmenning.
Betra bragð og meira næringargildi.

**Tefal** POTTAR&PÖNNUR

TÆR SNILLD!

Jamie Oliver



## TILBOÐ Á AEG RYKSUGUM



**20% AFSLÁTTUR**

*Frábær heimilistækin í eldhúsið*

**VELDU VANDAÐ ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF!**

**AEG**
*- það segir allt.*



## UPPÞVOTTAVÉL

FAVORIT 45010-W/M

12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A

**AEG**



TILBOÐSVERÐ – **99.900,- HVÍT** **109.900,- STÁL**

# ORMSSON

**Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-15**

**LÁGMÚLA 8 • REYKJAVÍK • SÍMI 530 2800 • ORMSSON.IS**

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR-Byggingavörur** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SUÐÁRKRÓKI | SILGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# Villandi umfjöllun um utangarðsfólk

SAMFÉLAG



Þorleifur Gunnlaugsson
varaborgarfulltrúi VG

Fréttablaðið fjallaði um utangarðsfólk í síðasta helgarblaði og svo í mánudagsblaðinu. Þar var rætt við formann velferðarráðs og framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.

**Ekki vísað frá?**

Í helgarblaðinu var grein undir fyrirsögninni: „Ekki fleiri heimilislausum vísað frá“ og var þar vísað til þess að opnað hefur verið annað neyðarskýli fyrir karla, til bráðabirgða. Fyrirsögnin er villandi, því um er að ræða rými fyrir fimm manns (eins og kemur reyndar fram síðar í fréttinni), en fyrir liggur að fleirum hefur verið vísað frá Gistiskýlinu í ár og allt að sjö karlar hafa til að mynda gist fangelsi af þessum sökum. Það má því búast við því að áfram verði fólki vísað frá neyðarskýlum.

Í fréttinni eru eftirfarandi ummæli höfð eftir Björk Vilhelmsdóttur:

„En það er forgangsmál að koma í veg fyrir að menn þurfi að sofa úti. Það hefur alltaf verið stefna okkar.“

Utangarðsmenn hafa þurft að sofa úti allt þetta ár og reyndar á síðasta ári líka. Björk og félagar voru fyrr á árinu búin að hafna því staðfastlega að fjölga plássum, en skiptu um skoðun nýverið vegna mikils þrýstings, þó þannig að ekki verður öllum tryggð gisting. Yfirlýsing Bjarkar hvað þetta varðar er því vægast sagt villandi.

**Hafna heimilislausir húsnæði?**

Í grein Fréttablaðsins á mánudag undir fyrirsögninni „Heimilislausir hafna húsnæði“ er vitnað í Sigtrygg Jónsson, sem beinlínis er sagður halda þessu fram. Í fréttinni er reyndar dregið úr alhæfingunni, sagt að um þetta séu dæmi og vitnað í Björk Vilhelmsdóttur: „Sumir eru hreinlega fastir á þessum stað í tilverunni, að gista í Gistiskýlinu og nýta sér neyðarúrræði í stað þess að reyna að koma undir sig fótunum.“

**➜ Allt tal um þjónustukeðju er hins vegar marklaust ef ekki eru til búsetuúrræði til að taka við umræddum einstaklingum. Slík úrræði eru ekki í pípunum af hálfu borgaryfirvalda ef marka má nýsamþykkta fjárhagsáætlun.**

Staðreyndin er sú að fyrir utan Mýrina (fyrir konur í neyslu) hafa ekki komið fram nein sérstök búsetuúrræði fyrir utangarðsfólk síðan árið 2008. Á þessum tíma hefur utangarðsfólki fjölgað hratt. Áhrifa þessa gætti í fyrra, þegar verið var að vísa frá Gistiskýlinu tvisvar í mánuði að jafnaði, en sprenging hefur orðið á þessu ári og nú er verið að vísa frá tæplega 57 sinnum á mánuði að jafnaði. Öll úrræði eru löngu fullnýtt, þó svo að alltaf sé einhver hreyfing.

Vaxandi skortur er á almennu félagslegu húsnæði og virkir fíklar eru ekki í fyrsta sæti þegar verið er að úthluta þangað. Fyrir þá sem komnir eru á götuna er því verulega erfitt að koma undir sig fótunum.

**Viðvarandi skortur á úrræðum**

Á fundi sem haldinn var um málefni utangarðsfólk um daginn sagði einn fundarmanna frá því að hann væri að reyna að komast úr Gistiskýlinu og í heimili fyrir utangarðsfólk á Njálsgötu, en þar losnaði ekkert nema einhver deyi. Á sama fundi vitnaði undirritaður í samtal við tvo utangarðsmenn sem vilja vera edrú en gengur illa því þeim er ekki boðið upp á neitt annað en að gista með mönnum í neyslu í Gistiskýlinu í Þingholtsstræti.

Björk Vilhelmsdóttir segir í síðara viðtalinu að verið sé „að vinna í að breyta inntökuskilyrðum í Gistiskýlið og búa til þjónustukeðju. Þannig fari menn af einum stað á annan og geti ekki hafnað tilboðum.“

Þessu er til að svara að fíknin er harður húsbóndi og auðvitað eru þeir til sem láta alla sína fjármuni renna til kaupa á vímugjöfum og eiga ekki fyrir leigunni. Gagnvart þeim verður að fara aðrar leiðir en að setja skilyrði sem fela í sér hótun um brottrekstur úr neyðarskýli.

Allt tal um þjónustukeðju er hins vegar marklaust ef ekki eru til búsetuúrræði til að taka við umræddum einstaklingum. Slík úrræði eru ekki í pípunum af hálfu borgaryfirvalda ef marka má nýsamþykkta fjárhagsáætlun. Fréttaflutningur af þessu tagi er ekki til þess fallinn að auka skilning á vandanum, því af honum má jafnvel ráða að vandinn sé utangarðsfólki sjálfu að kenna.

## AF NETINU

### Heimur versnandi fer

Þegar ég var smábarn, kenndi afi mér að lesa á búðaskilti. Man enn, hversu skrítið mér fannst heitið Pfaff. Varð fluglæs fjögurra ára. Nú eru ekki afar og ömmur á heimilum. Fimm ára fór ég í skóla á Hringbraut. Þar lærðu allir að lesa. Sex ára fór ég til Kristínar á Bárugötu. Þar kunnu allir að lesa, lærðu landafræði og sagnfræði af bókum.

Nú eru hámenntaðir í fimm ár að læra að kenna átta árgöngum, 5-13 ára, að lesa sér til gagns. Samkvæmt PISA bilar þetta. Hef ekki hugmynd um, hvernig á því stendur. Og enginn lærir sagnfræði eða landafræði, sem 6 ára börn lærðu fyrir 70 árum. Heimur versnandi fer.

http://www.jonas.is

*Jónas Kristjánsson*




FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

– Margverðlaunaður lífeyrissjóður



**Frjálsi lífeyrissjóðurinn var nýlega valinn besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með undir milljón íbúa af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE).**

**Sjóðurinn hefur hlotið fjölmörg alþjóðleg verðlaun:**

- 2013 – Besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með undir milljón íbúa
- 2011 – Besti lífeyrissjóður á Íslandi
- 2010 – Besti lífeyrissjóður á Íslandi
- 2009 – Besti lífeyrissjóður á Íslandi
- 2005 – Besti lífeyrissjóður Evrópu í þemaflokknum Uppbygging lífeyrissjóða

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er í rekstri hjá Arion banka, er um 130 milljarðar að stærð og sjóðfélagar eru um 47 þúsund talsins. Sjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða 12% skylduiðgjald og jafnframt þeim sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Þú færð upplýsingar um Frjálsa lífeyrissjóðinn í næsta útibúi Arion banka, á www.frjalsilif.is, með því að senda fyrirspurn á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða í síma 444 7000.

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Arion banki

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-3186

markhönnun ehf




PARTÍRÉTTIR
**3.493 KR**




NÝJIR HEILSURÉTTIR FJÖLSKYLDUNNAR
**3.493 KR**




HEILSUBAKSTUR
AUÐUR I. KONRÁÐSDÓTTIR
**2.583 KR**

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ




FLOTTAR NEGLUR
**1.879 KR**




AMMA GLÆPON
DAVID WILLIAMS
**2.793 KR**




DAGBÓKIN MÍN
**1.973 KR**



DÚKKULÝSUTASKAN MÍN
**1.973 KR**




ÍSLENSKU DÝRIN MÍN
**1.979 KR**




ONE DIRECTION
**1.393 KR**




STUÐBÓK SVEPPA
**2.753 KR**




ÓVÆNT VINÁTTA
JENNIFER S. HOLLAND
**1.973 KR**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir
og amma,

**UNNUR JAKOBSDÓTTIR**
**Digranesvegi 80,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð,
Kópavogi, þriðjudaginn 3. desember.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent
á líknarstofnanir. Útförin fer fram frá
Digraneskirkju, föstudaginn 13. desember kl. 13.00.

**Bent Bjarnason** — **Helga Helgadóttir**
**Anna Þórdís Bjarnadóttir** — **Stefán R. Jónsson**
**Jakob Unnar Bjarnason** — **Þóra Kristín Vilhjálmsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



Bróðir okkar,

**BÖÐVAR JÓNSSON**
**bóndi í Norðurhjáleigu, Álftaveri,**

lést á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum
Kirkjubæjarklaustri 1. desember. Útförin
fer fram frá Þykkvabæjarklausturskirkju
laugardaginn 14. desember klukkan 13.00.

**Systkini og aðrir aðstandendur.**



Bróðir minn,

**HALLGRÍMUR KRISTINSSON**

verður jarðsettur frá Bústaðakirkju
mánudaginn 9. desember kl. 13.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Stefán Sigurðsson** — **Guðrún Ágústsdóttir**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG E. SIGVALDADÓTTIR**
**(GÓGÓ)**
**áður Austurbergi 38,**
**og Þórsgötu 5, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli
mánudaginn 2. desember. Útför hennar
fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík 10. desember kl.13.00.

**Guðrún R. Rafnsdóttir** — **Tryggvi Kárason**
**Örn Rafnsson** — **Þórdís Þórarinsdóttir**
**Rannveig Rafnsdóttir**
**Rafn Rafnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Bróðir okkar,

**PÁLMI HARÐARSON**
**Asparfelli 4,**
**Reykjavík,**

lést af slysförum erlendis mánudaginn
25. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

**Kristín og Viðar Harðarbörn**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi,
bróðir, kær vinur og fósturfaðir,

**KRISTINN SIGFÚSSON**
**frá Norðurkoti,**

sem lést 25. nóvember á Hrafnistu
í Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá
Grafarvogskirkju föstudaginn 6. desember
kl. 13. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Gerður Kristinsdóttir**
**Hrönn Kristinsdóttir** — **Magnús Sigríðarson**
**Sigfús Kristinsson** — **Hildur Friðþjófsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn,**
**Guðmundur Sigfússon**
**Helga Haraldsdóttir, börn og barnabörn.**



**Í FYLGD GEIMFARA** Andri og Bill Anders, geimfari úr Appolló 8., ferðuðust um svæðið norðan Vatnajökuls í sumar þar sem sá síðarnefndi var við æfingar sumurin 1965 og 1967. MYND/SINDRI REYR EINARSSON

# Neil Armstrong var skemmtilegur dansari

**Jarðneskur Máni nefnist eitt tuttugu verkefna sem Vinir Vatnajökuls veittu fjárstyrk í vikunni. Það snýst um gerð myndar um æfingarferðir bandarískra geimfara til Íslands.**

„Þetta er skemmtilegt verkefni. Við héldum að við vissum út í hvað við værum að fara en það frábæra er að stöðugt bætist við heimildirnar,“ segir Andri Ómarsson hjá fyrirtækinu Mons, sem meðal annarra vinnur að heimildarmynd um komu bandarískra geimfara til Íslands á sjöunda áratugnum. Þar leita þeir svara við því af hverju geimfararnir komu hingað og í hverju þeir lentu, en Ísland var eina landið utan Bandaríkjanna sem þeir stunduðu æfingar á.

„Við höfum komist í samband við flesta geimfarana sem voru hér, með hjálp NASA. Allir tóku vel í að spjalla við okkur,“ lýsir Andri og nefnir sérstaklega Bill Anders, geimfara úr Appolló 8. „Anders var sá eini sem kom bæði 1965 og 1967, vegna áhuga síns á jarðfræði og líka vegna þess að hann hafði verið hér við herskyldu og eignast íslenska vini. Einum vini sínum bauð hann út að horfa á geimskotið, tók íslenskan tíeyring með sér umhverfis tunglið og gaf þessum vini sínum þegar hann lenti aftur á jörðinni. Þegar ég náði í Anders sagði hann: „Fyrir Íslendinga vil ég gera hvað sem er,“ og bætti við í gríni: „Best væri náttúrlega að taka viðtalið á Íslandi.“ Það þróaðist þannig að við buðum honum hingað og hann var með okkur í átta daga í sumar, ferðaðist um þær slóðir sem æfingarnar voru á og hann hafði veitt silung með Neil Armstrong, fyrsta tunglfaranum. Þarna kynntist maður persónulegri hlið geimfara. Það er akkúrat það sem við reynum að gera, að ná fram persónulegum sögum,“ segir Andri og rekur dæmi. „Við hittum til dæmis konu sem á hundraðkrónuseðil sem hún lét alla geimfarana skrifa nöfn sín á. Þegar hún var að sýna okkur hann sagði hún: „Hann Neil Armstrong var nú skemmtilegur dansari.“ Þá hafði hún farið á dansiball með honum.“

Þótt mikið frétta-og myndefni sé til frá komu geimfaranna hingað og ágæt frásögn í bók Sigurðar Boga Sævarssonar Fólk og fréttir kveðst Andri hafa komist að mörgu sem hvergi hefur verið birt. „Nýlega fengum við í hendur dagbók Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings sem sá um kennslu geimfaranna, ásamt fleirum. Sigurður rekur söguna frá degi til dags. Við eigum líka eftir að taka fleiri viðtöl, meðal annars við tvo geimfara.“

Vinir Vatnajökuls styrktu nýlega Andra og félaga í annað sinn. „Æfingarnar fóru fram innan þess svæðis sem nú tilheyrir þjóðgarðinum, aðallega við Öskju, og myndin sameinar menningu, jarðfræði og sögu,“ segir Andri og biður þá sem luma á gullmolum um geimfarana að hafa samband við fyrirtækið Mons. En hvenær býst hann við að myndin komist á koppinn? „Við vonumst til að hún verði frumsýnd í október eða nóvember 2014.“

## Önnur styrktarverkefni Vina Vatnajökuls og verkefnisstjórar

**Aldursgreining gróðurleifa við Breiðamerkurjökul,** Snævarr Guðmundsson.
**Bráðnandi jöklar Íslands og hið hnattræna umhverfi,** Gísli Pálsson.
**Brunasandur. Mótun lands og samfélags,** Guðrún Gísladóttir.
**Fossar á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs,** Guðrún Á. Jónsdóttir.
**Fræðslubæklingur um Klausturstíg,** Jóna Björk Jónsdóttir.
**Fræðsluefni um jarðfræði, líffræði og náttúruverndargildi háhitasvæðisins í Kverkfjöllum,** Rannveig Magnúsdóttir.
**Handbók um jarðfræði Austurlands,** Christa Maria Feucht.
**Hljóðritun á hljóðvist Vatnajökulsþjóðgarðs,** Magnús Bergsson.
**Hreindýr og menn: Sýning um sambúð manna og hreindýra á Austurlandi,** Unnur Birna Karlsdóttir.
**Jarðfræði- og náttúrunemaverkefni,** Hólmfríður Halldórsdóttir.
**Jöklastígur – Breiðamerkursandur II áfangi,** Haukur Ingi Einarsson.
**Kynning og markaðssetning gönguleiða við suðurbrún Vatnajökuls,** Guðrún Sigurðardóttir.
**Mælingar á yfirborði og yfirborðsbreytingum íslenskra jökla með leysimælingum,** Tómas Jóhannesson.
**Náttúrustígur,** Kristín Hermannsdóttir.
**Snjallleiðsögn í Skaftárhreppi,** Sandra Brá Jóhannsdóttir.
**Sporðaköst – Vefframsetning á jökulsporðamælingum Jöklarannsóknafélags Íslands,** Tómas Jóhannesson.
**Vefmyndavél á Grímsfjalli,** Magnús Tumi Guðmundsson.
**Heildarbæklingur um Vatnajökulsþjóðgarð,** Snorri Baldursson.
**Örnefnaarfur – rafræn skráning örnefna í Skaftárhreppi,** Ólafía Jakobsdóttir.

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**GUÐLAUG LILLÝ ÁGÚSTSDÓTTIR**
**lyfjafræðingur úr Hafnarfirði,**

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri
mánudaginn 2. desember. Útförin auglýst síðar.

**Gunnar Einarsson** — **Guðrún S. Kristjánsdóttir**
**Hjörleifur Einarsson** — **Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Þóra Einarsdóttir** — **Rúnar Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Faðir okkar og tengdafaðir,

**SIGURGEIR HALLDÓRSSON**
**áður bóndi Öngulsstöðum,**
**Eyjafjarðarsveit,**

sem lést föstudaginn 29. nóvember
verður jarðsunginn frá Munkaþverárkirkju
laugardaginn 7. desember kl. 13.30.

**Jóhannes Geir Sigurgeirsson** — **Ragnheiður Ólafsdóttir**
**Halldór Sigurgeirsson** — **Sigríður Ása Harðardóttir**
**Jóna Sigurgeirsdóttir** — **Lúðvík Gunnlaugsson**
**Snæbjörg Sigurgeirsdóttir** — **Friðrik Friðriksson**
**og fjölskyldur.**

## BÍLAR & FARARTÆKI

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotaklettthalsi.is



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgerð 2010, ekinn 77 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.530.000 Tilboð 6.990.000. Rnr.130878.

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotaklettthalsi.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



SUBARU Forester. Árgerð 2010, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.160332. Tilboð kr: 2.890.000,-



KIA Rio. Árgerð 2013, ekinn 33 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.450.000. Rnr.990638. 6.5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



KIA Sorento ex luxury 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 47 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.160463. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2006, ekinn 143 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.090.000. Rnr.210263.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

PLANIÐ bílasala 517 0000



TOYOTA Hilux double cab d/c, sr 35". Árgerð 2008, ekinn 123 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur með leðri. Verð 4.490.000. Listaverð 4.650.000. Rnr.261291.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið virka daga mán - fös 10-18**
**www.planid.is**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



VW TRANSPORTER 2005 ÁRGERÐ EKINN 166Þ KM BEINSKIPTUR BENSÍN Verð 1350þ RAÐNÚMER 104533



TOYOTA AVENSIS 2012 ÁRGERÐ EKIN 26Þ KM BEINSKIPTUR BENSÍN VERÐ 3960 RAÐNÚMER 104541 Hrikalega flottur bíll hlaðin aukabúnaði.



TOYOTA COROLLA VERSO 2004 ÁRG EKINN 116Þ KM SJÁLFSKIPTUR 7 MANNA BENSÍN VERÐ 1450 RAÐNÚMER 320012 FRÁBÆR FJÖLSKYLDU BÍLL

**Bílakaup**
**Funahöfða 13, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

BILO.IS
HÖFÐAHÖLLIN



LAND ROVER DEFENDER 110 TDS STORM STW 01/2005, ekinn 150 Þ.km, dísel, 5 gíra. Verð 3.290.000. Raðnr.311088

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

GE BÍLAR



**TILBOÐ 2.690.000-**
NISSAN X-trail diesel. Árgerð 2008, ekinn 128 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000- TILBOÐ 2.690.000. ath skipti góður bíll Rnr.760207.

**GE Bílar**
**Bolafæti 1, 260 Reykjanesbær**
**Sími: 420 0400**
**www.gebilar.is**

100 bílar.is bílasala



HUMMER H2 Luxury 37". Árgerð 2006, ek 82 Þ.KM, bensín, sjálfsk, 2x 37" dekkjagangar, DVD, Driflæsing, Loftdæla, Flottur og vel búinn, Ásett verð 4.990þ.kr, Rnr.114300. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**DAEWOO NUBIRA ÁRG 2004**
Ek. 83.000 km. Sjálfsk. Leður innréttingar. Topplúga. Rafmagn í öllu. DVD spilari m/magasíni. Verð 850 þús. Tilboð 590 þús. Upplýsingar í síma 8660784.

## 250-499 þús.



Toyota Corolla Station árg. ,00 gott eintak í toppstandi , ek. 205þús auka dekk og fl..Verð 350þús. Uppl. Í s: 897-2025.



**TILBOÐ SJÁLFSKIPTUR DEKURBÍLL**
Vw Golf Highline 1.6 árg 02" 5d, Ss, ek. 145þ, sk 14" topplúga spoiler heilsársdekk ofl. Allt glænýtt í bremsum allan hringinn ofl. Verð 650þ TILBOÐ 450þ staðgreitt! 100% visa/ mastercard lán í boði S. 666 0675

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Lyftarar



Til sölu eða leigu Bravi Caddy tiltýnslutæki. Árg.2012. 15 vinnust. Lyftihæð 3,35m. Tínsluhæð ca.5,2m. Strikafrí dekk. Innbyggt hleðslutæki. Kraftvélar ehf - S.535-3500 -www. kraftvelar.is

## Flug



Flugvéla kit til sölu. Sonerai L2 complet með mótor og mælum. Nýr vw 2,2 með startara og magnetu. Allt nema málning. Uppl. í s. 892 8825.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Lítið keyrð tvö 13 tommu Marshal nagladekk. Stærð: 155/80R13 79Q Lítið keyrð fjögur 13 tommu Cooper sumardekk. Stærð: 175/70R13 82 T Verð 6.000 stk. Ef öll eru keypt 5.000 stk. Sími 661-5998

## Varahlutir

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## til sölu





**Desember tilboð**
**á meðan birgðir endast.**
**Frábær 31" jeppadekk á frábæru verði.**
**Aðeins 22.600.- pr.stk.**
VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG
**Skútuvogi 8 • Rvk • S. 567 6700**

## PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
**Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.**

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Frítt verðtilboð. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

**Sími 567 6699**
**kristjan@vidhald.is**

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**bílaland**
**- NOTAÐIR BÍLAR -**
**www.bilaland.is**



NISSAN Navara Double Cab LE. Nýskr. 03/07, ekinn 135 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.390.000.** Rnr.130773.



CHEVROLET Tahoe LS 4X4. Árgerð 2003, ekinn 147 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.990.000.** Rnr.141625.



TOYOTA Land Cruiser 120GX. Nýskr. 06/05, ekinn 197 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.590.000.** Rnr.191203.



SUBARU Forester LUX. Nýskr. 05/08, ekinn 86 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.550.000.** Rnr.280716.



NISSAN Patrol Luxury 38". Nýskr. 02/06, ekinn 131 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 5.990.000.** Rnr.141651.



KIA Sorento Classic. Nýskr. 07/05, ekinn 155 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 1.920.000.** Rnr.191120.



VW Passat Comfort Line. Nýskr. 08/05, ekinn 121 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.290.000.** Rnr.270564.

Kletthálsi 11
**525 8000**
www.bilaland.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



Þjóðlagagítarpakki kr:23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125,www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.






**FALLEG KVÖLDLJÓS**

Mikið úrval af fallegum saltkristalslömpum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 14-18, lau 12-15 Sími 517-8060. www.ditto.is

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.

**Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**

**220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Hljóðfæri

Mjög vel með farinn Yamaha Flygill (190 cm) til sölu. Einnig til sölu lítið notað píanó. Uppl. í s. 899 3133.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Bækur




Nafnlausa stúlkan Sönn saga stúlku sem ólst upp hjá hópi hettuapa í frumskógi Kólumbíu. www.heimaerbezt.net




Frú Kennedy og ég Náin lýsing á forsetafrúnni Jackie Kennedy rituð af lífverði hennar, Clint Hill. www.heimaerbezt.net

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd



**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**DO YOU NEED TRANSLATIONS FROM/TO CHINESE?**

**DO YOU WANT TO LEARN CHINESE OR LEARN CHINESE HOME COOKING?**

Tek að mér bréfaskriftir/viðskiptabréf á kínversku.

Contact Wang Yan

**Tel: 5611889/6189645 email: yangliu8304@sina.com**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**TILVALIN JÓLAGJÖF F. FJÖLSK.**

Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. 14. des. Uppl. í s. 897 6229.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**3.HERBERGJA ÍBÚÐ Í 101**

Til leigu 80 fm íbúð við Bergþórugötu. Laus 1.jan. Verð kr. 180 000. Uppl. í s.8949045

Til leigu lítil einstaklingsíbúð (25fm) í Hlíðunum(105),með húsg.Sérinng. Laus 1.jan.Hentug nemanda. Reykl.S.5537768

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 180 fermetra iðnaðarhúsnæði við Suðurhellu í Hafnarfirði. Bílalyfta getur fylgt. Uppl. 822 4200.

**TIL LEIGU SKRIFSTOFUHERBERGI**

Lítil og meðalstór skrifstofuherbergi með aðg. að internet tengingu, kaffist. og wc, miðsv. í Rvk. Uppl. s. 899 3760

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**STELLA - BANKASTRÆTI**

Óskar eftir starfskrafti til jóla, lágmarkslaldur 18 ár. Umsóknir ásamt mynd sendist á stella@stella.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




## skemmtanir







ARMANDO TESTA
A MODO
MIO
LAVAZZA
THE REAL
ITALIAN ESPRESSO
EXPERIENCE
FAVOLA CAPPUCCINO.
TRULY ITALIAN TASTE EFFORTLESSLY PREPARED.
Söluaðilar: Rafha, Víðir og Ormsson verslanir um allt land.
www.lavazzamodomio.com



KL. 19:50 LOGI Í BEINNI

Gestir Loga í kvöld verða þau Össur Skarphéðinsson, María Birta Bjarnadóttir og Benedikt Valsson.

**Skemmtilegt** föstudagskvöld

KL. 19:25
POPP OG KÓK
Unnur Eggertsdóttir fjallar um allt það nýjasta á sviði kvikmynda- og tónlistar.



KL. 20:40
HARRY POTTER
AND THE HALF-BLOOD PRINCE
Harry Potter byrjar 6. árið sitt í Hogwarts-skólanum og uppgötvar gamla bók sem er merkt blendingsprinsinum.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
HAYWIRE
Njósna- og spennutryllir af bestu gerð með einvalaliði leikara.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 20:30
SUPER FUN NIGHT
Þrjár klaufalegar vinkonur eru staðráðnar í að láta ekkert stoppa sig í að leita að fjöri á föstudagskvöldum.



3 | KL. 20:55
X-FACTOR USA
Einn vinsælasti skemmti-þáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**

2 3 Krakka stöðin POPP TÍVÍ BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD


## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 5 | 3 | | | | |
| 7 | 2 | | | 8 | | | | 5 |
| 3 | | | | | 2 | | | |
| 5 | 7 | | 4 | | 1 | 6 | | |
| | | 2 | | | 6 | 1 | | |
| | | | 3 | | | 7 | | |
| | 4 | | | | 5 | | 2 | 1 |
| | 6 | | | | | | | 4 |
| 2 | 8 | 3 | 1 | | 9 | | 7 | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 8 | | | | 9 | 4 |
| | 4 | | | | 6 | | | |
| | 7 | | | | 5 | | | 3 |
| | 5 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 4 | |
| 9 | | | 6 | | | 3 | 5 | |
| | | 4 | 7 | | | | | |
| | | 5 | | 9 | | | 6 | |
| 1 | | 3 | | | 2 | 7 | | |
| 4 | 6 | | | 8 | | | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | | 1 | 5 |
| 9 | 3 | | | | | | | |
| 7 | | | 3 | | | | | |
| 2 | 9 | | | 7 | 8 | | | |
| | | | | 5 | 3 | 7 | | |
| | | | 4 | | 6 | | | |
| | | | 5 | | 4 | | 9 | |
| | | 1 | | 8 | 9 | 5 | | 6 |
| | | | | | 2 | | 8 | 4 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 9 | 3 | 7 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 |
| 5 | 7 | 4 | 6 | 9 | 1 | 2 | 8 | 3 |
| 3 | 5 | 2 | 7 | 8 | 4 | 1 | 6 | 9 |
| 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 2 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 4 |
| 9 | 8 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 | 2 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 | 1 | 8 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 1 | 2 | 8 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 4 | 3 | 1 | 8 | 9 |
| 6 | 3 | 8 | 1 | 7 | 9 | 2 | 5 | 4 |
| 3 | 1 | 5 | 9 | 2 | 7 | 6 | 4 | 8 |
| 7 | 8 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 6 | 3 | 5 | 8 | 7 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 3 | 1 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 7 | 9 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 3 |
| 6 | 3 | 7 | 5 | 1 | 9 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 | 6 | 9 | 1 |
| 3 | 8 | 9 | 6 | 5 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 8 | 7 | 3 | 4 | 5 |
| 5 | 7 | 4 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 | 6 |
| 7 | 5 | 3 | 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 |
| 2 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 5 | 2 | 3 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Andstreymið afhjúpar snillina, sem velgengnin dylur.

*- Hóras*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** rófa, **6.** hvort, **8.** saur, **9.** gyðja, **11.** tveir eins, **12.** laust bit, **14.** framvegis, **16.** berist til, **17.** iðka, **18.** drulla, **20.** persónufornafn, **21.** krakki.

**LÓÐRÉTT**
**1.** klöpp, **3.** bardagi, **4.** peningar, **5.** svelg, **7.** fáskiptinn, **10.** gogg, **13.** útsæði, **15.** máttur, **16.** hryggur, **19.** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** hali, **6.** ef, **8.** tað, **9.** rán, **11.** uu, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** bt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** krói. **LÓÐRÉTT: 1.** berg, **3.** at, **4.** lausafé, **5.** iðu, **7.** fálátur, **10.** nef, **13.** fræ, **15.** magn, **16.** bak, **19.** ró.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Rússar urðu heimsmeistarar landsliða en keppninni lauk í gær í Antalya í Tyrklandi. Rússinn Ian Nepomniachtchi (2.721) vann Úkraínumanninn Yuriy Kryvoruchko (2.701).**

**Hvítur á leik:**



**41. Hc3!** (Svartur lék síðast 40. …Df6-a1??). **41. …Hde8?** (41. …Hg6 var best en hvítur er með hartnær unnið eftir 42. e5). **42. Dc2!** Svartur gafst upp þar sem hann er varnar-laus gegn 43. Hd1. Rússar unnu Úkraínumenn sem skipti sköpum í baráttunni um heimsmeistaratitilinn. **www.skak.is.** Skráning í Friðriksmót Landsbankans er hafin.

markhönnun ehf

Gildir **6. - 8.** des. 2013




ÚTKALL - LÍFRÓÐUR
ÓTTAR SVEINSSON
**3.596** KR




AFMÆLISVEISLUBÓK
DISNEY
**2.984** KR

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ




BARNIÐ ÞITT ER Á LÍFI
ELÍN HIRST
**4.193** KR




FÖRÐUN SKRF FYRIR SKREF
KRISTÍN STEFÁNSDÓTTIR
**3.755** KR




JÓLASMÁSYRPA - TVENNA
**986** KR




POLLÝANNA
**2.793** KR




KONUNGAR KLJÁST
GEORGE R.R.
**2.963** KR




JÓLAANDINN
GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON
**2.653** KR




BERNSKUDAGAR
ÓSKAR JÓHANNSON
**3.937** KR




MEISTARASÖGUR
**1.995** KR


**nettó** bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Nú er hægt að fá gjafakortið í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar. Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar

Skrifstofa Bónus: Opin alla virka daga kl. 9-17 Skútuvogi 13 Sími: 527 9000







Kærleikshandbókin frá Tolla komin í Bónus,- aðeins 2998 kr.




698 krónur 500ml

898 krónur 100ml

| | | |
|---|---|---|
| **MOROCCAN** OIL NÆRING | 500ml | **698** KR. |
| **MOROCCAN** OIL SJAMPÓ | 500ml | **698** KR. |
| **MOROCCAN** HÁROLÍA | 100ml | **898** KR. |



**2998** krónur 940g.

## Nóa gjafakonfektkassi



**AMERÍSK RAUÐ EPLI**
*NÝ UPPSKERA*

**359** kr. kg.




**1798 kr.** 630g

**Nóa konfekt allir bestu molarnir**




**AMERÍSK RAUÐ EPLI**
*NÝ UPPSKERA -SMÁ Í POKA 1.36 KG*

**479** kr. 1.36 kg.



DÖNSK KUBBAKERTI
12x6sm. **259** kr.
18x7sm. **459** kr.





Jólapappír 10m x 70sm
**298** kr.rúllan

lengd 10 m / breidd 70 sm

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NAUTA Veisla
NAUTGRIPAHAKK FRÁ SPÁNI
1298 krónur kg.
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
598 krónur kg.
BÓNUS GRÍSABÓGUR HRINGSKORINN
BÓNUS Grísahakk
698 krónur kg.
BÓNUS GRÍSAHAKK
NAUTA Veisla
FERSKT NAUT-GRIPASNITSEL
1998 krónur kg.
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
1298 krónur kg.
BÓNUS FERSKUR ÚRBEINAÐUR GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU
NAUTA Veisla
FERSKT NAUT-GRIPAGÚLLAS
1998 krónur kg.
BÓNUS Grísahnakkafille
998 krónur kg.
BÓNUS FERSKT GRÍSAHNAKKAFILLE
ÍSLANDS NAUT
2598 krónur kg
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAPIPARSTEIK
BÓNUS BACON
1598 krónur kg
BÓNUS BAYONNE SKINKA
1159 krónur kg.
ÚR GRÍSABÓG BÓNUS NÝREYKT BAYONNESKINKA
FRÁ ÞÝSKALANDI
100% KJÖT
2298 krónur kg
FROSIN Úrbeinuð kalkúnabringa
ÍSLANDS LAMB
HAUST SLÁTRUN 2012
3598 krónur kg.
ÍSLANDSLAMB Ferskt lambafillet
Gríms Plokkfiskur
998 krónur 1 kg.
GRÍMS PLOKKFISKUR 1 KG.
HEIMILIS BRAUÐ
239 krónur stk.
MYLLU Heimilisbrauð 770g
NÝ BAKAÐ
198 krónur 4 stk.
BÓNUS Kornkubbar 4 teg.
Fjórir í poka
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30



**Í SMIÐJUNNI** Hafsteinn Austmann sýnir vatnslitamyndir um helgina.

## Hafsteinn í Smiðjunni

Myndir eftir listmálarann Hafstein Austmann verða til sýnis og sölu í Smiðjunni listhúsi í Ármúla um helgina og næstu daga. Um er að ræða vatnslitamyndir eftir Hafstein frá ýmsum tímum sem hafa verið á sýningum á Norðurlöndum. Þá verða einnig til sýnis og sölu nokkur olíumálverk eftir Hafstein, sem er með þekktustu myndlistarmönnum landsins. „Þetta eru verk frá ýmsum tímum, allt frá 1960 til 2010, spanna hálfa öld, og því fjölbreytt flóra. Mér hefur alltaf fundist sérstaklega gaman að mála með vatnslitum,“ segir listamaðurinn, sem er tæplega áttræður að aldri.

Hafsteinn hefur undanfarna áratugi unnið jöfnum höndum með vatns, olíu- og akrillitum. Hann hefur frá sínum fyrstu kynnum af abstraktlistinni haldið tryggð við hana og litameðferðin er hans sterka einkenni.

# Er með sængina í skottinu

Bjarki Sveinbjörnsson ferðast um landið og skrásetur minningar um horfinn heim. Viðtölin eru hluti af rannsóknarverkefni Tónlistarsafns Íslands og verða aðgengileg almenningi á netinu.



**BJARKI SVEINBJÖRNSSON** forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands ferðast um landið og safnar frásögum Íslendinga. MYND/TÓMAS

„Ætli það sem drífur mann áfram sé ekki bara einskær áhugi á samfélaginu og fólki. En þetta er auðvitað smá klikkun,“ segir Bjarki Sveinbjörnsson, forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands. Hann hefur, ásamt Jóni Hrólfi Sigurjónssyni, verkefnisstjóra safnsins, staðið fyrir viðamiklu verkefni sem gengur út á að skrásetja sögur Íslendinga sem fæddir eru í kringum 1930.

„Hugmyndin hjá okkur kviknaði þegar við færðum viðtöl Árnastofnunar við tvö þúsund Íslendinga yfir á stafrænt form. Þetta voru viðtöl við Íslendinga fædda um aldamótin 1900. Okkur fannst tími á að tala við næstu kynslóð. Halda verkefninu áfram og bæta í sarpinn,“ segir Bjarki.

Áherslan í viðtölunum er á tónlistina, og má kannski segja að Bjarki feti í fótspor Jón Leifs og Bjarna Þorsteinssonar sem skrásettu íslensku þjóðlögin og rímur en „…svo er það auðvitað menningarsagan, saga byggðarinnar og fólksins sjálfs,“ segir Bjarki.

Hann hefur nú þegar lagt land undir fót og tekið fjölda viðtala sem sum hver er að finna á Facebook-síðu tónlistarsafnsins.

### Miklar breytingar

„Maður dáist auðvitað að hinu blómlega menningarlífi sem var hér á landi á árunum 1930-1960 þegar viðmælendur mínir voru ungir. Það voru leikfélög, ungmennafélög, héraðsmót og dansleikir. Fólk þurfti sjálft að búa til sína eigin skemmtun. Og svo auðvitað einangrunin. Það voru margir sem rifjuðu það upp að hafa þurft að búa við mikla einangrun og slæmar samgöngur,“ segir Bjarki.

Samfélagið breyttist mikið með flutningi fólks á mölina. Þar sem áður voru líflegir verslunarkjarnar er nú ein bensínstöð. Bjarki segir: „Auðvitað er þetta skrásetning á horfnu samfélagi. En það sem lifir áfram eru kirkjukórarnir og svo kvenfélögin.“

### Harmóníka og orgel

Bjarki segir að aðalhljóðfæri fólks á þessum árum hafi verið harmóníkan. „… og heimilisorgelið, ekki má gleyma því. Tónlistarlífið spratt upp úr þessum hljóðfærum og svo var líflegt kórstarf víðs vegar um land, karlakórar og kvartettar. En eftir fólksfækkunina þarf kannski að smala fólki frá þremur, fjórum sveitarfélögum til að geta haft söng við messu.“ Þetta viðamikla verkefni nýtur styrkja frá Rannís og samfélagssjóði Landsbankans. Bjarki segist þakklátur fyrir þá styrki sem þeir hafa hlotið. Þeir fari vel með aurinn.

„Jú, þetta dugar fyrir bensíni og svefnpokaplássi,“ segir Bjarki og hlær. Hann undirbýr nú næstu ferð um uppsveitir Árnessýslu og Rangárvallasýslu. „Ég er með sængina í skottinu og við reynum að nýta hverja krónu. Þetta er heilmikil vinna. Bæði að ferðast og taka viðtölin og svo að vinna úr þeim. Þetta verður allt skráð inn á Ísmús-gagnagrunninn, vandlega flokkað og aðgengilegt öllum.“

**- sb**


HEIMABÍÓ Í EINUM HÁTALARA



JBL by HARMAN

JBL Cinema SB200

HELSTU KOSTIR
- Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
- Harman Display Surround tækni
- Þráðlaus Bluetooth tenging
- Einfalt í uppsetningu

VERÐ 59.990

Bluetooth®

Sjónvarpsmiðstöðin

SM.IS

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

# HÚRRA FYRIR HÖFUNDUNUM!

## — BARNA- OG UNGLINGABÆKUR —



Andri Snær Magnason



Sif Sigmarsdóttir



Sigrún Eldjárn



Vilhelm Anton Jónsson




★★★★
FB / Fréttablaðið




★★★★
KG / DV

★★★★
ALÞ / Morgunblaðið

★★★★
BGS / Pressan.is




**„Sigrún er hér í fantaformi.“**
HB / Spassian.is




★★★★½
IG / Morgunblaðið

# ÍSLENSKU
## BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNINGAR 2013

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# Tómas R. fær lof og prís

**Kólumbískt vefrit gefur toppeinkunn.**

Nýr latíndiskur Tómasar R. Einarssonar kontrabassaleikara, Bassanótt, fær toppeinkunn hjá kólumbíska vefritinu Solarlatinclub.com, en það er helsta vefsíðan helguð latíntónlist í hinum spænskumælandi heimi. Gagnrýnandinn Luis Felipe Valero segir Tómas framúrskarandi lagahöfund og Bassanótt sé að líkindum besti latíndiskur hans til þessa. Þá sé hann í hópi þeirra fáu tónlistarmanna sem feti nýjar slóðir með hverjum diski. Tvö lög Tómasar hafa komið út á safndiskum í Kólumbíu.



**BASSANÓTT** Nýr diskur Tómasar R. fær hól í Kólumbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI








**ÞAU SEM SÝNA** Andrea Arnarsdóttir, Andri Björgvinsson, Arnar Bergmann Sigurbjörnsson, Bergrún Anna Hallsteinsdóttir, Borghildur Tumadóttir, Hjálmar Guðmundsson, Ylva Frick, Sara Ósk Rúnarsdóttir, Sigríður Þóra Óðinsdóttir og Síta Valrún.

# Tímatengd list nema sýnd í Nýlistasafninu

**Tíu myndlistarnemar á öðru ári opna í kvöld sýningu á tímatengdri list í Nýlistasafninu. Verkin eru afrakstur fimmtán vikna námskeiðs í myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Löng hefð er fyrir nánu samstarfi LHÍ og Nýló.**

Tíu nemendur á öðru ári í myndlistardeild Listaháskóla Íslands sýna afrakstur fimmtán vikna námskeiðs um tímatengda miðla í Nýlistasafninu frá og með kvöldinu í kvöld. Á námskeiðinu var unnið með kvikmyndatækni, gjörninga, hljóð- og myndbandsverk og allt sem talist getur til tímatengdra miðla. Sýningin nefnist Innrím og nemendurnir sýna þar afrakstur námskeiðsins, en þeir nálgast viðfangsefnið á fjölbreytilegan máta.

„Við getum sagt að sýningin sé niðurstaða vangaveltna nemendanna um tímatengda list,“ segir Gunnhildur Hauksdóttir, safnstjóri Nýlistasafnsins og einn leiðbeinendanna á námskeiðinu. „Þau fá aðstöðu til að setja verkin upp hér enda er löng hefð fyrir nánu samstarfi Listaháskólans og Nýlistasafnsins. Þetta er í annað sinn sem við tökum þessa nemendur að okkur en Nýlistasafnið er auðvitað sögulega séð það safn sem mesta rækt hefur lagt við tímatengda list, gjörninga, tilraunir með kvikmyndir og svo framvegis.“

Tveir gjörningar verða fluttir á opnuninni í kvöld: Presto, Adagio, Tempo di Menuetto eftir Andra Björgvinsson klukkan 20.30 og Þungi eftir Hjálmar Guðmundsson klukkan 21.30. Gunnhildur segist ekki eiga von á því að þeir verði endurteknir á sýningartímanum.

Sigurður Guðjónsson leiddi námskeiðið en auk hans kom fjöldi leiðbeinenda við sögu. Nemendurnir sem sýna eru: Andrea Arnarsdóttir, Andri Björgvinsson, Arnar Bergmann Sigurbjörnsson, Bergrún Anna Hallsteinsdóttir, Borghildur Tumadóttir, Hjálmar Guðmundsson, Ylva Frick, Sara Ósk Rúnarsdóttir, Sigríður Þóra Óðinsdóttir og Síta Valrún.

Sýningin stendur til 15. desember. fridrikab@frettabladid.is

# Flytja tónlist tengda árinu 1913

**Verk eftir Britten, Árna Thorsteinsson og de Falla hljóma í Salnum síðdegis á morgun í flutningi Hönnu Dóru Sturludóttur og Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur.**

„Mig langaði að taka eitthvað eftir Benjamin Britten í tilefni þess að hundrað ár eru frá því að hann fæddist. Ég hef verið aðdáandi hans um langt skeið. Mér finnst stíllinn hans svo frábær því hann er óhræddur við að taka efni beint úr lífinu,“ segir Hanna Dóra Sturludóttir messósópransöngkona sem syngur í Salnum á morgun við undirleik Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur píanóleikara. Þær taka tvo ljóðaflokka eftir Britten sem Hanna Dóra kveðst ekki hafa sungið áður. Annar þeirra er A Charm of Lullabies, vöggusöngvar sem hún segir ólíka innbyrðis, suma mjög ljúfa, aðra með strangari tón og einn sem túlki meiri hörku. Hún kveðst ekki hafa prófað þá á börnum. „En eins og margir foreldrar þekkja er stundum erfitt að vita hvaða brögðum á að beita til að svæfa,“ segir hún glaðlega. Í hinum ljóðaflokknum eru kabarettlög.



**TÓNLISTARKONURNAR** Þær Hanna Dóra og Steinunn Birna koma fram á tónleikum á morgun sem tilheyra röðinni Klassík í Salnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Svo fór ég að hugsa hvað ég gæti haft með Britten og hóf að grafast fyrir um íslensk lög sem hægt væri að tengja við þetta ártal. Þá datt ég niður á þrjú sönglög eftir Árna Thorsteinsson sem hann samdi í leikritið Lénharð fógeta eftir Einar H. Kvaran en það var einmitt frumsýnt árið 1913,“ heldur Hanna Dóra áfram og nefnir að síðustu ljóðaflokk á dagskránni eftir spænska tónskáldið Manuel de Falla, frá sama tíma. „Þar sem ég hef verið að syngja Carmen var gaman að halda áfram í spænskum stíl.“

- gun

markhönnun ehf



-50%




MEISTARASÖGUR
**1.995** KR
~~3.990~~




BESTA SVARIÐ
**5.598** KR

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ



MY LITTLE PONY
**1.944** KR




ÍSLAND
**1.944** KR




TURTLES
JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON
**3.946** KR




TÍSKUBÓKIN
EVA DÖGG SIGURGEIRSDÓTTIR
**3.343** KR




SKAGFIRSKAR SKEMMTISÖGUR
BJÖRN JÓHANN BJÖRNSSON
**1.973** KR




VON
SAGA AMAL TAMIMI
**3.953** KR




RIPLEY'S
VÍRAÐ AF VEFNUM
**3.244** KR




JÓAKIM AÐALÖND
VIÐSKIPTALEIKUR
**4.898** KR

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FÖSTUDAGUR

**6. DESEMBER**

## Tónleikar

**12.00** Árni Heiðar Karlsson, jazzpíanóleikari mun leika einleik á flygilinn á hádegistónleikum í Háteigskirkju. Á efnisskránni eru lög af Mold, nýútkominni plötu píanóleikarans sem hefur fengið glimrandi viðtökur á þessu hausti.

**19.00** Emilíana Torrini heldur tvenna tónleika í Eldborgarsal Hörpu ásamt hljómsveit sinni. Fyrri tónleikarnir hefjast kl. 19.00 og þeir seinni kl. 22.30. Miðasala á midi.is.

**21.30** Blúsfestival fer fram á Hendrix en þar efna nokkrar hljómsveitir til blúsveislu og munu leika fjölbreytta blústónlist, bæði fumsamda og þekkta slagara eftir meistara blússögunnar. TIlvalið að hlýja sér í vetrarfrostinu undir hlýjum blústónum á skemmtistaðnum Hendrix við Gullinbrú. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

**23.00** Ingvar Grétarsson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Góðir gestir koma í heimsókn!

## Sýningar

**17.00** Flautuleikarinn Jón Guðmundsson sýnir málverk sín í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg.

**17.00** Sýningaropnun Sigurrósar Svövu Ólafsdóttur fer fram í Listasal Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2. Þetta er einkasýning Sigurrósar undir heitinu Felumyndir.

**20.00** Héraðssýningin Hér á ég heima verður opnuð í Kaffi Laufási, gamla prestshúsinu, í Grýtubakkahreppi. Sýningin er hluti af afmælissýningaröð Minjasafnsins á Akureyri sem varð 50 ára á síðasta ári.

## Málþing

**14.00** Málþing í tilefni þess að nú eru 100 ár liðin frá fæðingu Alberts Camus fer fram í Hannesarholti, Grundarstíg 10, 101 Reykjavík. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur stendur fyrir málþinginu sem ber yfirskriftina Náttúran í verkum Camus.

## Fyrirlestrar

**12.00** Hvað afmarkar landamæri ríkja? Opinn fyrirlestur á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála og Alþjóðamálastofnunar í Lögbergi, stofu 101. Allir velkomnir.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*






**HVAÐ MÁ GERA BETUR?** Bryndís Björgvinsdóttir stýrir umræðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Áhrif loftslagsbreytinga á hönnun

Í dag fer fram ráðstefna og fyrirlestur um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á hönnun í Listaháskóla Íslands. Guðni Elísson prófessor heldur fyrirlestur um loftslagsbreytingar og síðan verða umræður um áhrif þeirra á hönnun með þátttöku Katrínar Káradóttur, aðjúnkts í fatahönnun, Garðars Eyjólfssonar, lektors í vöruhönnun, Halldórs Eiríkssonar arkitekts og Dóru Ísleifsdóttur, prófessors í grafískri hönnun.

„Hönnuðirnir ætla að tala um eigin verk í þessu samhengi og líka hugleiða hvað má gera betur, hvert stefnir og hvaða áherslur þurfa að vera skýrar," segir Bryndís Björgvinsdóttir rithöfundur sem stýrir umræðum.

„Þetta er í tilefni af því að loftslagsráðstefnunni í Póllandi var að ljúka. Þar kom fram að meiri koltvísýringur er að losna út í andrúmsloftið en áður þegar losunin ætti einmitt að vera að dragast saman." Hún segir að mikilvægt sé að velta fyrir sér hlutverki hönnuða og listamanna á umbrotatímum eins og þessum. Ráðstefnan fer fram í Þverholti 11, fyrirlestrasal A, klukkan 15 til 17. **- ue**



**VINSÆLL** Ólafur Páll Gunnarsson, eða Óli Palli, hefur stýrt þessum vinsæla þætti í áraraðir.

## Rokkland á tímamótum

Síðastliðinn sunnudag fór 900. þátturinn af Rokklandi í loftið á Rás 2. Þátturinn hefur verið á dagskrá vikulega frá árinu 1995. Fyrst um sinn var þátturinn á laugardögum en var svo færður yfir á sunnudag. Ólafur Páll Gunnarsson þáttastjórnandi hefur undanfarna tvo sunnudaga fjallað um sögu þáttarins og rifjað upp skemmtileg viðtöl. Þessari tímamótaumfjöllun lýkur í næsta þætti, sem verður númer 901 í röðinni. Hann verður á Rás 2 klukkan 16.05 á sunnudag og endurfluttur 22.05 á þriðjudagskvöld. **- kak**

# ÍSLENSK TÓNLIST Í JÓLAPAKKANN




## FRIÐRIK ÁRITAR OG SYNGUR
LAUGARDAG kl. 14 í Smáralind




## STEINAR ÁRITAR OG SYNGUR
LAUGARDAG kl. 14 í Kringlunni og
SUNNUDAG kl. 14 í Kringlunni




## RAGGI ÁRITAR OG SYNGUR
SUNNUDAG kl. 15 í Smáralind



## EYÞÓR INGI OG ATÓMSKÁLDIN




## BJÖRGVIN ÁRITAR OG SYNGUR
LAUGARDAG kl. 16 í Smáralind og
SUNNUDAG kl. 14 í Smáralind




## KALEO ÁRITA OG SPILA
LAUGARDAG kl. 16 í Kringlunni,
kl. 17 í Smáralind og
SUNNUDAG kl. 15 í Kringlunni og
kl. 16 í Smáralind




## KK OG ELLEN




## HELGI ÁRITAR OG SYNGUR
LAUGARDAG kl. 15 í Smáralind

JÓLAGJAFIR ALLAN SÓLARHRINGINN
24
í Garðabæ og Skeifunni



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KRÓNAN

# Krónan
# Opið til m
## Alla helgina!




Lindum
iðnættis

# AÐFANGADAGUR Á STOFNUNUM

Vegna tímabundinna aðstæðna neyðist fólk stundum til þess að dvelja inni á stofnunum eða í neyðarskýlum yfir hátíðarnar. Fréttablaðið tók forstöðumenn slíkra stofnana tali og spurði út í jólahefðirnar.



**„Hátíðisdagana reynum við að hafa eitthvað betra í matinn á kvöldin en venjulega.**

**Gistiskýlið**

## Enginn fer í jólaköttinn



„Við skreytum húsið og setjum aðventuljós í gluggana. Hátíðisdagana reynum við að hafa eitthvað betra í matinn á kvöldin en venjulega. Á aðfangadag fara allir í Hjálpræðisherinn sem býður heimilislausum í jólamat. Við lokum skýlinu á meðan. Svo opnum við aftur klukkan átta um kvöldið. Ég veit ekki hvað var í matinn í fyrra en þetta er alltaf rosalega flottur hátíðismatur. Nokkrir úr hópnum eru fastagestir. Það er mjög fátítt að þessi hópur sé með fjölskyldunni sinni á aðfangadag. Það eru einhverjir örfáir sem eru hjá ættingjum um jólin. Aðrir eru hjá okkur. Svo hefur Vogur verið duglegur að kippa mönnum inn um hátíðarnar. Það fá allir jólagjafir frá Samhjálp og svo fá menn einhverjar jólagjafir aukreitis. Það fer enginn í jólaköttinn, allir fá pakka.“

***Þórir Haraldsson,** dagskrárstjóri og yfirmaður Gistiskýlisins við Þingholtsstræti*

**Kvennaathvarfið**

## Ekki skortur á kræsingum



„Tilhögun jólahalds fer eftir ástandinu í húsinu. Við högum þessu eftir því hvernig konurnar í húsinu vilja hafa þetta. Það eru alltaf einhverjar konur og einhver börn hjá okkur um jólin. Við höldum eins jólaleg jól og við getum. Margir hugsa fallega til okkar í kringum jólin. Þess vegna skortir hér ekkert í kræsingum og hér eru pakkar fyrir alla. Við borðum jólamatinn klukkan 18. Svo opnum við pakka. Hér eru konur víðs vegar að úr heiminum þannig að við fáum að heyra ýmislegt um jólahald í útlöndum. Stundum eru líka hérna konur sem ekki eru kristnar og eru að upplifa sín fyrstu jól.“

***Sigþrúður Guðmundsdóttir,** framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.*



**Kvíabryggja**

## Allir fangar á Kvíabryggju fá pakka



„Á Kvíabryggju hefur myndast hefð fyrir því að kæsa skötu á Þorláksmessu. Svo kemur hingað prestur um tvöleytið á aðfangadag. Með honum mæta félagar í Lionsklúbbnum og Rauða krossinum. Eftir messu er drukkið kaffi. Við borðum hamborgarhrygg klukkan 18. Yfirleitt hefur alltaf verið hangikjöt á jóladag eins og á mörgum heimilum. Við reykjum kjötið sjálfir og það hefur heppnast vel hjá okkur.

Svo skreytum við jólatré á Þorláksmessu sem Lionsklúbburinn hefur gefið okkur og margir setja pakka undir. Allir fangar fá pakka frá Vernd. Samhjálp hefur líka verið að gefa þeim. Svo fá þeir jólapakka senda að heiman. Einn sér um að lesa á jólapakkana og þetta er mjög heimilislegt. Svo fá menn heimsóknir frá fjölskyldu og vinum.“

***Viggó Högnason,** forstjóri í afleysingum á Kvíabryggju.*

**Vistheimili barna**

## Stundum geta börnin ekki farið neitt



„Stemningin á jólunum hérna fer eftir því hver er á vakt og hvaða börn eru hér, á hvaða aldri þau eru og hversu mörg. Fjöldi barna getur breyst með nokkurra klukkutíma fyrirvara. Hingað koma stundum börn beint af fæðingardeildinni sem eru nokkurra daga gömul og allt upp í tólf ára. Hér er borðað klukkan 18 á aðfangadag. Það er sjaldgæft að börn séu hér um jólin, en það kemur fyrir að börnin geta ekki farið neitt. Við reynum að hafa svolítið hátíðlegt yfir jólin fyrir þau börn sem eru hér.

Við skreytum hérna og reynum að hafa sem jólalegast. Börnin fá jólagjafir og í skóinn og það er líka haldið upp á afmælin þeirra. Þau fá afmælisgjafir og velja hvað er í matinn kvöldið áður en þau fara heim. Um áramótin er horft á flugeldana. Það er erfitt að fara með þessi litlu kannski en það er gott útsýni hérna yfir dalinn á flugelda.“

***Ólafur Gísli Reynisson,** forstöðumaður á Vistheimili barna.*



**„Um áramótin er horft á flugeldana. Það er erfitt að fara með þessi litlu kannski en það er gott útsýni hérna yfir dalinn á flugelda.**









**Vogur**

## Aftansöngur eftir AA-fund



**„Um þessi jól verður dönsk jólaskinka og frönsk súkkulaðikaka og ís í eftirrétt. Svo er hangikjöt á jóladag.**

„Ef hægt er reynum við að útskrifa fólk fyrir jólin. Þá erum við að tala um fólk sem á heimili eða stuðning og net í kringum sig, en það eru auðvitað ekki allir. Það er alltaf minna í húsinu en venjulega þessa daga. Fólk er ekkert æst í að vera á Vogi yfir jólin. Það hefur þrengt að hjá þeim sem neyðast til þess, en sá hópur er ekki einsleitur. Það er alveg niður í unglinga stundum. Við reynum að koma unglingum fyrir heima hjá sér. Þetta er eini dagur ársins þar sem sjúklingar á Vogi mega fá heimsóknir frá ættingjum. Heimsóknir eru leyfðar í einn og hálfan klukkutíma eftir hádegi á aðfangadag. Eftir heimsóknirnar kemur tónlistarmaður og spilar jólalög. Svo flytur prestur hugvekju síðdegis um fjögurleytið. Borðhald hefst klukkan 17. Um þessi jól verður dönsk jólaskinka og frönsk súkkulaðikaka og ís í eftirrétt. Svo er hangikjöt á jóladag og lambalæri á gamlársdag og kalkúnn á nýársdag. Það er jólatré á ganginum og pakkar undir. Allir fá eitthvað að minnsta kosti og sumir fá gjafir að heiman. Svo kveiki ég á aftansöng jóla eftir AA-fund og stundum eru spilaðir jólatónleikar af teipi.“

***Páll Geir Bjarnason,** dagskrárstjóri á Vogi*

# SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

# ÚTSALA

-60% -20% -40% -60% -20% -40%

**KARRIMOR COLORADO VATNSHELDIR GÖNGUSKÓR BARNA**
karrimor

5.590KR

**ADIDAS LK 5 BARNA**
adidas

5.590KR

**EVERLAST ARIZONA HERRA**
EVERLAST

5.990KR

**KARRIMOR MOUNT MID KVENNA**
karrimor

6.990KR

**TAPOUT GRAPPL GRIFFLUR**
TAPOUT

3.990KR

**NO FEAR HJÓLABRETTI BARNA**
NO FEAR

2.790KR

**GOLDDIGGA VELÚR GALLI KVENNA**
**MARGIR LITIR**
golddigga

4.990KR

**KARRIMOR FLÍS VESTI HERRA**
karrimor

3.590KR

**NIKE BÓMULLARBUXUR HERRA**
**MARGIR LITIR**

6.790KR

**HOT TUNA PEYSA HERRA**
**MARGIR LITIR**

8.390KR

## SPORTS DIRECT - LINDUM - SKÓGARLIND 2 - KÓPAVOGI

OPNUNARTÍMI Í DESEMBER:
12.DES - 18. DES: 10-22 | 19.DES - 23. DES:10-23
Aðfangadagur: 10-16 | Jóladagur: Lokað
Annar í jólum: Lokað

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Nike · Slazenger · adidas




facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

## NÝTT KREDITKORTATÍMABIL

Hin **Fullkomma** Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com a íslandi!*

SPORTS DIRECT.COM GJAFAKORT
Gildir í verslunum Sportsdirect.com á Íslandi!



**Á HVÍTA TJALDINU** Emmsjé Gauti heitir réttu nafni Gauti Þeyr Másson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Í kvikmynd sem fer á Sundance

Rapparinn Emmsjé Gauti lék í kvikmynd sem er á leiðinni á kvikmyndahátíðina Sundance. Hann var í skýjunum að sjá nafn sitt í gagnagrunninum IMDb.

Kvikmyndin Land Ho!, sem rapparinn Emmsjé Gauti leikur í, er á leiðinni á kvikmyndahátíðina Sundance. Gauti leikur lítið hlutverk í myndinni en segja má að hann hafi verið réttur maður á réttum stað þegar myndin var gerð.

„Fólkið á bak við myndina var statt hér á landi við tökur. Ég afgreiddi hluta hópsins á skemmtistaðnum Dolly's. Einhverjum þeirra þótti ég fullkominn í ákveðið hlutverk. Síðan kom í ljós að ég átti að leika einhvern sturlaðan gaur sem var að gefa „glowsticks“,“ segir Gauti. Hann reiknar ekki með því að fylgja aðstandendum myndarinnar á Sundance.

„Ég mæti ef þau bjóða mér, sem ég efast um að gerist.“

Gauti gladdist ótrúlega þegar hann sá nafn sitt á kvikmyndagagnagrunninum IMDb.com og íhugar nú að leggja leiklistina fyrir sig. „Það var frábært að sjá nafnið sitt á IMDb. Ég er bara að hugsa um að setja tónlistina og vinina til hliðar og hella mér í kvikmyndaleik,“ segir Gauti í gamni en verður svo ögn alvarlegri:

„Þetta er fyrst og fremst bara skemmtilegt krydd í tilveruna.“ -kak

> **Ég mæti ef þau bjóða mér, sem ég efast um að gerist.**
> *Emmsjé Gauti*

# VIÐ ELDUM EKKI!

Með auknu framboði á skyndibita hér á landi minnkar þörfin fyrir að elda heima fyrir. Í niðurstöðum breskrar rannsóknar, sem birtar voru fyrr á árinu, kemur í ljós að 49 prósent fólks á aldrinum 25 til 34 ára velja skyndibita fram yfir eigin eldamennsku og eyða yfir hálfri milljón króna á ári í mat sem aðrir elda. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom einnig fram að íbúar London eyða tvöfalt meira en aðrir í skyndibita.




Fólk hefur mismunandi ástæður fyrir því að borða skyndibita fremur en að elda sjálft. Fréttablaðið ræddi við þau Ágúst Bent Sigbertsson, leikstjóra og tónlistarmann, og Margréti Erlu Maack, sirkuslistakonu og spurningahöfund í Gettu betur, sem elda nánast aldrei. Rökstuðningurinn fyrir því að elda ekki er mismunandi, en mikill erill og barnleysi spilar þar stóra rullu. Einnig voru hagfræðilegar skýringar og gagnrýni á skammtastærðir í verslunum nefndar til sögunnar.

„Nú er orðið allavega meira en ár frá því að ég fór síðast í Bónus eða aðrar slíkar verslanir, fyrir utan þegar ég fer í Nóatún og kaupi tilbúinn kjúkling,“ segir Ágúst Bent Sigbertsson. Bent segist borða úti um það bil þrisvar á dag. Spurður út í kostnaðinn við það, segist hann vilja eyða miklu í mat. „Mér finnst það skipta miklu máli. Ég vil hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið,“ útskýrir Bent. Hann notar eldhúsið sitt afar lítið. „Yfirleitt borða ég á veitingastöðum. En ef ég borða heima er það sjaldnast í eldhúsinu. Ég nota ísskápinn minn mjög lítið, nema til að kæla bjór, gos og geyma pitsuafganga,“ segir Bent. Hann hefur fjölda ástæðna fyrir því að elda ekki sjálfur. Sterkustu rökin séu þó þau að aðrir séu betri en hann í að elda. „Ég vil hafa atvinnumenn í að elda, frekar en að ég sé að skítamixa eitthvað sjálfur. Ég vil að menn, sem eyða öllum deginum sínum í að elda og eru góðir í því, matreiði eitthvað fyrir mig. En þegar maður er kominn með börn og fjölskyldu þá eru miklu meiri rök fyrir því að elda sjálfur.“

„Aðrir líta á það sem lúxus að fara út að borða en ég lít á það sem lúxus að elda. Ég er bara svo upptekin og dagarnir svo óútreiknanlegir að ég á erfitt með að koma eldamennskunni að,“ segir Margrét Erla Maack. Hún lítur á mat sem eitt af sínum helstu áhugamálum og notar það sem rökstuðning fyrir því að verja fjárhæðum í mat. „Foreldrar mínir hafa oft skammað systur mína og mig fyrir hversu miklu við eyðum í mat. Systir mín orðaði það svo skemmtilega þegar hún sagði að við litum á mat sem áhugamálið okkar og margir eyddu mun meira en við í áhugamálin sín. Mér finnst ég vera að fjárfesta í sjálfri mér og eigin geðheilsu þegar ég kaupi góðan mat því ég verð mjög leiðinleg ef ég borða vondan mat eða ef ég verð svöng.“ Margrét fundar mikið þessa dagana og er hádegið vinsæll fundartími og þá helst á veitingastöðum. Dagarnir eru líka gjarnan erilsamir og sjaldan rúm til að gefa sér tíma í eldamennskuna. Margrét segir einnig erfitt að skipuleggja innkaupin langt fram í tímann. „Ég hef reynt að kaupa inn fyrir vikuna, en það gekk ekki vel. Ég þurfti að henda helmingnum af því sem ég keypti inn því það skemmdist. Ég hef reynt að stofna félag um grænmetisinnkaup, ásamt vini mínum, þar sem við lögðum mikla áherslu á salatinnkaup, því það kemur gjarnan í svo stórum pakkningum. Í matvöruverslunum eru pakkningar reyndar bara yfirleitt of stórar fyrir einhleypa. Þannig má réttlæta ferðir á veitingastaði með umhverfisrökum, að maður sé að koma í veg fyrir sóun á matvælum með því að borða úti.“

kjartanatli@frettabladid.is

## BRETAR OG SKYNDIBITAR FÓLK Á ALDRINUM 25-34 ÁRA EYÐIR HELMINGI MEIRA EN FÓLK ELDRA EN 45 ÁRA Í SKYNDIBITA

**49%**
fólks á aldrinum 25-34 ára eyða mestum peningum í skyndibita. Fólk á þessum aldri segist ekki hafa tíma eða vilja til þess að elda sjálft.

**21**
**þúsund krónum** eyðir hver einstaklingur að meðaltali á mánuði í skyndibita.

**12**
skyndibitamáltíðir á mánuði að meðaltali eru keyptar af hverjum einstaklingi.

**KARLMENN KAUPA SÉR OFTAR SKYNDIBITA EN KONUR**

| KARLMENN | KONUR |
|---|---|
| 151 | 126 |
| sinni á ári að meðaltali | sinnum á ári að meðaltali |

*Byggt á breskri rannsókn gerðri af OnePoll. Úrtakið var 2.000 manns. Rannsóknin var framkvæmd í mars 2013 og niðurstöður birtar í apríl.*

Gæði á Dorma-verði!

MIAMI svefn-tungusófi



AÐEINS 149.900 JÓLATILBOÐ

Fullt verð krónur 169.900
Stærð: 240x90 Tunga: 225 Hæð: 90 cm.
Grátt slitsterkt áklæði. Rúmfatageymsla í tungunni.

NÝ HEIMASÍÐA dorma.is SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

DORMA – býður góða nótt

Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800 • OPIÐ: Virka daga kl. 10.00–18.00 og laugardaga kl. 11.00–16.00
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100


Já, já, já!
Ný boxmáltíð á KFC
BLAZIN'
Tower Zinger-borgari
Blazin' Tower Zinger-borgari með kartöfluskífu, osti, iceberg og sjóðheitri sósu, þrír Hot Wings, franskar, gos og maís eða kokteilsósa!
Sjóðheit boxmáltíð á aðeins
1.590 kr.
VARÚÐ! LOGANDI STERKT!
complete
crispy
Secret Blend of Spices
100% WHOLE CHICKEN
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| MACHETE KILLS VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:20 | 12 |
| PRISONERS SÍÐUSTU SÝNINGAR | KL. 5 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:20 | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8 | 12 |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 5 - 10:20 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:40 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| DIE HARD | KL. 8 - 10.40 | 16 |
| HOME ALONE | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9 - 11 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.30 | L |

Miðasala á: midi.is og e Miði

| HÁSKÓLABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| MANDELA | KL. 6 - 9 | L |
| PRINCE AVALANCHE | KL. 5.50 | 12 |
| THE PAST | KL. 10.15 | 16 |
| NORDVEST | KL. 10.45 | 12 |
| THE HUNGER GAMES | KL. 6 - 9 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 8 | 14 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 5.30 (SPURT OG SVARAÐ) | |

| BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| MANDELA | KL. 6 - 8 - 10.30 | L |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 6 | 16 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MANDELA | 8, 10.10 | 16 |
| HUNGER GAMES 2 | 5, 7, 10 | 12 |
| PHILOMENA | 5:50, 8 | 12 |
| CARRIE | 10:50 | 16 |
| FURÐUFUGLAR | 5 2D | L |


# Kæri rúnkari

**BAKÞANKAR**
Fanneyjar Birnu Jónsdóttur



Nú eru nákvæmlega 15 dagar síðan við hittumst á Vesturgötunni. Ég var á leiðinni heim eftir uppistand en þú að bíða eftir heppilegu fórnarlambi. Ég veit ekki hversu lengi þú varst búinn að bíða þarna í myrkrinu; það var náttúrulega enginn annar á sveimi vestur í bæ svona rétt eftir miðnætti.

**ÞAÐ** kom mér töluvert á óvart þegar ég nálgaðist Mercedes Benz-bifreið þína að þú kveiktir ljósin inni í henni. En ég skildi pælinguna þegar ég gekk fram hjá. Þú varst reyndar ekkert í líkingu við það sem ég hafði ímyndað mér. Ég hef alltaf séð fyrir mér gamla einmana karla, nakta undir síðum „Inspector Clouseau"-rykfrökkum, en ekki svona ungan mann með starandi augnaráð. Alltaf lærir maður eitthvað nýtt. Þú sast þarna inni, gónandi á mig og fróaðir þér af miklum móð. Þetta fór ekkert fram hjá mér; það var algjör óþarfi að reisa mjaðmirnar upp.

**ÁSTÆÐAN** fyrir þessari orðsendingu til þín er að mig grunar að þér finnist þetta afskaplega saklaus hegðun; eftir allt saman varstu bara inni í bílnum þínum og beittir engan beinu ofbeldi. Þannig leið mér líka fyrst, mér fannst þú hlægilegur og vorkenndi þér.

**EN** síðan fóru að renna á mig tvær grímur; hvað ef þessi aumkunarverða sýning er ekki nóg fyrir þig? Hvað gerir þú næst? Er mér óhætt að halda áfram að labba ein heim? Eða var það kannski aldrei í lagi? Þarna hætti ég að hlæja.

**ÞVÍ** þessi hegðun þín – sama hversu saklaus þér finnst hún – ógnaði mér. Þú náðir að hrifsa mig inn í þetta óöryggi og ótta sem svo margar kynsystur mínar hafa talað um en ég hef aldrei almennilega skilið – fyrr en núna. Við eigum allar á hættu að menn eins og þú – eða verri – leggi í göturnar okkar.

**ÞAÐ** hreyfði við mér. Ég fletti upp bílnúmerinu þínu, hringdi í lögregluna og gaf þeim upp allar upplýsingar um þig. Þeir sögðust ætla að skoða málið; þeir vita af þér. Ég vona því að þú hugsir þig tvisvar um áður en þú ferð aftur í miðnæturbíltúr í Vesturbænum. Og ógnar fleiri konum.



**KANÓNUR HITTAST** Guðbergur Bergsson, Þórunn Erlu og Valdimarsdóttir og Guðni Þorgeirsson.



**LITRÍK** Áslaug Snorradóttir lífgar alltaf upp á samkvæmi.

# Ljúf stemning í jólaboði Forlagsins

Mikið var um dýrðir í jólaboði Forlagsins sem haldið var í verslunar- og lagerhúsnæði þess á Fiskislóð. Boðið var upp á léttar veitingar og ljúfa stemningu á meðan gestir drukku í sig allt sem var á boðstólum í jólabókaflóði Forlagsins.



**Í JÓLASKAPI** Hjónin Hildur Baldursdóttir og Einar Kárason mættu með góða skapið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**STÖLLUR Í STUÐI** Sigríður Rögnvaldsdóttir og Margrét Tryggvadóttir létu sjá sig á Fiskislóð.



**ARNALDUR MÆTTI** Gísli Sigurðsson og Arnaldur Indriðason skeggræða jólabókaflóðið.

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGATÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


MERRY
AND
BRIGHT
Christmas AT NEXT
2013
Jakkaföt frá kr. 19.980.
next
KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200
next á íslandi

# SPORT



## Alfreð kjörinn besti þjálfari heims

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, var í gær kjörinn þjálfari ársins í kosningu sem handboltamiðillinn Handball Planet stóð fyrir.

Þetta er annað árið í röð sem Alfreð hlýtur þessa nafnbót og þriðja árið í röð sem Íslendingur hreppir hana en Dagur Sigurðsson, þjálfari Füchse Berlin, var valinn sá besti árið 2011.

Valero Rivera, landsliðsþjálfari Spánar, varð annar í kjörinu og þjálfari Þóris Ólafssonar hjá Kielce, Bogdan Wenta, þriðji en hann lék með Alfreð hjá Bidasoa á sínum tíma.

Martin Schwalb, þjálfari Evrópumeistara Hamburg, hreppti fjórða sætið og Ulrik Wilbek, landsliðsþjálfari Danmerkur, varð fimmti.

Kjörið fór þannig fram að lesendur vefsins gátu kosið og svo var einnig ellefu manna dómnefnd á vegum síðunnar sem hafði sitt vægi. **- hbg**



## Veðmálahneyksli skekur félag Hannesar í Austurríki

**FÓTBOLTI** Austurríska úrvalsdeildarfélagið SV Grödig hefur þurft að reka tvo leikmenn úr sínum röðum þar sem annar þeirra reyndi að hagræða úrslitum leikja liðsins. Hafnfirðingurinn Hannes Þ. Sigurðsson er á mála hjá félaginu.

Í síðustu viku var Dominique Taboga handtekinn en hann var ásakaður um að hafa reynt að hagnast á veðmálabraski og þar að auki reynt að fá nokkra félaga sína til að aðstoða sig við það.

Taboga var umsvifalaust rekinn frá félaginu en stuttu síðar sögðu forráðamenn Grödig upp samningi annars leikmanns, Thomas Zündel, fyrir meintan trúnaðarbrest.

Taboga mun hafa sent Zündel skilaboð og spurt hann hvort hann vildi taka þátt í „verkefni“ með sér. Zündel neitaði en fór ekki með málið lengra, eins og hann hefði átt að gera að mati forráðamanna Grödig.

Nýliðar Grödig hafa náð frábærum árangri í austurrísku úrvalsdeildinni í vetur og eru nú í fjórða sæti. Liðið tapaði þó fyrir Admira Wacker í fyrrakvöld, 5-3, þar sem þrír leikmenn Grödig fengu að líta rauða spjaldið. Með sigri hefði liðið komist upp í annað sæti deildarinnar.

Hannes var ónotaður varamaður í leiknum en hann hefur einu sinni fengið tækifæri í byrjunarliði félagsins í deildinni í vetur. Hannes hefur skorað eitt mark í þeim sex leikjum þar sem hann hefur komið við sögu. **- esá**



## ÚRSLIT

### OLÍSDEILD KARLA

**AKUREYRI - HK 27-21**

**Akureyri - Mörk (skot):** Valþór Guðrúnarson 10/3 (17/4), Sigþór Heimisson 6 (10), Kristján Jóhannsson 6 (11), Gunnar Þórsson 2 (2), Halldór Árnason 1 (1), Friðrik Svavars. 1 (1), Hreinn Hauks. 1 (1).

**Varin skot:** Jovan Kukobat 14 (32, 44%)

**HK - Mörk (skot):** Jóhann Gunnlaugsson 5 (8), Atli Bachmann 5 (8), Leó Snær Pétursson 4 (7), Óðinn Ríkharðsson 2 (2), Tryggvi Tryggvason 2 (3), Ólafur Víðir Ólafsson 2 (6), Eyþór Magnússon 1 (4).

**Varin skot:** Helgi Hlynsson 13/1 (39/3, 33%).

**HAUKAR - FRAM 20-17**

**Haukar - Mörk (skot):** Árni Steinn Steinþórsson 5 (9), Þórður Rafn Guðmundsson 4 (8), Sigurbergur Sveinsson 3/1 (9/1), Jónatan Ingi Jónsson 2 (2), Brynjólfur Brynjólfsson 2 (3), Jón Þorbjörn Jóhannsson 1 (1), Einar Pétur Pétursson 1 (2), Elías Már Halldórsson 1 (3), Tjörvi Þorgeirsson 1 (4).

**Varin skot:** Giedrius Morkunas 8 (20, 40%), Einar Ólafur Vilmundarson 1 (6, 17%).

**Fram - Mörk (skot):** Sveinn Þorgeirsson 8 (14), Ólafur Jóhann Magnússon 3 (3), Stefán Baldvin Stefánsson 2 (4), Stefán Darri Þórsson 2 (8), Garðar B. Sigurjónsson 1 (4), Elías Bóasson 1 (5).

**Varin skot:** Stephen Nielsen 14 (34/1, 41%).

**VALUR - ÍR 33-25**

**Valur - Mörk (skot):** Sveinn A. Sveinsson 8/1 (9/1), Guðmundur H. Helgason 6 (8), Bjartur Guðmundsson 5 (5), Orri F. Gíslason 3 (3), Atli Már Báruson 3 (6), Finnur Ingi Stefánsson 3 (6), Daði Laxdal Gautason 2 (2), Alexander Örn Júlíusson 1 (1).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 14 (39/2, 36%),

**ÍR - Mörk (skot):** Sturla Ásgeirsson 6/2 (7/2), Jón Heiðar Gunnarsson 6 (8), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 4 (7), Brynjar Valgeir Steinarsson 3 (5), Guðni Már Kristinsson 3 (7), Davíð Georgsson 2.

**Varin skot:** Arnór Stefánsson 13 (43/1, 30%),

#### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Haukar | 11 | 8 | 1 | 2 | 291-249 | 17 |
| FH | 10 | 6 | 1 | 3 | 251-228 | 13 |
| Fram | 11 | 6 | 0 | 5 | 240-261 | 12 |
| Valur | 11 | 5 | 1 | 5 | 285-267 | 11 |
| ÍBV | 9 | 5 | 0 | 4 | 250-239 | 10 |
| ÍR | 11 | 5 | 0 | 6 | 298-300 | 10 |
| Akureyri | 10 | 4 | 0 | 6 | 238-254 | 8 |
| HK | 11 | 1 | 1 | 9 | 258-313 | 3 |

### DOMINO'S-DEILD KARLA

**KEFLAVÍK - GRINDAVÍK 77-63**

**Keflavík:** Michael Craion 25/19 fráköst, Darrel Keith Lewis 18/11 fráköst, Valur Orri Valsson 11, Þröstur Leó Jóhannsson 9, Guðmundur Jónsson 7, Gunnar Ólafsson 5, Arnar Freyr Jónsson 2.

**Grindavík:** Earnest Lewis Clinch Jr. 16/8 stoðs.,, Ólafur Ólafsson 16, Sigurður Þorsteinsson 10/12 frák., Jóhann Árni Ólafsson 7, Jens Óskarsson 6.

**SKALLAGRÍMUR - KR 65-109**

**Skallagrímur:** Davíð Ásgeirsson 14, Egill Egilsson 12, Ármann Örn Vilbergsson 12, Davíð Guðmundsson 10, Orri Jónsson 8/9 stoð., Trausti Eiríksson 7/9 fráköst, Sigurður Þórarinsson 2.

**KR:** Terry Leake Jr. 25/8 fráköst/5 stolnir, Martin Hermannsson 20, Darri Hilmarsson 20, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 10, Helgi Már Magnússon 10, Brynjar Þór Björnsson 7, Þorgeir Blöndal 6.

**STJARNAN - VALUR 90-80**

**Stjarnan:** Justin Shouse 20/8 stoð., Marvin Valdimarsson 19, Dagur Kár Jónsson 17, Matthew James Hairston 17/22 fráköst/9 stoðsendingar/5 varin skot, Sigurður Sturluson 6.

**Valur:** Chris Woods 25/18 frák, Benedikt Blöndal 24, Birgir Björn Pétursson 14/15 fráköst, Kristinn Ólafsson 7, Oddur Ólafsson 5, Rúnar Erlingsson 5.

#### STAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KR | 9 | 9 | 0 | 865-688 | 18 |
| Keflavík | 9 | 8 | 1 | 773-653 | 16 |
| Grindavík | 9 | 6 | 3 | 785-743 | 12 |
| Njarðvík | 8 | 5 | 3 | 759-688 | 10 |
| Stjarnan | 9 | 5 | 4 | 754-731 | 10 |
| Haukar | 8 | 4 | 4 | 680-672 | 8 |
| Þór Þ. | 8 | 4 | 4 | 754-757 | 8 |
| Snæfell | 8 | 4 | 4 | 721-714 | 8 |
| ÍR | 8 | 2 | 6 | 644-769 | 4 |
| Skallagrímur | 9 | 2 | 7 | 707-840 | 4 |
| KFÍ | 8 | 1 | 7 | 664-743 | 2 |
| Valur | 9 | 1 | 8 | 739-850 | 2 |

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Línurnar lagðar í Brasilíu

Í dag eru 187 dagar þar til heimsmeistarakeppnin í Brasilíu hefst en síðdegis verður dregið í riðla. 32 lið bíða í ofvæni eftir örlögum sínum en fyrirkomulag Alþjóðaknattspyrnusambandsins hefur verið gagnrýnt.

**FÓTBOLTI** „Við berum virðingu fyrir öllum en óttumst engan,“ sagði Roy Hodgson, þjálfari enska landsliðsins, spurður hvort hann óttist mögulega andstæðinga sína á HM í Brasilíu næsta sumar. Dregið verður í riðla síðdegis í dag.

Ákvörðun Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, um að færa eina Evrópuþjóð á milli styrkleikaflokka, hefur vakið furðu margra, sérstaklega í Evrópu, þar sem sú þjóð mun lenda í riðli með suður-amerísku liði úr efsta styrkleikaflokki sem og öðru evrópsku liði.

„Við erum fyrst og fremst bara ánægðir að hafa komist svo langt í keppninni. Við munum taka þeim riðli sem bíður okkar, hvort sem hann verður talinn sterkur eða ekki,“ bætti Hodgson við.

Cristiano Ronaldo, einn besti knattspyrnumaður heims og lykilmaður í liði Portúgals, vill fyrst og fremst forðast þrjú lið í dag: „Brasilíu, Spán og Þýskaland, Þau eru sigurstranglegustu liðin í keppninni,“ sagði Ronaldo. „Við munum sjá hvaða niðurstöðu við fáum. Við erum með sjálfstraustið í lagi, í góðu formi og náðum okkar markmiðum um að komast til Brasilíu.“

Þetta er í fimmta skiptið sem úrslitakeppni HM fer fram í Suður-Ameríku en í hin fjögur skiptin hefur suður-amerísk þjóð ávallt borið sigur úr býtum. Spánn er sem kunnugt er ríkjandi meistari.

Það eina sem er ákveðið fyrir dráttinn í dag er að heimamenn í Brasilíu verða í A-riðli og spila opnunarleik sinn 12. júní klukkan 20.00 í Sao Paulo. Leikið verður í alls tólf borgum í Brasilíu en úrslitaleikurinn fer svo fram á Maracana-leikvanginum í Rio de Janeiro 13. júlí.

**eirikur@frettabladid.is**



**ÓGLEYMANLEG STUND** Spánverjar eru ríkjandi heimsmeistarar eftir sigur á HM í Suður-Afríku árið 2010. NORDICPHOTOS/AFP

## Styrkleikaflokkarnir fyrir riðlakeppni HM 2014

32 lið taka þátt í úrslitakeppni heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu sem haldin verður í Brasilíu í sumar. Liðunum hefur verið skipt í fjóra styrkleikaflokka. Sjö bestu liðin eru í efsta flokknum ásamt gestgjöfunum sem er ávallt raðað sjálfkrafa í efsta flokk.

Hinum þjóðunum er raðað í þrjá flokka eftir heimsálfum. Afríka og Suður-Ameríka eru í einum flokki, Asía og Norður-Ameríka í þriðja og Evrópa í fjórða flokki.

Notast er við styrkleikalista FIFA til að raða í efsta flokkinn og af þrettán Evrópuþjóðum komust aðeins fjórar í hóp þeirra bestu. Það þýðir að níu þeirra sitja eftir í fjórða flokknum.

Til að jafnmargar þjóðir verða í flokkunum fjórum hefst drátturinn í dag á því að ein Evrópuþjóð verður færð í annan styrkleikaflokk og verður þar ásamt liðum frá Afríku og Suður-Ameríku.

Það verður hins vegar séð til þess í drættinum í dag að þrjú Evrópulið dragist ekki saman í riðil með sérstökum hliðarpotti. Í hann fara fjórar Suður-Ameríkuþjóðir úr efsta styrkleikaflokki og það lið sem verður dregið úr honum verður í riðli með Evrópuþjóðinni úr flokki 2.

Það verður einnig séð til þess að Suður-Ameríkuþjóðir úr fyrsta og öðrum flokki dragist ekki saman í riðil.




# Íslensku stelpurnar lykillinn að árangri

Berglind Björg Þorvaldsdóttir og Dagný Brynjarsdóttir reyna að brjóta niður níu ára vegg annað kvöld.

**FÓTBOLTI** Ljóst er að nýtt nafn verður skrifað á bikarinn í knattspyrnukeppni NCAA kvennamegin í ár. Dagný Brynjarsdóttir, Berglind Björg Þorvaldsdóttir og stöllur þeirra í háskólaliði Florida State eru komnar í undanúrslitin og þykja líklegar til afreka.

Florida State, sem vann sigur í Atlantshafsdeildinni á dögunum, mætir Virginia Tech í kvöld. Í hinum leiknum mætast Virginia og UCLA. Þegar kemur að kvennaknattspyrnu er ljóst að styrkleiki í efstu deild háskólaboltans vestanhafs jafnast á við við margar deildir í Evrópu.

Í upphitun ESPN fyrir undanúrslitin er farið yfir styrkleika og veikleika hvers liðs fyrir sig. Í umfjölluninni um Florida State er liðið sagt sérstaklega alþjóðlegt líkt og undanfarin ár. Þannig hafi þjálfarinn Mark Krikorian horft langt út í heim til þess að styrkja sitt lið.

Alls hafi 21 leikmaður utan Bandaríkjanna spilað undir stjórn Krikorians hjá skólanum frá árinu 2005. Sumir hafi slegið í gegn en aðrir farið heim með skottið á milli lappanna.

Þriðja árið í röð og sjötta tímabilið af níu í tíð Krikorians hefur Florida State komist í undanúrslit. Stuðningsmenn skólans bíða spenntir eftir því að sjá hvort liðinu takist að brjóta undanúrslitamúrinn. Blaðamaður ESPN segir lykilinn að því að stíga skrefið stóra felast í einu landi og tveimur leikmönnum, Íslendingunum Berglindi og Dagnýju.

Dagný spilar fremst á miðjunni fyrir aftan Berglindi sem er í stöðu framherja. Báðar hafa skorað mörg mörk og mikilvæg á tímabilinu.

„Þær hreyfa sig vel með og án bolta,“ segir Chugger Adair, þjálfari mótherjanna í Virgnia Tech, sem tvívegis hefur mátt sætta sig við tap fyrir Florida State á tímabilinu.

> **Lykillinn að því að komast þangað sem stjörnur fyrri tíma komust ekki er tvíeykið Dagný og Berglind.**
>
> *Graham Hays, blaðamaður ESPN*

„Þær eru kannski ekki fljótustu leikmennirnir en klókir, líkamlega sterkir og geta breytt gangi leiksins á skömmum tíma.“

Dagný skoraði sigurmarkið í úrslitaleik Atlantshafsdeildarinnar á dögunum. Adair segir þær íslensku láta finna vel fyrir sér og nýta reynslu sína vel þegar mikið liggi við. Vísar hann þar meðal annars í reynslu Dagnýjar með kvennalandsliði Íslands.

Leikurinn hjá Berglindi og Dagnýju í kvöld hefst klukkan 22. **- ktd**



**MEISTARAR** Berglind (til vinstri) og Dagný fagna Atlantshafsmeistaratitlinum á dögunum. Þær ætla sér enn stærri hluti. MYND/AÐSEND



SÝNDAR AÐEINS ÞESSA EINU HELGI
DIE HARD OG HOME ALONE
6. - 8. DESEMBER
Í SMÁRABÍÓI
MIÐAVERÐ:
Aðeins 800 KR.
TILBOÐ:
Kauptu miða á báðar myndirnar fyrir aðeins
1.000 KR.
FJÖLSKYLDUTILBOÐ:
Kauptu 4 miða eða fleiri og þú færð miðann á
500 KR.
ATHUGIÐ:
Myndirnar eru sýndar ótextaðar.
SÝNINGARTÍMAR OG MIÐASALA Á eMIÐI.IS.
SMÁRABÍÓ

# Leikstjóri í sínum eigin Meistara-deildardraumi

Brendan Rodgers, knattspyrnustjóri Liverpool, setur Luis Suárez í sama flokk og Lionel Messi og Cristiano Ronaldo. Hvað er annað hægt eftir eina flottustu fernu sögunnar á móti Norwich í fyrrakvöld. Suárez er heitasti framherjinn í bestu deildum Evrópu þrátt fyrir mikla samkeppni frá Cristiano Ronaldo og Alfreð Finnbogasyni.



**SJÓÐHEITUR** Úrúgvæinn Suarez hefur verið í banastuði í vetur og margir segja hann besta mann ensku úrvalsdeildarinnar í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Luis Suárez vill umfram allt fá tækifæri til að spila í Meistaradeildinni. Í haust hélt hann að eina leiðin til þess væri að komast frá Liverpool og því pressaði hann á það að komast til Arsenal. Í dag er hins vegar allt annar tónn í Úrúgvæmanninum sem er að springa úr sjálfstrausti eftir frábærar vikur á Anfield. Nú ætlar Suárez bara að skjóta Liverpool sjálfur inn í Meistaradeildina og hver getur efast um að það verði að veruleika miðað við frammistöðu hans á móti Norwich á miðvikudagskvöldið?

„Hann er virkilega ánægður hjá okkur og er að spila brosandi og af eldmóði. Liverpool er félag sem hentar honum fullkomlega. Stuðningsmennirnir dýrka hann og tengslin á milli þeirra og Luis eru greinileg,“ sagði Brendan Rodgers við blaðamenn eftir leikinn á miðvikudagskvöldið. Rodgers er á því að leikstíll Liverpool-liðsins gefi Luis Suárez tækifæri til að sýna sitt besta.“

Luis Suárez er einn af 23 leikmönnum sem koma til greina sem handhafi Gullbolta FIFA en Liverpool-framherjinn á þó reyndar ekki mikla möguleika þrátt fyrir magnaðan endasprett. Brendan Rodgers setur hann þó í flokk með þeim bestu. „Hann á skilið að vera nefndur í sömu setningu og Messi og Ronaldo. Þeir tveir hafa verið í sérflokki í nokkur ár en Luis er bara 26 ára gamall og er enn að bæta sinn leik,“ sagði Rodgers.

„Fótboltinn hérna hentar honum. Við reynum að spila þannig að hann fái frelsi til að hreyfa sig á vellinum og reynum að búa til svæði sem hann getur nýtt sér. Ég held að Suárez eigi eftir að eiga sín bestu ár hjá Liverpool,“ sagði Brendan Rodgers. Hrósið kom úr öllum áttum eftir afgreiðslurnar fjórar á móti Norwich.

„Allt við hann segir heimsklassi. Ef við skoðum bestu knattspyrnumenn í heimi þá eru þeir með magnaða tölfræði. Suárez er í þeim gæðaflokki í dag. Hann hefur átt yndislega endurkomu inn í liðið og það er ótrúlegt að hann sé búinn að skora svona mörg mörk miðað við að hafa misst af fimm fyrstu leikjunum,“ sagði Brendan Rodgers.

Luis Suárez hefur með beinum hætti átt þátt í 17 af 25 mörkum Liverpool síðan hann kom aftur úr leikbanninu og hér fyrir neðan má sjá í hvaða leikjum hann skoraði þessi þrettán mörk og gaf þessar fjórar stoðsendingar.

Liverpool situr eins og er í fjórða og síðasta sætinu sem hefur þátttökurétt í Meistaradeildinni. Þar hefur Liverpool ekki spilað síðan í riðlakeppninni tímabilið 2009-2010 en Suárez hefur spilað á Anfield síðan í ársbyrjun 2011.

„Ég tel að við getum náð okkar markmiðum. Mitt starf er að hjálpa liðinu að verða betra, skora mörk og sjá til þess að liðið vinni leiki og haldi sér eins ofarlega í töflunni og hægt er,“ sagði Luis Suárez í viðtali við spænska blaðið Marca.

„Ég er ánægður með að spila í ensku úrvalsdeildinni, bestu deild í heimi. Ég er sáttur hérna og vil vera hérna áfram. Ég veit ekki hvort við eigum möguleika á því að keppa um titilinn en við ætlum okkur að vera ofarlega,“ bætti Suárez við og það fer ekkert á milli mála að Meistaradeildarsætið er aðalmarkmið hans og félaga hans í Liverpool-liðinu.

Hér á síðunni má finna samanburð á heitustu markaskorurum í bestu deildum í Evrópu en þar er Luis Suárez kominn á toppinn eftir fernuna á móti Norwich. Suárez komst upp fyrir þá Cristiano Ronaldo og Alfreð Finnbogason sem eru ásamt Suárez og Diego Costa þeir einu sem hafa skorað meira en mark í leik á þessu tímabili.

ooj@frettabladid.is

## Tímabil Luis Suarez á Anfield

**2010-11**
13 LEIKIR - 4 MÖRK
0,3 MÖRK Í LEIK
LIVERPOOL ENDAÐI Í 6. SÆTI

**2011-12**
31 LEIKUR - 11 MÖRK
0,4 MÖRK Í LEIK
LIVERPOOL ENDAÐI Í 8. SÆTI

**2012-13**
33 LEIKIR - 23 MÖRK
0,7 MÖRK Í LEIK
LIVERPOOL ENDAÐI Í 7. SÆTI

**2013-14**
9 LEIKIR - 13 MÖRK
1,4 MÖRK Í LEIK
LIVERPOOL ER Í 4. SÆTI

**LIVERPOOL ÁN LUIS SUAREZ 2013-2014**
5 LEIKIR 1,0 MARK Í LEIK 2,0 STIG Í LEIK

**LIVERPOOL MEÐ LUIS SUAREZ 2013-2014**
9 LEIKIR 2,8 MÖRK Í LEIK 1,9 STIG Í LEIK

## Deildarleikir Suarez 2013-2014

**3-1** sigur á Sunderland á útivelli
**3-1** sigur á Crystal Palace á heimavelli
**2-2** jafntefli við Newcastle á útivelli
**4-1** sigur á West Brom á heimavelli
**0-2** tap á móti Arsenal á útivelli — Ekkert
**4-0** sigur á Fulham á heimavelli
**3-3** jafntefli við Everton á útivelli
**1-3** tap á móti Hull á útivelli — Ekkert
**5-1** sigur á Norwich á heimavelli

Mark — Stoðsending

## Mestu markahrókarnir í bestu deildunum

**1. Luis Suárez**
9 leikir / 13 mörk.




**2. Cristiano Ronaldo** Real Madrid
14 leikir / 17 mörk




**3. Alfreð Finnbogason** Heerenveen
12 leikir / 14 mörk




**4. Diego Costa** Atletico Madrid
14 leikir / 15 mörk




**5. Freddy Montero** Sporting
leikir 11 / mörk 11
**Meðaltal 1,0**

**6. Graziano Pellé** Feyenoord
leikir 13/ mörk 12
**Meðaltal 0,92**

**7. Giuseppi Rossi** Fiorentina
14 leikir / mörk 12
**Meðaltal 0,86**

**8. Sergio Agüero** Manchester City
13 leikir / mörk 11
**Meðaltal 0,85**

**9. Romelu Lukaku** Chelsea
10 leikir / mörk 8
**Meðaltal 0,8**

**10. Pierre-Michel Lasogga, Hamburg**
10 leikir / mörk 8
**Meðaltal 0,8**

Langskot | Víti | Aukaspyrna | Skalli | Vinstri | Hægri


Nýir leikir á lækkuðu verði!
PS3 & XBOX 9.299,- Áður 12.999,-
PS3 6.999,- Áður 12.999,-
PS3 9.299,- Áður 12.999,-
PS3 & XBOX 9.299,- Áður 12.999,-
PC 5.799,- Áður 10.999,-
PS3 & XBOX 7.999,- Áður 12.999,-
SIMS-aðu þig upp fyrir vetrarhríðina um helgina!
PC 3.699,- Áður 7.999,-
SIMS 3 : ISLAND PARADISE
PC 3.699,- Áður 7.999,-
SIMS 3 : INTO THE FUTURE
PC 1.799,- Áður 3.699,-
SIMS 3 : MOVIE STUFF PACK
PC 1.799,- Áður 3.699,-
SIMS 3 : TOWN LIFE STUFF
PC 3.699,- Áður 9.999,-
SIMS 3 PLUS SEASONS
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA
BORGAÐU MINNA
VIÐ ERUM Í KRINGLUNNI & SMÁRALIND!
KRINGLAN OG SMÁRALIND · 588 9400 · WWW.GAMESTODIN.IS · FACEBOOK.COM/GAMESTODIN

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl 19.50**
## Logi í beinni
Laufléttur og skemmtilegur þáttur í umsjá Loga Bergmann þar sem bráðskemmtilegir viðmælendur mæta í bland við tónlistaratriði ásamt öðrum óvæntum uppákomum.

## Í KVÖLD



**The X-Factor US**
**STÖÐ 3 KL. 20.55** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraborðið sitja söngkonurnar Demi Lovato, Kelly Rowland og Paulina Rubio.



**Fóstbræður**
**STÖÐ 2 GULL KL. 21.25** Fóstbræður eru óborganlegir grínistar sem hæðast bæði að sjálfum sér og öðrum.



**Family Guy**
**SKJÁR EINN KL. 20.05** Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á SkjáEinn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.



**FM957 kl. 10.00**
## Frigore
Föstudagsgír á FM957. Yfirtakan á sínum stað og fleira. Frigore er mættur og hitar upp fyrir helgina.


KitchenAid® JÓLATILBOÐ




RYKSUGUR




Saeco Kaffivél

CERTIFIED BY CENTRO STUDI ASSAGGIATORI ITALIAN TASTERS



Saeco Intuita HD8750SV
- Sjálfvirk kaffivél
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Flóunarstútur
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 10 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1850 wött

VERÐ 79.990

*Mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil*

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is


## STÖÐ 2
**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**07.01** **Waybuloo**
**07.20** **Skógardýrið Húgó**
**07.45** **Geimkeppni Jóga björns**
**08.10** **Ellen**
**08.55** **Malcolm in the Middle**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **Drop Dead Diva**
**11.05** **Harry's Law**
**11.50** **Dallas**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mistresses**
**13.50** **The Goonies**
**15.40** **Waybuloo**
**16.00** **Skógardýrið Húgó**
**16.25** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.16** **Veður**
**19.25** **Popp og kók**
**19.50** **Logi í beinni**
**20.40** **Harry Potter and the Half-Blood Prince.**
**23.15** **Dream House** Spennumynd með Daniel Craig, Rachel Weisz og Naomi Watts í aðalhlutverkum. Hjón með tvö börn flytja inn í nýtt hús en komast fljótt að því að það er eitthvað undarlegt á seyði í húsinu. Leikstjóri er Jim Sheridan.
**00.50** **The Holiday**
**03.00** **And Soon the Darkness**
**04.30** **Real Steel**

## SPORT *besta sætið*
**09.00** **Nedbank Golf Challenge 2013** Bein útsending frá einstöku golfmóti þar sem mörgum af bestu kylfingum heims er boðið til leiks.
**16.55** **Samsung-unglingaeinvígið 2013**
**17.50** **Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Galatasaray**
**19.30** **Keflavík**
**20.00** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.30** **Sportspjallið**
**21.15** **Þýski handboltinn 2013/2014** Útsending frá leik Melsungen og Rhein-Neckar Löwen í þýska handboltanum.
**22.35** **Tromsø - Tottenham**
**00.15** **Nedbank Golf Challenge 2013**

## SPORT 2 *enski boltinn*
**14.35** **WBA - Man. City**
**16.15** **Arsenal - Hull**
**17.55** **Fulham - Tottenham**
**19.35** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**20.30** **Match Pack**
**21.00** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.30** **Premier League World**
**22.00** **Football League Show**
**22.30** **Stoke - Cardiff**
**00.10** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**00.40** **Messan**
**01.50** **Man. Utd. - Everton**

## ÍNN
**20.00** Hrafnaþing **21.00** Randver í Iðnó **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3
**16.35** **Around the World in 80 Plates**
**17.20** **Raising Hope**
**17.45** **Don't Trust the B*** in Apt 23**
**18.10** **Cougar Town**
**18.30** **Funny or Die**
**19.00** **Top 20 Funniest**
**19.45** **Smash** *(13:17)*
**20.30** **Super Fun Night** *(3:17)*
**21.35** **Grimm** *(4:22)*
**22.20** **Strike Back** *(3:10)*
**23.05** **Golden Boy** *(12:13)*
**23.50** **Top 20 Funniest**
**00.35** **Smash**
**01.20** **Super Fun Night**
**01.45** **The X-Factor US**
**02.25** **Strike Back**
**03.15** **Grimm**
**04.00** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin
**07.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Dóra könnuður **07.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.50** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.48** Latibær **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Brunabílarnir **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Lukku-Láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.45** UKI **10.50** Hvellur keppnisbíll **11.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Dóra könnuður **11.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.50** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.48** Latibær **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Brunabílarnir **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Lukku-Láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.45** UKI **14.50** Hvellur keppnisbíll **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Dóra könnuður **15.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.50** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.48** Latibær **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Brunabílarnir **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Lukku-L áki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.45** UKI **18.50** Hvellur keppnisbíll **19.00** Arthúr 2 **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL
**16.55** **Strákarnir**
**17.25** **Friends**
**17.45** **Seinfeld**
**18.10** **Modern Family**
**18.35** **Two and a Half Men**
**19.00** **Evrópski draumurinn** *(1:6)*
**19.35** **Matarást með Rikku** *(1:10)*
**20.05** **Spaugstofan**
**20.35** **Veistu hver ég var?**
**21.25** **Fóstbræður** *(1:8)*
**21.55** **Mið-Ísland** *(1:8)*
**22.25** **Gnarrenburg** *(9:14)*
**23.15** **Evrópski draumurinn**
**23.45** **Matarást með Rikku**
**00.15** **Spaugstofan**
**00.40** **Veistu hver ég var?**
**01.30** **Fóstbræður**
**01.55** **Mið-Ísland**
**02.20** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ
**11.10** **Honey**
**13.00** **The Magic of Bell Isle**
**14.50** **Ruby Sparks**
**16.35** **Honey**
**18.25** **The Magic of Bell Isle**
**20.15** **Ruby Sparks**
**22.00** **Haywire**
**23.35** **Lockout**
**01.10** **Arn - The Knight Templar**
**03.25** **Haywire**

## RÚV
**15.05** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**16.45** **HM í Brasilíu -** Dregið í riðla Bein útsending frá Bahia í Brasilíu þar sem dregið verður í riðla fyrir HM í fótbolta næsta sumar.
**17.25** **Hrúturinn Hreinn**
**17.35** **Jóladagatalið -** Jólakóngurinn *(6:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr. Margt getur komið í veg fyrir að það rætist og þess vegna hefur hann undirbúið sig sérstaklega vel.
**17.59** **Spurt og sprellað**
**18.05** **Táknmálsfréttir**
**18.15** **Villt og grænt**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Útsvar**
**21.15** **Jólahjartað** *(The Christmas Heart)* Unglingspiltur þarf nauðsynlega að fá nýtt hjarta á aðfangadagskvöld og foreldrar hans og nágrannar sleppa því að skreyta götuna með jólaljósum eins og löng hefð er fyrir. Á óveðurskvöldi biðja foreldrarnir fyrir því að nýtt hjarta finnist handa syninum og þá átta nágrannarnir sig á því að hugsanlega hafa ljóskerin dýpri merkingu en þeir héldu.
**22.45** **Psycho** Spennumynd frá 1960. Skrifstofustúlka stingur af með fjárfúlgu og ætlar til elskhuga síns í öðrum bæ. Á leiðinni lendir hún í óveðri og leitar skjóls á skuggalegu gistihúsi.
**00.30** **Á vit örlaganna** *(Bounce)*
**02.15** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN
**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**15.40** **Once Upon A Time**
**16.30** **Secret Street Crew**
**17.20** **Borð fyrir 5**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **Happy Endings**
**18.55** **Minute to Win It**
**19.40** **America's Funniest Home Videos** *(8:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.05** **Family Guy** *(5:21)* Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á SkjáEinn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
**20.30** **The Voice** *(11:13)* Spennandi söngþættir þar sem röddin ein sker úr um framtíð söngvarans. Heimsþekktar poppstjörnur skipa sem fyrr dómnefndina en Christina Aguilera og Cee Lo Green snúa nú aftur eftir hlé.
**23.00** **The Wendell Baker Story** Luke Wilson er í aðalhlutverki í þessari gamanmynd en þar bregður hann sér í hlutverk fyrrverandi fanga sem fær starf á elliheimili.
**00.40** **Excused**
**01.05** **The Bachelor**
**02.35** **Ringer**
**03.25** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF
**06.00** Eurosport **08.00** World Challenge 2013 **11.00** World Challenge 2013 **14.00** World Challenge 2013 **17.00** World Challenge 2013 **20.00** World Challenge 2013 **23.00** World Challenge 2013 **02.00** Eurosport

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Léttbylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# 4G í iPhone hjá Nova!




**4G**
*LTE*

Viðskiptavinir Nova geta sótt 4G uppfærslu fyrir iPhone 5, 5c og 5s, sem styður allt að tífalt meiri nethraða en 3G. Einnig má uppfæra með því að tengjast iTunes. Þegar þú ert í 4G sambandi stendur LTE á skjánum. 4G hjá Nova er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, í Reykjanesbæ, Skorradal og Grímsnesi.

Vertu með símkort frá Nova í iPhone símanum þínum og þú ferðast hraðar um netið.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri**
**Þjónustuver 519 1919 I www.nova.is I Facebook I Twitter**

**NOVA**

4G styður yfir 100 Mb/s hraða. Algengur hraði til notenda er um 20–40 Mb/s. Til samanburðar má nefna að 3G er um 2–4 Mb/s.

Brandenburg

## HELGIN



**Helgin byrjar á break-sýningu erfingjans en fer svo í almenn jólarólegheit, hugmyndavinnu og skriftir.**

Jón Gunnar Geirdal, landstjóri Yslands.

# Yesmine á leið í finnskt sjónvarp

Þættirnir Framandi og freistandi með Yesmine Olsson sýndir á YLE Fem.

„Mér finnst þetta spennandi og skemmtilegt. Gaman að fara með það sem ég er að gera til útlanda,“ segir Yesmine Olsson, en þættir hennar Framandi og freistandi, sem voru á dagskrá Ríkissjónvarpsins í vetur, verða sýndir á finnsku sjónvarpsstöðinni YLE Fem.

Því mætti ætla að þættirnir yrðu sýndir með finnskum texta. „Nei, þetta er sænskumælandi stöð, þannig að þetta verður með sænskum texta,“ segir Yesmine, en það er kaldhæðnislegt í ljósi þess að Yesmine er alin upp í Svíþjóð og talar reiprennandi sænsku.

Yesmine hefur haft í nógu að snúast undanfarið en hún gaf út matreiðslubókina Í tilefni dagsins sem hefur selst vel. Hún hefur einnig sett nýtt súkkulaði í sölu, Chili-súkkulaðibita. „Bitarnir eru komnir í sölu í Kjólum og konfekti og Munnhörpunni. Þeir verða til sölu á fleiri kaffihúsum innan skamms. Ég ákvað að byrja rólega og sjá hvernig viðtökurnar yrðu,“ útskýrir Yesmine. Hún framleiðir ekki eingöngu súkkulaði ofan í gesti Munnhörpunnar, hún var óvænt fengin sem gestakokkur á staðnum fyrir stuttu.

„Ég fagnaði útgáfu bókarinnar minnar með teiti í Munnhörpunni og þá kviknaði hugmyndin um samvinnu milli mín og kokkanna þar. Ég var þarna bæði í hádeginu og um kvöld og fannst þetta mjög gaman, skemmtileg tilbreyting. Við gerum þetta pottþétt aftur.“

- kak



**NÓG AÐ GERA** Yesmine er einnig með matreiðslunámskeið sem hún heldur heima hjá sér. Nóg er að gera í sölu gjafakorta á námskeiðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI











**FYRIRSÆTUR** Hópurinn klæddist fötum frá Eggerti og vakti mikla lukku.



**MARGT UM MANNINN** Þeir voru margir sem lögðu leið sína í verslun Anderson & Sheppard á Clifford Street í London. Verslunin sérhæfir sig í að sníða föt á karlmenn. Eggert hefur verið í samstarfi við verslunina um þriggja ára skeið, en hann hefur búið til húfur og smáa fylgihluti fyrir merkið.

# Eggert klæðir breska sjéntilmenn í feldi

Eggert feldskeri hélt skemmtilega móttöku í nýrri verslun Anderson & Sheppard í London í vikunni. Þar var margt um manninn og á gestalista voru menn á borð við Jeremy Clarkson, stjórnanda Top Gear-þáttanna.

„Anderson og Shepard eru taldir með vönduðustu herraklæðskerum í Bretlandi. Þeir sérhæfa sig í afar vönduðum fatnaði og síðastliðin þrjú ár höfum við verið að gera fyrir þá smáhluti,“ segir Eggert Jóhannsson, betur þekktur sem Eggert feldskeri, og á við fylgihluti á borð við húfur. Eggert hélt móttöku í London í vikunni þar sem feldskerinn Eggert og vörur hans voru kynntar fyrir viðskiptavinum Anderson & Sheppard í nýrri verslun þeirra í London.

„Nú tökum við skref fram á við með því að kynna mig og mínar vörur fyrir þeirra viðskiptavinum í nýju versluninni,“ segir Eggert jafnframt, en merkið Anderson og Sheppard var stofnað árið 1906 og því með yfir hundrað ára reynslu í klæðskerageiranum.

„Ég tek allt í litlum skrefum. Það besta sem gæti komið út úr þessu er það að þetta yrði skref fram á við. Þarna fæ ég að vinna við hlið fólks sem er þekkt fyrir vandaða vöru – með bestu fagmönnum í Bretlandi og það er gríðarlegur heiður fyrir mig,“ segir Eggert léttur í bragði.

Eins og sjá má á myndum sem fylgja voru margir mættir til að berja flíkur Eggerts augum í versluninni á Clifford Street. „Ég var svo lánsamur að kynnast mörgum úr bransanum hér í Bretlandi í gegnum Adrian Gill, en Jeremy Clarkson, þáttastjórnandi Top Gear, kynnti okkur Adrian,“ segir Eggert. Jeremy Clarkson lét sig ekki vanta í gleðskapinn eins og sjá má á myndunum. Adrian Gill sá um að bjóða í teitið, en hann er einn þekktasti og umdeildasti blaðamaður Bretlands og skrifar fyrir blöð á borð við Sunday Times og Esquire.

olof@frettabladid.is



**FÉLAGAR** Eggert feldskeri og Jeremy Clarkson kynntust á Íslandi fyrir nokkrum árum og hafa haldið vinskap æ síðan.



**GLEÐI OG GAMAN** Það var nóg um að vera í móttökunni og gestir brugðu á leik, meðal annars þessi maður sem klæddi sig flíkum Eggerts frá toppi til táar.



**A.A. GILL OG JEREMY CLARKSON** Blaðamaðurinn A.A. Gill og þáttastjórnandinn Jeremy Clarkson eru vinir Eggerts, en þeir sáu um að bjóða gestum til veislunnar.


DÚN VESTI 12900


BOLUR 2490


BOLUR 2490


SKYRTA 6990


NÆRBUXUR
1 STK. 1990
2 STK. 3490


BUXUR 16900


BOLUR 3990


HETTUPEYSA 7990


HETTUPEYSA 5990


SKYRTA 9900





BOLUR 3490


SOKKAR
1 PAR 690
4 PÖR 1690


PEYSA 8990


BUXUR 15900


PEYSA 6990


BOLUR 3490

JACK & JONES®

FACEBOOK.COM/JACKANDJONES

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

INSTAGRAM @JACKANDJONESICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Heimsótti flóttamannabúðir

**Þóra Tómasdóttir,** ritstjóri Nýs lífs, fór á dögunum til Jórdaníu og nýtti ferðina meðal annars til að kynna sér aðstæður í Za'atari-flóttamannabúðunum, þeim stærstu sem myndast hafa vegna stríðsins í Sýrlandi. Þar halda til 130 þúsund flóttamenn – meira en helmingurinn börn. Í tjaldbúðunum verður afar heitt á sumrin en nú verður hins vegar kaldara með hverjum deginum enda veturinn skollinn á. Þóra slóst í för með UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, á svæðinu og sá hvernig heimsforeldrar á Íslandi hafa hjálpað þar til. Í nýjasta tölublaði Nýs lífs segir Þóra frá heimsókninni og skrifar um börn og fjölskyldur sem hún hitti og vita ekki hvenær þau komast aftur heim. **- lkg**



### Steindi á von á barni í maí

Grínistinn góðkunni, Steinþór Hróar Steinþórsson, betur þekktur sem **Steindi Jr.**, á von á barni ásamt kærustu sinni, Sigrúnu Sigurðardóttur snyrtifræðingi. Þau kynntust þegar þau unnu saman í íþróttamiðstöðinni í Mosfellsbæ og byrjuðu saman fyrir um fjórum árum. Sigrún er 23 ára gömul og Steindi verður 29 ára á mánudaginn. Þetta verður fyrsta barn beggja og er von á því 21. maí á næsta ári. **- kak**



## Mest lesið Vísir

1. Karlaheimur
2. Frú Vigdís móðgar fatlaða
3. Fársjúkur á gráu svæði
4. Ferna Suarez og öll önnur mörk gærkvöldsins | Myndbönd
5. Heimanámið á heima í skólanum
6. Svona eru PISA spurningarnar
7. Banaslys á skemmtistað í Reykjavík í nótt
8. Ráðherra verður voða hissa
9. Ragnar seldi öll verkin af The Visitors á rúmlega 80 milljónir


★★★★★
HRAFN JÖKULSSON / PRESSAN.IS




www.forlagid.is






GLEÐILEG JÓL

Gefðu hinn fullkomna heilsukodda!

AFSLÁTTUR 30%




Hentar nær öllum svefnstellingum

**Jólatilboð kr. 13.930**
Fullt verð kr. 19.900

FÁANLEGUR MJÚKUR, MEDIUM OG STÍFUR

TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN
Sígild lögun þessa kodda veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstellingum. Fáanlegur mjúkur, milli stífur og stífur – sígild þægindi fyrir alla.

**C&J PLATINUM** heilsurúm
Charlotte Julien Dream your world™



Gafl er ekki innifalinn í verði.

**C&J PLATINUM** heilsurúm
Dýna, Classic-botn og lappir
Verðdæmi 120x200 cm
**Jólaverð kr. 99.900**
Verðdæmi 160x200 cm
**Jólaverð kr. 127.900**
Verðdæmi 180x200 cm
**Jólaverð kr. 134.900**
**Fæst í mörgum stærðum.**

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 11.196 kr. á mán. 160x200

**C&J GOLD** heilsurúm
Charlotte Julien Dream your world™



Gafl er ekki innifalinn í verði.

**C&J GOLD** heilsurúm
Dýna, Classic-botn og lappir
Verðdæmi 120x200 cm
**Jólaverð kr. 119.900**
Verðdæmi 160x200 cm
**Jólaverð kr. 152.900**
Verðdæmi 180x200 cm
**Jólaverð kr. 164.900**
**Fæst í mörgum stærðum.**

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 13.353 kr. á mán. 160x200

**C&J STILLANLEGT** heilsurúm með Tempur dýnu
Charlotte Julien Dream your world™



Þráðlaus fjarstýring

JÓLATILBOÐ Frábært VERÐ

**C&J STILLANLEGT**
með Tempur heilsudýnu
Verðdæmi 2x90x200 cm
Verð kr. ~~803.800~~
**Kr. 649.000**
**Á JÓLATILBOÐI**
**Þú sparar kr. 154.800**
**Fæst í mörgum stærðum.**

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 56.141 kr. á mán.

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

www.betrabak.is

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardag frá kl. 11-16
Sunnudag frá kl. 13-17



# SJÓNVARPSVÍSIR

## HÁTÍÐARDAGSKRÁ

BROT AF ÞVÍ BESTA
ÚR JÓLADAGSKRÁNNI

HELGA ARNAR

## EIGNAÐIST STÚLKU Í MIÐRI ÞÁTTAGERÐ

RIKKA

## TÖFRAR FRAM JÓLIN Í FRÁBÆRUM ÞÁTTUM

SVEPPI OG VILLI

## BJARGA TÝNDUM JÓLASVEINUM

# SVEPPI OG VILLI

## REDDA JÓLASVEINUNUM TIL BYGGÐA

**Félagarnir Sveppi og Villi standa í ströngu á aðventunni enda fá þeir það ábyrgðarfulla hlutverk að koma jólasveinunum til byggða í tæka tíð svo þeir geti stungið einhverju skemmtilegu í skóinn hjá góðu börnunum.**

**Sveppi og Villi leita að jólasveinunum** er skemmtileg þáttaröð fyrir krakka sem hefur göngu sína 11. desember, daginn áður en fyrsti jólasveinninn, Stekkjastaur, kemur til byggða. „Þetta verða stuttir jólaþættir sem ganga út á það að reyna að koma jólasveinunum til byggða á réttum tíma svo þeir nái að gefa börnum þjóðarinnar í skóinn. Þáttur um viðkomandi jólasvein verður sýndur daginn áður en hann kemur til byggða," segir Sverrir Þór Sverrisson, eða Sveppi, en í þáttunum þurfa þeir Sveppi og Villi vinur hans að leysa úr ýmsum vandamálum sem koma upp. „Til dæmis hefur Skyrgámur verið erfiður því hann hefur verið með svo mikið mjólkuróþol. Bjúgnakrækir situr saklaus í fangelsi fyrir bjúgnaþjófnað," útskýrir Sveppi en svo eru aðrir sveinar sem gleyma sér alveg. „Við þurfum til dæmis að sækja einn áður enn hann flýgur til Tenerife í sólina," segir hann glaðlega. En af hverju eru þeir valdir til starfans? „Það er pínu leyndó sem kemur í ljós í síðasta þættinum. En það snýst um að maður þarf að trúa."

Sveppi segist aðeins vera farinn að huga að jólunum en þó ekkert af viti. Helsta verkefni hans fyrir jólin er að skreyta húsið að utan. „Mér finnst það reyndar dálítið ójafnt. Konan mín skreytir inni og ég er settur í að skreyta úti sem er mikið flóknara. Það eru miklu fleiri sem sjá skreytingarnar og því þarf það að vera vel gert og maður þarf að vanda sig," segir Sveppi sem leggur metnað í að hafa húsið fallega skreytt fyrir jólin.

**2** SVEPPI OG VILLI LEITA AÐ JÓLASVEINUNUM
HEFST 11. DESEMBER KL. 18.00

Meðfram þáttagerð og jólaskreytingum reynir Sveppi að sinna bókinni sinni, Stuðbók Sveppa, sem er nýkomin út. „Þetta er bók fyrir krakka á aldrinum fimm til tólf ára sem hafa gaman af því að leika og skemmta sér. Fyrir krakka sem vilja prófa öðruvísi hluti og fara aðeins út fyrir boxið," lýsir Sveppi. Villi vinur hans stendur líka í bókaútgáfu og hefur gefið út bókina Vísindabók Villa. Sveppi segir enga samkeppni ríkja milli þeirra vinanna. „Við lítum frekar á þetta sem samvinnu. Þetta eru mjög ólíkar bækur. Vísindabókin er uppfull af alls konar fróðleik sem Villi hefur mikla þörf fyrir að koma út í kosmósið, svipað og Villi í þáttunum mínum. Mín bók er hinn anginn af þessu. Þar er bull og vitleysa, brandarar, grín og leikir," segir Sveppi og telur þetta afar fína blöndu.

Þeir Sveppi og Villi verða einhverja daga fram að jólum í Hagkaup að árita bækur sínar. „Þar hittum við krakkana og þá fyrst kemst maður í stuð og jólaskap," segir Sveppi glaður í






## STÓRKOSTLEGT ÆVINTÝRI Á JÓLADAG

Stórskemmtileg mynd fyrir alla fjölskylduna um félagana Sveppa, Villa og Góa sem lenda í sínu stærsta ævintýri til þessa. Óprúttnir náungar stela skápnum úr herberginu hans Sveppa en þeir vita ekki að vinkona hans, Ilmur, er föst í skápnum, sem sannarlega er töfraskápur. Sveppi, Villi og Gói leggja allt í sölurnar til að bjarga Ilmi úr klóm ræningjanna og endurheimta töfraskápinn.

**2** ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN
JÓLADAG KL. 18.55



# ALLTAF PÚSLUSPIL Á JÓLUNUM

„Það er yndislegt að eiga ekkert eftir á aðfangadag annað en að vakna saman og bíða jólanna í ró og friði.“




**Kolbrún Björnsdóttir stýrir spjallþætti á Stöð 2 á miðvikudagskvöldum. Hún verður með áhorfendum allt til jóla en gefur sér góðan tíma í jólaundirbúninginn.**

„Það væri vel hægt að skrifa heila bók um jólin mín,“ segir sjónvarpskonan Kolla sem sýnir fyrirhyggju fyrir hátíðarnar.

„Ég skipulegg allt sem tengist jólagjafakaupum í Excel-skjali og geri dálka fyrir hugmyndir og hvað ég kaupi, hvað búið er að kaupa, pakka inn og afhenda. Þannig gleymi ég engri gjöf.“

Kolla heldur jólin með manni sínum, móður og þremur börnum þeirra hjóna en uppkomin stjúpdóttir hennar býr norðan heiða.

„Við njótum þess að vera saman í rólegheitum og erum að skapa okkar eigin jólahefðir. Ein þeirra er að hafa lokið öllum jólaundirbúningi og tiltekt á Þorláksmessu og þá kveikjum við upp í arninum á Þorláksmessukvöld og horfum saman á jólamynd. Það er yndislegt að eiga ekkert eftir á aðfangadag annað en að vakna saman og bíða jólanna í ró og friði. Þá eldum við jólalega súpu og bjóðum gestum sem koma með jólapakka upp á súpu og konfekt í stresslausu andrúmslofti,“ segir hún.

Fyrir jólin í fyrra fór Kolla á námskeið til að læra að baka Sörur og þær ætlar hún að baka aftur á aðventunni nú, sem og lakkrístoppa fyrir soninn.

„Ég kaupi líka stundum tilbúið smákökudeig til að henda í ofninn og fá góða lykt í húsið,“ segir Kolla sem leggst yfir flókin púsluspil á hverjum jólum og nagar kalt hangikjöt með.

„Stundum fæ ég púsluspil í jólapakka en yfirleitt slæ ég varnagla við að það gerist ekki og kaupi mér púslið sjálf. Þá legg ég undir mig borðstofuborðið eftir hátíðarverðinn á aðfangadagskvöld og keppist við að ljúka púslinu áður en gamlárskvöld rennur upp.“

Kollu þykir mest um vert að gleðja börnin sín á jólunum og slaka á með fjölskyldunni þegar friður jólanna færist yfir.

„Mér finnst of mikil áhersla á veraldleg gæði á jólum og legg til að við leggjum meiri rækt við samveru og nánd. Við gætum til dæmis gert jólin meira andlega nærandi með því skrifa innihaldsrík jólabréf til ástvina okkar í stað gjafa sem oft er minni þörf á.“

# LADDI ÁFRAM Í SPAUGSTOFUNNI



**Hinn ástsæli grínisti Laddi gekk til liðs við Spaugstofuna í haust og hefur lyft gríninu upp í nýjar hæðir á laugardagskvöldum á Stöð 2. Laddi kann svo vel við sig með Spaugstofumönnum að hann verður með þeim áfram á nýju ári.**

Laddi, eða Þórhallur Sigurðsson eins og hann heitir í þjóðskránni, var raunar einn af stofnendum Spaugstofunnar árið 1986. „Þá voru framleiddir fjórir þættir undir heitinu Spaugstofan. Svo hætti ég, fór í Gríniðjuna með Gísla Rúnari og fór að gera Heilsubælið. Spaugstofan hélt áfram án mín og fór að gera fasta vikulega þætti með góðum árangri,“ segir Laddi. Í upphafi var Pálmi Gestsson ekki í hópnum en hann gekk til liðs við Spaugstofuna árið 1989.

Spaugstofumenn hafa átt óviðjafnanlegu gengi að fagna enda hefur þáttur þeirra verið í gangi í Sjónvarpinu og síðan á Stöð 2 með hléum frá því í janúar 1989, þegar hann hóf göngu sína undir nafninu ’89 á stöðinni. Árið eftir hét hún ’90 af stöðinni og enn síðar Enn ein stöðin.

Laddi hefur eins og aðrir landsmenn fylgst með þeim félögum á skjánum í gegnum árin en fékk nú í haust loks að ganga til liðs við þá á ný. „Það er alveg frábært að vinna með Spaugstofumönnum. Stemningin á tökustað er alltaf góð. Það er rosalega gaman hjá okkur enda mikið grínað og hlegið,“ segir Laddi og bætir við að oft kvikni nýjar hugmyndir á tökustað sem þróist jafnvel í glænýja sketsa.

En urðu einhverjar breytingar á Spaugstofunni við komu Ladda? „Auðvitað breytist alltaf eitthvað þegar nýr maður kemur inn. Það koma fleiri hugmyndir fram og fleiri karakterar bætast í hópinn,“ segir Laddi og segist smellpassa inn í hópinn. „Enda erum við með mjög svipaðan húmor,“ segir hann glettinn.

Spaugstofan verður á sínum stað nk. laugardag á Stöð 2. Ladda þykir líklegt að þeir verði á jólalegum nótum líkt og þjóðfélagið enda endurspegla þættirnir oftar en ekki það sem er að gerast í samfélaginu á hverjum tíma. En er alltaf úr nægu að moða? „Það er misjafnt. Stundum er eitthvað lítið að gerast og þá er þetta erfiðara. Þá erum við bara með eitthvað léttara inni á milli.“

Milli jóla og nýárs, laugardaginn 28. desember, verður sérstakur hátíðarþáttur af Spaugstofunni þar sem birt verður brot af því besta með Spaugstofunni í vetur. „Ég get lofað því að hann verður góður,“ segir Laddi.

SPAUGSTOFAN
LAUGARDAG KL. 19.35

# HELLISBÚINN
## JÓHANNES HAUKUR



**Sunnudaginn 29. desember sýnir Stöð 2 upptöku af hinum bráðfyndna einleik Hellisbúanum sem sló eftirminnilega í gegn hjá íslenskum leikhúsgestum.**

Jóhannes Haukur Jóhannesson fer á kostum í þessum frábæra einleik. Þetta er bráðfyndin sýn á nútíma femínisma, mjúka manninn og kynhvötina sem, ásamt túlkun á hversdagslegum staðreyndum í samböndum, gerir það að verkum að Hellisbúinn kitlar hláturtaugarnar og smýgur inn í hjartað. Hellisbúinn er eftir Bandaríkjamanninn Rob Becker og var verkið frumsýnt í San Francisco árið 1991. Verkið hefur verið sýnt víða um heim við miklar vinsældir. Þessi uppfærsla er í þýðingu Sigurjóns Kjartanssonar og Rúnars Freyr Gíslason leikstýrir.

HELLISBÚINN
29. DESEMBER KL. 19.10

# UMKRIN LISTAKO

**Frétta- og dagskrárgerðarmaðurinn Helga Arnardóttir heldur í fyrsta skipti jól með lítinn hvítvoðung upp á arminn en dóttir hennar, Margrét Júlía Reynisdóttir, kom í heiminn 13. nóvember síðastliðinn. Jólin í ár verða því frábrugðin fyrri jólum.**

Á meðgöngunni vann Helga að gerð þáttanna Óupplýst lögreglumál, sem sýndir eru á Stöð 2, og var því með hugann nokkuð fjarri fæðingar- og ungbarnastússi. Nú sér dóttirin hins vegar til þess að Helga hugsar ekki um nokkuð annað og nýtur tímans í botn. „Hún er að taka vaxtarkipp núna og hangir bókstaflega á mér. Ég er farin að líta á það sem stórkostleg forréttindi að komast í sturtu og kann orðið dagskrána á FoodNetwork utan að,“ segir Helga. Hún ætlar að verja aðfangadegi með móður sinni, Margréti Ákadóttur, og sambýlismanninum, Reyni Erni Þrastarsyni. „Á mínu heimili hefur alltaf verið elduð gæs og hefur Reynir, sem er matreiðslumaður, glaður gengið inn í þá hefð. Hann skaut sína bráð í haust og mun elda hana eftir kúnstarinnar reglum. Í forrétt erum við með humar í

ÓUPPLÝST LÖGREGLUMÁL
SUNNUDAGA KL. 20.30



# GD
# KKUM

raspi sem er borinn fram með franskbrauði og kokteilsósu með þeyttum rjóma og svo endum við á ris à l´amande.“

Við taka svo fjölskylduboð í röðum sem enda hjá Ingunni, systur Helgu, á gamlárskvöld þar sem borðin svigna undan alls kyns smáréttum. „Ég er umkringd listakokkum sem kemur sér einstaklega vel þar sem ég kann varla að sjóða pylsur.“ Helga segist þó nokkuð lunkin við að baka. „Ég er ekki svona dass-kona en kann að fara eftir uppskriftum. Ég hafði því hugsað mér að skella í smákökur ef ég get mögulega lagt barnið frá mér. Ég var meira að segja með háleitar hugmyndir um að gera franskar makkarónur en þá þyrfti ég nú örugglega að athuga með pössun enda nánast um dagsverk að ræða.“

Þáttaröð Helgu, Óupplýst lögreglumál, hóf göngu sína sunnudaginn 24. nóvember. Sama dag og dótturinni var gefið nafn. „Margrét í höfuðið á móðurömmunni og Júlía af því það er svo alþjóðlegt og rómantískt,“ segir Helga. Þættirnir eru á dagskrá á sunnudagskvöldum klukkan 20.20. Fjallað er um morð, bruna og bankarán sem aldrei hafa verið upplýst. Röðin telur sex þætti og verður sá síðasti sýndur á milli jóla og nýárs.



# DAGSKRÁIN 8.–14. DESEMBER

## SUNNUDAGUR 8. DESEMBER

**Hið blómlega bú (2:6)**
**Stöð 2 kl. 19.50**



Árni heimsækir bændur á Leirulæk, saltar nautatungu og fer með í reyk hjá Jóa á Heggstöðum, útbýr veiðisamloku og fer á andaveiðar.

**The Tunnel (2:10)**
**Stöð 2 kl. 21.00**
Glæný, bresk/frönsk spennuþáttaröð frá framleiðendum Broadchurch. Breska og franska lögreglan þurfa að taka höndum saman til að klófesta hættulegan morðingja.

**Homeland (10:12)**
**Stöð 2 kl. 21.50**



Spennan magnast og núna er Brody á leið til Írans þar sem hann á að myrða háttsettan embættismann.

**Do No Harm (1:13)**
**Stöð 3 kl. 21.15**



Spennandi þættir um taugaskurðlækninn Jason Cole sem breytist í ófreskju á hverju kvöldi. Cole hefur reynt að bæla hana niður en núna fær hann ekkert við hana ráðið.

**Contagion**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.45**
Magnaður og hörkuspennandi vísindatryllir með Matt Damon, Laurence Fishburne, Kate Winslet, Gwyneth Paltrow, Jude Law og Marion Cotillard.

**Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Frábær kvikmynd um þá Sveppa, Villa og Góa og ævintýri þeirra. Að þessu sinni liggur leið þeirra á hótel þar sem dularfullir atburðir hafa átt sér stað.

## MÁNUDAGUR 9. DESEMBER

**Eitthvað annað (1:8)**
**Stöð 2 kl. 19.25**



Lóa Pind Aldísardóttir fjallar um fólkið á bak við íslensk sprotafyrirtæki, fólk sem þorir að láta draumana rætast.

**The Americans (12:13)**
**Stöð 2 kl. 22:05**
Vandaðir spennuþættir sem gerast á tímum kalda stríðsins og fjalla um sovéska njósnara í Washington.

**Astro Boy**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali um strák með ótrúlega krafta.

**Í eldhúsinu hennar Evu (8:9)**
**Stöð 3 kl. 20:10**
Matgæðingurinn Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir deilir með áhorfendum uppskriftum og aðferðum við að galdra fram dýrindis mat í eldhúsinu.

**Sælkeraferðin (2:8)**
**Gullstöðin kl. 21:15**



Vala Matt ferðast í kringum Ísland og heimsækir sælkera og veitingahúsafólk sem bjóða upp á það allra besta og skemmtilegasta af íslenskum sælkeramat.

**Limitless**
**Bíóstöðin kl. 15.00 og 20.15**



Æsispennandi og stórgóð mynd Bradley Cooper, Anna Friel og Robert De Niro í aðalhlutverkum.

**Messan**
**Stöð 2 Sport kl. 22.00**
Gummi Ben og Hjörvar Hafliða fjalla um allt það helsta í leikjum helgarinnar í enska boltanum.

## ÞRIÐJUDAGUR 10. DESEMBER

**Á fullu gazi (3:8)**
**Stöð 2 kl. 20.15**



Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius stýra skemmtilegum bílaþætti með passlegum skammti af hraða, spennu og húmor.

**The Mentalist (2:22)**
**Stöð 2 kl. 21.35**



Lögreglan rannsakar morð á forritara og á sama tíma er Patrick Jane að eltast við Red John. Nýjar vísbendingar koma honum á sporið.

**Meistaradeild Evrópu**
**Stöð 2 Sport kl. 19.30**
Lokaumferðin í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Meðal leikja kvöldsins er viðureign Manchester United og Shakthar Donetsk.

**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
**Stöð 3 kl. 21.10**



Friðrik Dór stjórnar fjölbreyttum og skemmtilegum þætti. Fjöldi góðra gesta mætir í þáttinn auk þess sem boðið verður upp á frábæra tónlist.

**The Bourne Legacy**
**Bíóstöðin kl. 13.30 og 19.45**
Spennumynd frá 2012 með Jeremy Renner, Rachel Weisz og Edward Norton í aðalhlutverkum.

**Ísöldin 2**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Manni, Dýri og Lúlli eru mættir aftur. Nú er aldeilis farið að hitna í kolunum hjá félögunum sem þurfa að finna sér ný heimkynni þegar jöklarnir bráðna.



## Óupplýst lögreglumál
### Stöð 2 sunnudag kl. 20.30

Helga Arnardóttir fjallar um mál sem lögreglan hefur aldrei náð að leysa. Að þessu sinni fjallar hún um tvö bankarán, það fyrra frá 1984 og það síðara frá 1995.
Í febrúar 1984 réðst grímuklæddur maður inn bakdyramegin í útibú Iðnaðarbankans í Drafnarfelli og rændi uppgjöri dagsins því sem næst úr höndum afgreiðslustúlku. Rúmum áratug síðar, í desember 1995, réðust þrír menn inn í útibú Búnaðarbankans á Vesturgötu og hótuðu starfsfólki bankans og viðskiptavinum með haglabyssu og hnífi. Þeir höfðu á brott með sér þrjár og hálfa milljón króna að núvirði. Þessi tvö bankarán verða til umfjöllunar í þættinum. Þá verður einnig fjallað um innbrot í útibú Landsbankans á Borgarfirði eystri um verslunarmannahelgina 1991. Þjófurinn braust inn í bankann og rændi öllu lausafé en engin vitni voru að innbrotinu og það hefur aldrei verið upplýst.

## MIÐVIKUDAGUR 11. DESEMBER

**Grey's Anatomy (11:22)**
**Stöð 2 kl. 21.15**



Næstsíðasti þátturinn fyrir jól. Matthew og Jackson neyðast til að vinna saman þegar þeir verða vitni að hræðilegu slysi og kunnuglegt andlit snýr aftur á spítalann.

**Heimsókn (15:16)**
**Stöð 2 kl. 20.15**
Sindri Sindrason kíkir í heimsókn á falleg heimili og spjallar við húsráðendur.

**Kolla (9:14)**
**Stöð 2 kl. 20.40**
Vandaður og fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

**Junior Masterchef (14:16)**
**Stöð 3 kl. 19.00**
Skemmtileg matreiðslukeppni þar sem krakkar á aldrinum 8 til 12 ára fá tækifæri til að heilla Masterchef-dómarana með gómsætum réttum.

**Arrow (8:23)**
**Stöð 3 kl. 20.40**



Spennandi þáttaröð um nútíma Hróa hött sem berst gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur en viðheldur ímynd glaumgosans á daginn.

**Sleepy Hollow (4:13)**
**Stöð 3 kl. 21.25**



Æsispennandi þættir sem gerist í smábænum Sleepy Hollow þar sem barátta góðs og ills er háð. Þetta eru þættir sem hafa slegið í gegn hjá áhorfendum.



**Philadelphia**
**Bíóstöðin kl. 13.20 og 18.25**
Áhrifamikil Óskarsverðlauna-mynd með Tom Hanks, Denzel Washington og Antonio Banderas í aðalhlutverkum um lögfræðing sem þarf að takast á við sína eigin fordóma sem og samfélagsins þegar hann greinist með alnæmi.

**Steindinn okkar (2:8)**
**Gullstöðin kl. 22.10**
Steindi Jr. kitlar hláturtaugar áhorfenda og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig.

**Spurningabomban (2:21)**
**Gullstöðin kl. 20.25**



Allir bestu íslensku þættirnir eru í boði á Gullstöðinni. Logi Bergmann stýrir skemmtilegum spurningaleik í Spurninga-bombunni.

## Sveppi og Villi leita að jólasveinunum

**Stöð 2 kl. 07.00 og 17.45**
**Krakkastöðin kl. 08.00, 12.00 og 16.00**



Félagarnir Sveppi og Villi fá veður af því að jólasveinarnir séu illa í stakk búnir til að takast á við skyldur sínar sökum veikinda, persónulegra aðstæðna eða annarra tilfallandi ástæðna. Sveppi og Villi taka þá upp á sína arma og verða að taka á honum stóra sínum svo að börn þessa lands fái það sem þeim ber.

# FIMMTUDAGUR
## 12. DESEMBER

**Hátíðarstund með Rikku (2:4)**
**Stöð 2 kl. 20.15**



Rikka forvitnast um af hverju við setjum skóinn í gluggann og matarbloggarinn Albert Eiríksson útbýr gómsæta hnetu-steik með heimatilbúnu meðlæti.

**Person of Interest (18:22)**
**Stöð 2 kl. 21.10**
Reese og Finch komast að því að gamall spilafíkill er í bráðri hættu og reyna að grípa í taumana áður en það er um seinan.

**Five Minutes of Heaven**
**Stöð 2 kl. 22.45**



Stórgóð mynd með Liam Neeson og James Nesbitt í aðalhlutverkum. Hún fjallar um fyrrverandi liðsmann öfga-sambands mótmælenda á Norður-Írlandi sem nú þarf að standa augliti til auglitis við bróður manns sem hann myrti fyrir 25 árum.

**Ben and Kate (1:16)**
**Stöð 3 kl. 18.35**
Bandarísk gamanþáttaröð um kærulausan náunga sem flytur inn til systur sinnar sem er alltaf með allt sitt á hreinu.

**The X Factor (23:26)**
**Stöð 3 kl. 19.40**
Það styttist í úrslitastundina og núna eru bara þeir bestu eftir. Þættirnir eru sýndir innan við sólarhring eftir frumsýningu í Bandaríkjunum.

**Scent of a Woman**
**Bíóstöðin kl. 11.15 og 17.25**
Toppmynd frá 1992 sem færði Al Pacino Óskarsverðlaunin fyrir aðalhlutverkið. Hann leikur fyrrverandi ofursta sem er bæði blindur og geðstirður en langar að skella sér til New York og sletta þar ærlega úr klaufunum.

**Bad Teacher**
**Bíóstöðin kl. 22.00**



Geggjuð gamanmynd með Cameron Diaz í hlutverki afar vanhæfs skólakennara sem þarf að takast á við ýmsar áskoranir.

**Hæðin (2:9)**
**Gullstöðin kl. 19.00**
Þrjú gerólík pör hanna og inn-rétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæðinni.

# FÖSTUDAGUR
## 13. DESEMBER

**Super Fun Night (8:17)**
**Stöð 3 kl. 20.30**



Gamanþáttaröð um þrjár frekar klaufalegar vinkonur sem eru staðráðnar í að láta ekkert stöðva sig í leit að fjöri á föstudagskvöldum.

**Logi í beinni (13:15)**
**Stöð 2 kl. 19.50**
Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns.

**Special Forces**
**Stöð 2 kl. 22.05**
Spennumynd með Diane Kruger og Djimon Hounsou í aðalhlutverkum. Talíbanar í Afganistan ræna fréttakonu og sérsveit er send út til að freista þess að bjarga henni.

**Strike Back (4:10)**
**Stöð 3 kl. 22.20**



Bresk spennu-þáttaröð um liðsmenn sérsveitar innar bresku leyni-þjónustunnar MI6 sem sendir eru til að vinna hættuleg verkefni um víða veröld.

**The Descendants**
**Bíóstöðin kl. 14.45 og 20.05**



Mögnuð mynd sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir handrits-gerð. George Clooney leikur aðalhlutverkið.

**Contraband**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.45**
Endurgerð íslensku myndarinnar Reykjavík Rotterdam með Mark Wahlberg í aðalhlutverki en þetta er ekta spennutryllir úr smiðju Baltasars Kormáks sem enginn má láta framhjá sér fara.

**Öskubuska**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali þar sem klassískt ævintýri er fært í nýjan búning.

**Veistu hver ég var?**
**Gullstöðin kl. 20.35**
Laufléttur og stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjá Sigga Hlö og mun andi níunda áratugarins vera í aðalhlutverki.

# LAUGARDAGUR
## 14. DESEMBER

**Magic Mike**
**Stöð 2 kl. 21.20**



Skemmtileg mynd með Channing Tatum og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um ungan mann sem vinnur sem strippari á kvöldin en dreymir um annað líf.

**Centurion**
**Stöð 2 kl. 23.10**
Hasar- og ævintýramynd frá 2010 með Michael Fassbender og Dominic West í aðalhlutverkum.

**Don't Trust the B... in Apt. 23 (8:19)**
**Stöð 3 kl. 20.05**



Gamanþættir um tvær ólíkar stelpur sem leigja saman í New York. Önnur er saklaus smábæjarstelpa en hin er siðblind partígella.

**Dark Blue (1:10)**
**Stöð 3 kl. 20.55**
Spennuþáttaröð með Dylan McDermott í aðalhlutverki.

The Brothers Bloom
**Stöð 3 kl. 21.40**
Gamanmynd með Rachel Weisz, Adrien Brody og Mark Ruffalo í aðalhlutverkum. Bloom-bræðurnir eru klókir svikahrappar sem ætla að setja upp eina stóra svikamyllu áður en þeir hætta.

**Moneyball**
**Bíóstöðin kl. 13.10 og 19.50**
Mögnuð mynd sem byggð er á ótrúlegri sannri sögu. Aðalhlutverkin leika Brad Pitt og Jonah Hill.

**The Dark Knight Rises**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 04.30**



Stórmynd með Christian Bale og Anne Hathaway í aðalhlutverkum. Nýtt illmenni veldur ógn og skelfingu í Gotham-borg og Batman ákveður að snúa aftur.

**Hetjur Valhallar - Þór**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Frábær teiknimynd í fullri lengd fyrir alla fjölskylduna.

# RISASTÓRI JÓLAÞÁTTURINN



**Logi Bergmann tekur á móti fjölda góðra gesta og tónlistarmanna í árlegum jólaþætti sínum á Stöð 2. Sjálfur er hann mikið jólabarn og heldur mest upp á íslensk jólalög og íslenska flytjendur.**

Árlegur jólaþáttur Loga í beinni ber yfirskriftina Risastóri jólaþátturinn og verður sýndur 20. desember á Stöð 2. Ekkert verður til sparað frekar en venjulega. Fjöldi góðra gesta kemur í heimsókn og líkt og í fyrri jólaþáttum mun tónlistin skipa stóran sess. Sjálfur er Logi Bergmann mikið jólabarn og árlegur jólaþáttur hans er vandræðalega stór að hans sögn. „Þetta er fimmta árið í röð sem við höfum svona jólaþátt og við reynum alltaf að gera meira en við ráðum við. Ég geri ráð fyrir um 20 gestum en venjulega er ég með þrjá gesti í hverjum þætti. Síðan má gera ráð fyrir sex til sjö tónlistaratriðum, þannig að þetta verður rosalega gaman hjá okkur."

## Gamlar perlur á Þorláksmessu

Jólaþátturinn verður sýndur fjórum dögum fyrir aðfangadag og því gerir Logi ráð fyrir góðri jólastemningu í salnum. „Reyndar byrjum við að keyra upp jólastemninguna í þættinum á undan sem verður sýndur 13. desember, þannig að tveir síðustu þættirnir fyrir jólin verði miklir jólaþættir. Það er ekki alveg ljóst á þessu stigi hverjir koma fram í jólaþættinum en þó má greina frá því að Bubbi Morthens syngur þar auk systkinanna KK og Ellenar Kristjánsdóttur. Síðan skýrist þetta allt saman þegar nær dregur en ég get lofað skemmtilegum gestum og flytjendum."

Á Þorláksmessu verður auk þess sýndur sérstakur þáttur þar sem búið er að klippa saman jólalög úr eldri þáttum Loga. „Á síðustu árum hafa safnast saman mörg skemmtileg jólalög sem flutt hafa verið í þættinum. Við erum að tala um flytjendur eins og Ríó tríó, Ragga Bjarna, Helgu Möller, Sigurð Guðmundsson og Baggalút. Þessir flytjendur, ásamt öðrum, flytja bæði eigin lög og lög eftir aðra."

## Léttur um jólin

Sem fyrr segir er Logi mikið jólabarn og eru íslensk jólalög og íslenskir flytjendur í mestu uppáhaldi. „Lagið Léttur um jólin með Ríó tríói er í miklu uppáhaldi hjá mér en það kom út á plötunni Jólastjörnur, árið 1976, sem var mikið spiluð á æskuheimili mínu. Það var skemmtileg stund þegar ég fékk þá félaga til mín og þeir tóku lagið í þættinum hjá mér enda lengi verið draumur minn. Ég hlustaði einnig mikið á jólaplötu Brunaliðsins, Með eld í hjarta, þegar ég var barn. Af nýlegra efni má nefna Sigurð Guðmundsson en ég er ofsalega hrifinn af honum. Hann gaf út jólaplötu fyrir fáeinum árum sem er strax orðin sígild í huga mínum. Svo má ekki gleyma Björgvini Halldórssyni sem á örugglega 100 jólalög sem eru stór hluti af jólum landsmanna."

Þátturinn Logi í beinni fer í frí eftir áramót og tekur þá við spurningaþátturinn vinsæli Spurningabomban. „Þátturinn verður með svipuðu sniði og undanfarin ár þótt einhverjar nýjungar muni hugsanlega bætast við. Við höldum þó þessu klassíska og þannig verður Rúnar Freyr til dæmis á sínum stað. Við byrjum strax eftir áramót með Áramótabombuna sem er nokkurs konar áramótauppgjör okkar. Þá verða fleiri gestir en venjulega og árinu skipt í hluta. Þetta verður stærsti bombuþáttur ársins."

**RISASTÓRI JÓLAÞÁTTURINN**
**20. DESEMBER KL. 19.50**

# FAGRIR TÓNAR YFIR HÁTÍÐIRNAR




Tónlist skipar veglegan sess í hátíðardagskránni á Stöð 2. Sunnudaginn fyrir jól verður frumsýnd heimildarmyndin Okkar menn í Havana þar sem fylgst er með Sigurði Guðmundssyni og Memfismafíunni vinna að nýrri plötu í Havana á Kúbu. Í myndinni er fylgst með öllu upptökuferlinu ásamt því að sjá ljóslifandi hina litríku og heillandi borg Havana.

Á aðfangadagskvöld, strax að lokinni beinni útsendingu frá aftansöng í Grafarvogskirkju, verður sýnd upptaka frá einstökum jólatónleikum sem systkinin KK og Ellen héldu í Eldborg í fyrra. Þau syngja og spila mörg okkar ástsælustu jólalög, íslensk og erlend, og seilast einnig í lög úr lagasjóði sínum, bæði ný og gömul. Góðir gestir koma fram á tónleikunum og má þar nefna Mugison, Magnús Eiríksson, Elínu Ey og Pikknikk. Tónlistarstjóri er Eyþór Gunnarsson.

Á nýársdag verður síðan sýnt frá glæsilegum minningartónleikum sem voru haldnir til heiðurs Elly Vilhjálms í Laugardalshöllinni. Einstakur ferill Ellyjar var rifjaður upp í máli og myndum, með tónlist og ýmiss konar myndskeiðum, nýjum og gömlum. Laugardalshöllinni var breytt í tímavél og gestir hurfu aftur til 6. og 7. áratugarins í eina kvöldstund. Guðrún Gunnars, einn helsti merkisberi minningar Ellyjar síðastliðin ár skipaði veigamikið hlutverk í tónleikahaldinu.





# VERÐSKULDAÐ SPENNUFALL

**Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir er annar stjórnenda þáttarins Á fullu gazi á Stöð 2 á þriðjudagskvöldum. Hún er sjálf vön því að vera á fullu gazi um jólin.**

„Ég er óskipulagðasta manneskja í heimi og vakna yfirleitt alltof seint á aðfangadag eða ríf mig upp grútsyfjuð klukkan átta því ég hef ekki keypt eina einustu jólagjöf. Svo tekur við stefnulaust ráf í óðagoti um miðbæinn sem færist yfir í verslunarmiðstöðvarnar þegar búið er að loka á Laugaveginum og þetta er alltaf svona, sama hvað ég ætla að vera tímanlega,“ segir Sigríður Elva.

Sigríður á minningu um sig hlaupandi í Hagkaupum sem síðastri búða var lokað á aðfangadag og með allt í fári.

„Svo húrra ég mér heim eftir búðarápið, klæði mig í jólaföt og elda eitthvað, því sem grænmetisæta kem ég með eigin mat í jólamat til mömmu og pabba.“

## Alltaf geitaostur á jólunum

Þegar haustar byrjar Sigríður Elva að lesa sér til um jólamat og leita sér hugmynda. „Ég hef enn ekki náð að skapa mér matarhefð um jólin en geitaostur kemur þó alltaf við sögu. Síðast gerði ég geitaostaköku og langar að gera hana aftur núna fyrir jólin á meðan aðalrétturinn kemur á óvart. Margar grænmetisætur líta á hnetusteik sem hinn eina sanna jólamat en mér finnst á henni of mikill hippaheilsubragur og hnetusteik álíka hátíðleg og kjöthleifur á virkum degi,“ segir Sigríður Elva sem á aðventunni bakar í gríð og erg og segir að jólin séu besta afsökunin til að baka sætabrauð.

„Ilmur af jólabakstri er hluti af jólastemningunni. Ég er mikið jólabarn þótt mig skorti trúarlega tengingu við hátíðina og þykir notalegt þegar hraður taktur þjóðfélagsins hægist og kyrrðin tekur við. Eftir stresskast aðfangadags upplifi ég því verðskuldað spennufall og get verið slök í náttfötum að éta konfekt næstu daga.“

Fram undan eru fyrstu jól Sigríðar Elvu sem móður. „Dóttirin er enn svo lítil að hún mun varla hafa gaman af því að taka upp jólapakka og ég er mun spenntari fyrir pökkunum hennar en hún. Mér þykja jólin spennandi með augum barnsins og hlakka til þegar hún fer að hafa vit á þessu öllu. Móðurhlutverkið breytir öllu og nú get ég sennilega ekki leyft mér að hlaupa um búðir á taugum með litla viðhengið með mér.“





Á FULLU GAZI
ÞRIÐJUDAGA KL. 20.10



# Brú verður að göngum

**Atburðir á Eyrarsundsbrúnni færast ofan í Ermarsundsgöngin þegar dansk-sænska spennuþáttaröðin Brúin lifnar við í örmum breskra og franskra sjónvarpsframleiðenda.**

The Tunnel hóf göngu sína á Stöð 2 síðastliðinn sunnudag. Hálfur búkur fransks stjórnmálamanns og neðri hluti breskrar vændiskonu finnast í Ermarsundsgöngunum á landamærum Frakklands og Bretlands. Rannsóknarlögreglumenn frá báðum löndum þurfa að vinna að málinu í sameiningu og finna raðmorðingjann sem er í krossferð til að varpa ljósi á ýmis samfélagsleg vandamál sem varða bæði löndin.

Söguþráðurinn er aðdáendum dansk-sænsku Brúarinnar að góðu kunnur enda er The Tunnel ensk-frönsk endurgerð á Brúnni, heimfærð upp á enskt og franskt mannlíf, menningu og staðhætti. Í aðalhlutverkum eru breski leikarinn Stephen

**2 THE TUNNEL**
**SUNNUDAGA KL. 21.00**



# HÓMER MÆTIR MEÐ JÓLASKAPIÐ

Glæný þáttaröð af The Simpsons hefur göngu sína á Stöð 2 á milli jóla og nýárs. Fyrsti þátturinn er bráðfyndinn jólaþáttur sem sýndur verður 27. desember. Springfield breytist í mikinn jólabæ eftir að geislavirk efni leka úr kjarnorkuveri bæjarins og snjór leggst yfir hann. Túristarnir streyma til bæjarins og Marge ákveður að opna heimili sitt ókunnugum gegn vænni þóknun. Þetta er 25. þáttaröðin um Hómer og alla hina furðufuglana í Springfield og vinsældir þáttanna dvína ekkert. Simpson-fjölskyldan er fastagestur á heimilum um víða veröld en þættirnir eru sýndir í meira en 180 löndum og er talið að engin bandarísk þáttaröð fái eins mikið áhorf á heimsvísu.

**2 THE SIMPSONS**
**HEFST 27. DES. KL. 19.20**



„Franskur alvarleiki pirrar mig stundum og ég elska að fá Englendinga til að hlæja.“

Clémence Poésy

Dillane, sem margir muna eftir úr Game of Thrones, og franska þokkagyðjan Clémence Poésy. Bæði heilluðust af pólitískum söguþræði þáttanna.

„Vissulega eru tungumálalandamæri á milli Frakka og Englendinga sem valda erfiðleikum í samskiptum þjóðanna. Við Stephen smullum hins vegar strax saman þótt við séum ekki af sömu kynslóðinni og bakgrunnur okkar sé ólíkur,“ segir Clémence um samstarf þeirra Stephens.

### Kann ekki að ljúga

Í þáttunum spreytir Clémence sig á hlutverki Elise sem er með Asperger-heilkenni.

„Elise er lokuð en einlæg sem barn. Hún gengur hreint til verks í kynlífi og pikkar upp menn á bar til að sofa hjá. Elise kann ekki að ljúga og þegar þannig er í pottinn búið lendir fólk í skrýtnum félagslegum aðstæðum þar sem varla er hægt að byggja upp sambönd við neinn, því mest af daglegu tjatti okkar byggist á lygum þegar við látum eins og allt sé betra en það er,“ segir Clémence.

Stephen Dillane heillaðist af áleitnum, erfiðum og pólitískum spurningum sem varpað er fram í þáttunum.

„Þættirnir sýna evrópska dystópíu eða helvíti með óvenjulegri nálgun og er engu líkara en að handritshöfundar hafi troðið atvinnuleysi, umhverfismálum, efnahagskreppunni, málum innflytjenda og fleiru ofan í kokið á einhverjum sem reynist vera fjöldamorðingi,“ segir Dillane og er ánægður með útkomuna.

„Ég hafði áhuga á að vinna með Frökkum sem reyndist ánægjulegt. Þjóðirnar eru með ólíkar áherslur í kvikmyndagerð og það er spennandi að sjá hvernig menning okkar og þjóðlíf er fléttað saman.“

Charlotte Gainsbourg syngur upphafslagið þrúgandi röddu.

„Franskur alvarleiki pirrar mig stundum og ég elska að fá Englendinga til að hlæja,“ segir Clémence sem birtist ómáluð í þáttunum, fyrir utan bólu- og baugahyljara.

„Það gerir Elise áhugaverðari en mér hefur þótt óþægilegt þegar fjölmiðlamenn segja mig hugrakka fyrir vikið og tel mig kannski hafa gert heimskuleg mistök,“ segir Clémence hlæjandi.

Báðum finnst hressandi að söguþráðurinn snúist um vináttu en ekki ástarsamband karls og konu.

„Það er ekki nóg skrifað um vináttu karla og kvenna og greinilegt að efnistök í sjónvarpsþáttum taka nú nýja stefnu. Farið er að höfða til greindar áhorfenda sem í síauknum mæli njóta sjónvarpsefnis þar sem öll tungumál eru töluð.“




# LEYNDARMÁL OG LYGAR Á LÆRKEVEJ

Danska þáttaröðin Lærkevej sló í gegn hjá áhorfendum Stöðvar 2 sl. sumar. Núna er að hefjast ný þáttaröð um skrautlega íbúana á Lærkevej en fyrsti þátturinn er á dagskrá miðvikudaginn 4. desember.

Lærkevej er stórskemmtileg þáttaröð með blöndu af gamni og kolsvartri alvöru. Hún fjallar um þrjú systkin sem þurftu að flýja frá Kaupmannahöfn eftir að hafa lent upp á kant við eiturlyfjamafíu. Þau neyddust til að losa sig við lík og fara huldu höfði. Þau fundu sér felustað í rólegu úthverfi þar sem allt virtist slétt og fellt á yfirborðinu. En íbúarnir við Lærkevej eru skrautlegir og búa sjálfir allir yfir leyndarmálum.

Í fyrsta þættinum bankar lögreglan upp á hjá íbúum við götuna og það getur bara endað með ósköpum.

Lærkevej-þættirnir vöktu athygli vestur yfir haf og hefur NBC-sjónvarpsstöðin keypt framleiðslurétt þáttanna. Bandarísk útgáfa mun því verða framleidd undir heitinu Park Road. Framleiðsluteymi Park Road verður það sama og stóð að þáttunum um mafíufjölskylduna The Sopranos.

**LÆRKEVEJ**
**MIÐVIKUDAGA KL. 21.10**

# LOKAUPPGJÖRIÐ ER FRAMUNDAN

**The Mentalist snýr aftur og verður á dagskrá á þriðjudagskvöldum.**



Einn vinsælasti erlendi þáttur Stöðvar 2 undanfarin ár, The Mentalist, snýr aftur á dagskrá í desember og verður sýndur á þriðjudagskvöldum í vetur eftir að hafa verið sýndur á sunnudagskvöldum undanfarin ár. Ástralski leikarinn Simon Baker leikur aðalhlutverkið í þáttunum en þetta er sjötta árið sem hann er í hlutverki hins bráðgáfaða Patricks Jane. Hann notar einstaklega skarpa athyglisgáfu sína til að aðstoða lögregluna við að leysa flókin mál en á sama tíma eltist hann við manninn sem myrti eiginkonu hans og dóttur. Morðinginn gengur undir nafninu Red John og má segja að eltingarleikurinn við hann hafi verið rauði þráðurinn í þáttunum allt frá byrjun. Í þessari þáttaröð kemst Jane loks að því hver Red John er í raun og veru.

Sjálfur segir leikarinn að hann hafi ekki viljað vita of mikið. „Ég passaði mig á því að lesa ekki handrit þáttanna langt fram í tímann til að viðhalda spennunni,“ segir Baker.

**THE MENTALIST**
**ÞRIÐJUDAGA KL. 21.30**

# DAGSKRÁIN 15.–21. DESEMBER

## SUNNUDAGUR 15. DESEMBER

**The Tunnel (3:10)**
**Stöð 2 kl. 21.00**



Bresk/frönsk spennusería. Núna er lögreglan í kapphlaupi við tímann eftir að morðinginn lætur til skarar skríða á ný.

**Hið blómlega bú (3:6)**
**Stöð 2 kl. 19.50**
Árni heldur á síldveiðar á Faxaflóa, saltar síld í tunnu og heitreykir ferska síld sem hann ber fram ásamt ofnsteiktu grænmeti og kartöflusalati.

**Óupplýst lögreglumál (4:6)**
**Stöð 2 kl. 20.30**
Helga Arnardóttir fjallar um mál tvítugs manns sem lést á skemmtistaðnum Þórscafé árð 1974 og morðið á Gunnari Tryggvasyni leigubílstjóra árið 1968.

**Homeland (11:12)**
**Stöð 2 kl. 21.50**



Næstsíðasti þátturinn í þriðju þáttaröð. Brody þarf að gera upp við sig hvort hann heldur áfram að vinna fyrir CIA eða snýst á band með gömlum félögum.

**Offspring (1:22)**
**Stöð 3 kl. 19.45**
Áströlsk þáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna þar í landi. Nina er fæðingarlæknir sem gengur allt í haginn… ef ástin er undanskilin.

**Neyðarlínan**
**Gullstöðin kl. 20.25**



Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna af ýmsum ástæðum.

**The Young Victoria**
**Bíóstöðin kl. 13.25 og 20.15**
Dramatísk stórmynd um Viktoríu drottningu á Englandi, leið hennar á valdastól og ekki síst farsælt ástarsamband hennar við Albert prins.

## MÁNUDAGUR 16. DESEMBER

**Í eldhúsinu hennar Evu (9:9)**
**Stöð 3 kl. 20.05**



Sérstakur jólaþáttur hjá Evu Laufeyju sem matreiðir kalkúnabringur með ljúffengu meðlæti.

**Hostages (12:15)**
**Stöð 2 kl. 21.10**



Síðasti þátturinn fyrir jól í þessari mögnuðu spennuseríu. Brian ætlar að koma upp um Duncan en óvæntar fréttir setja allt úr skorðum.

**The Americans (13:13)**
**Stöð 2 kl. 22.00**
Philip og Elizabeth er gert að vera viðstödd fund sem gæti reynst þeim hættulegt í lokaþætti þessarar fyrstu þáttaraðar. Á sama tíma færist Stan sífellt nær því að hafa upp á þeim.

**Mannshvörf á Íslandi (3:8)**
**Gullstöðin kl. 20.10**
Vönduð íslensk þáttaröð þar sem Helga Arnardóttir tekur til umfjöllunar mannshvörf hér á landi undanfarna áratugi.

**Glee (8:22)**
**Stöð 3 kl. 20.30**



Krakkarnir í Glee-klúbbnum eru komnir í jólaskap og Rachel, Kurt og Santana fara að vinna fyrir jólasveininn í verslunarmiðstöð í New York.

**Dumb & Dumber**
**Bíóstöðin kl. 14.25 og 20.05**
Frábær gamanmynd með Jim Carrey og Jeff Daniels í aðalhlutverkum. Ein allra besta mynd Farrelly-bræðra.

**Taken 2**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.40**



Spennumynd með Liam Neeson í aðalhlutverki. Hann leikur fyrrverandi leyniþjónustumann sem berst við illmenni sem rænir eiginkonu hans og dóttur.

## ÞRIÐJUDAGUR 17. DESEMBER

**How I Met Your Mother (24:24)**
**Stöð 2 kl. 20.35**



Það er komið að stóru stundinni í þessum frábæru gamanþáttum. Nú fá áhorfendur loks að sjá konuna sem hefur verið hulin í átta ár, barnsmóður Teds.

**The Big Bang Theory (6:24)**
**Stöð 2 kl. 20.10**
Vinsælasta gamanþáttaröð í heimi. Ofvitarnir Leonard og Sheldon vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar en það nýtast þeim ekki í samskiptum við annað fólk.

**Hart of Dixie (15:22)**
**Stöð 3 kl. 19.45**



Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.

**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór (5:24)**
**Stöð 3 kl. 21.10**
Friðrik Dór og Ásgrímur Geir Logason leika á als oddi í þessum fjöruga skemmtiþætti.

**Alvin og íkornarnir 3**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg mynd með íslensku tali. Alvin og hinir íkornarnir þurfa að spjara sig á eyðieyju eftir að hafa óvart fallið frá borði ásamt íkornastelpunum.

**Time Traveler's Wife**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 02.50**
Rómantísk mynd með Eric Bana og Rachel McAdams í aðalhlutverkum.

**Um land allt**
**Gullstöðin kl. 20.05**



Kristján Már Unnarsson ferðast landshorna á milli og tekur púlsinn á mannlífinu. Í þessum þætti fer Kristján Már í leitir og réttir með Gnúpverjum.



## MIÐVIKUDAGUR 18. DESEMBER

**Kolla (10:14)**
**Stöð 2 kl. 20.35**



Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ræðir við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

**Lærkevej (3:12)**
**Stöð 2 kl. 22.00**
Skemmtilegir danskir þættir um systkini sem ætluðu að fara huldu höfði í rólegu úthverfi en komast fljótt að því að allir nágrannarnir hafa eitthvað að fela.

**Kalli á þakinu**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg mynd um furðufuglinn Kalla sem býr uppi á þaki hjá Bróa litla og flýgur um með þyrluspaða.

**Victoria's Secret Fashion Show**
**Stöð 3 kl. 19.45**



Upptaka frá einstakri tískusýningu þar sem nokkrar af flottustu fyrirsætum heims sýna nýjustu undirfötin frá Victoria's Secret.

**Arrow (9:23)**
**Stöð 3 kl. 21.05**
Draugar fortíðar ásækja Oliver í síðasta þættinum fyrir jólafrí. Oliver er byrlað eitur en Felicity þarf að taka erfiða ákvörðun í von um að bjarga honum.

**Notting Hill**
**Bíóstöðin kl. 14.35 og 19.55**



Hugh Grant og Julia Roberts í rómantískri gamanmynd sem stendur ávallt fyrir sínu.



## Grey's Anatomy
### Stöð 2 miðvikudag kl. 21.10

Síðasti þátturinn af Grey's Anatomy fyrir jól og það verður mikil dramatík. April er að fara að gifta sig en á brúðkaupsdaginn eru allir læknarnir á Grey Sloan Memorial sjúkrahúsinu með hugann við önnur mál. Meredith og Cristina halda áfram að deila um rannsóknarvinnuna, Bailey segir Ben hug sinn varðandi endurkomu hans til Seattle og Derek fær símtal sem gæti breytt lífi hans.

**Never Let Me Go**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.45**
Bresk kvikmynd sem hefur hlotið góða dóma. Aðalhlutverkin leika Keira Knightley, Carey Mulligan og Andrew Garfield.

**Enski deildarbikarinn**
**Stöð 2 Sport kl. 19.35**
Átta liða úrslitin í enska deildarbikarnum. Manchester United heimsækir Stoke City og er leikurinn sýndur beint á Stöð 2 Sport á meðan Gylfi Sigurðsson og félagar taka á móti West Ham á Sport 3.

**Ástríður (3:10)**
**Gullstöðin kl. 21.55**



Ný, íslensk gamanþáttaröð sem sýnd var á Stöð 2 í haust en er nú endursýnd á Gullstöðinni. Skemmtilegir þættir þar sem fjallað er um ástamál og vináttu, starfsframa og sambönd og allt þar á milli.



## Rómantískir dagar á Bíóstöðinni

Rómantíkin ræður ríkjum á Bíóstöðinni í desember. Sýndar verða vel valdar myndir sem ylja áhorfendum um hjartaræturnar og skapa rétta andrúmsloftið yfir hátíðirnar. Rómantíska þemað hefst með myndinni The Time Traveler's Wife með Rachel McAdams og Eric Bana í aðalhlutverkum þriðjudaginn 17. desember og stendur fram yfir áramót.

## FIMMTUDAGUR 19. DESEMBER

**The X Factor – úrslitin**
**Stöð 3 kl. 19.40 og 01.00**



Það er komið að úrslitastundinni í The X Factor. Fyrst verður þáttur frá kvöldinu áður sýndur kl. 19.40 og klukkan 1 eftir miðnætti verður skipt yfir í beina útsendingu frá Los Angeles.

**Shameless (3:12)**
**Stöð 3 kl. 21.00**
Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu. Fjölskyldufaðirinn er forfallinn alkóhólisti, mamman löngu flúin að heiman og uppátækjasamir krakkarnir sjá um sig sjálfir.

**Hátíðarstund með Rikku (3:4)**
**Stöð 2 kl. 20.10**



Rikka er í óða önn að leggja lokahönd á jólaundirbúninginn. Jólatréð verður skreytt á listilegan máta og á boðstólum verður hægelduð nautasteik með stökkum kartöflum og trufflubernaisesósu.

**Brighton Rock**
**Stöð 2 kl. 22.40**
Bresk spennumynd með Sam Riley, Andrea Riseborough og Helen Mirren í aðalhlutverkum.

**Dear John**
**Bíóstöðin kl. 15.10 og 20.20**
Rómantísk og áhrifamikil mynd frá höfundi The Notebook. Aðalhlutverkin leika Channing Tatum og Amanda Seyfried.

**Heimsókn**
**Gullstöðin kl. 20.20**
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.

**Hið blómlega bú**
**Gullstöðin kl. 20.40**



Fyrsta þáttaröðin með Árna Ólafi sem yfirgaf stórborgina New York og settist að í íslenskri sveit.

**Rauðhetta... með nýju bragði 2**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali þar sem rækilega er snúið út úr ævintýrinu um Rauðhettu og úlfinn.

## FÖSTUDAGUR 20. DESEMBER

**Risastóri jólaþátturinn**
**Stöð 2 kl. 19.50**



Logi Bergmann er í hátíðarskapi í sérstökum jólaþætti þar sem góðir gestir kíkja í heimsókn og jólastemningin ræður ríkjum.

**The Borrowers**
**Stöð 2 kl. 21.05**
Bresk jólamynd sem byggð er á frægri sögu um búálfa sem búa undir gólffjölum í stóru húsi og bjarga sér með því að fá lánað það sem þá vanhagar um frá eigendum hússins.

**30 Minutes or Less**
**Stöð 2 kl. 22.40**
Skemmtileg mynd um tvo misheppnaða glæpamenn sem ræna pítsusendli, festa tímasprengju framan á hann og þvinga hann til að ræna banka.

**Grimm (6:22)**
**Stöð 3 kl. 22.35**
Lögreglumaðurinn Nick Burkhardt sér hluti sem aðrir sjá ekki og hefur það hlutverk að elta uppi alls kyns kynjaverur sem búa meðal mannfólksins.

**Fóstbræður (3:8)**
**Gullstöðin kl. 21.20**



Fóstbræður eru óborganlegir grínistar sem hæðast bæði að sjálfum sér og öðrum.

**Baddi í borginni**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Alvöru fjölskyldumynd um vaska grísinn Badda. Nú ber svo við að húsbóndi hans er slasaður og ófær um að sinna bústörfum. Það kemur því í hlut Badda að halda hlutunum gangandi.

**27 Dresses**
**Bíóstöðin kl. 13.50 og 20.10**




Rómantísk gamanmynd með Katherine Heigl í aðalhlutverki. Jane er hin fullkomna brúðarmær en er sjálf afar óheppin í ástum.

**Bridesmaids**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.30**
Fersk, frumleg og hárbeitt gamanmynd sem sló í gegn í bíó. Annie fær það hlutverk að skipuleggja brúðkaup vinkonu sinnar en það reynist erfiðara en hana óraði fyrir.

## LAUGARDAGUR 21. DESEMBER

**Hope Springs**
**Stöð 2 kl. 19.40**



Gamanmynd með Meryl Streep, Tommy Lee Jones og Steve Carell í aðalhlutverkum. Eftir 30 ára hjónaband fara miðaldra hjón í hjónabandsráðgjöf til þess að bjarga hjónabandinu.

**Very Harold & Kumar Christmas**
**Stöð 2 kl. 21.20**



Gamanmynd frá 2011 með Kal Penn, John Cho og Neil Patrick Harris í aðalhlutverkum. Dóphausarnir Harold og Kumar ná að rústa jólunum á sinn sérstaka hátt.

**Ávaxtakarfan**
**Krakkastöðin kl. 09.25, 13.25 og 17.25**



Skemmtilegir þættir um lífið í Ávaxtakörfunni. Fallegur boðskapur og skemmtileg tónlist.

**Around the World in 80 Plates**
**Stöð 3 kl. 19.00**
Nýstárlegir og skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem hópur kokka ferðast um heiminn og matreiðir ljúffenga rétti.

**Super**
**Stöð 3 kl. 21.40**
Gamanmynd frá 2010 með Rainn Wilson, Ellen Page, Kevin Bacon og Liv Tyler í aðalhlutverkum. Hún fjallar um meðalmanninn Frank Darbo sem ákveður að verða ofurhetja.

**Just Go With It**
**Bíóstöðin kl. 13.15 og 20.05**
Skemmtileg gamanmynd með Adam Sandler og Jennifer Aniston í aðalhlutverkum.

**Friends With Benefits**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.20**



Mila Kunis og Justin Timberlake í hlutverkum góðvina sem ætla sér að afsanna að vinir geti ekki sofið saman án vandræða.



# HÁTÍÐ Í BÆ MEÐ ÁRNA ÓLAFI

Sagt er frá matreiðslumeistaranum Árna Ólafi Jónssyni, sem yfirgaf stórborgarlífið í New York og settist að í sveitinni, í þáttaröðinni Hið blómlega bú. Þættirnir hittu beint í mark hjá áskrifendum Stöðvar 2 sl. sumar og núna er komin ný þáttaröð sem ber yfirskriftina Hátíð í bæ. Fyrsti þáttur var á dagskrá sl. sunnudagskvöld en alls verða þættirnir sex og Árni Ólafur á eftir að fylgja áhorfendum inn í nýtt ár.

„Við höldum áfram þar sem frá var horfið og vinnum úr hráefninu sem varð til hjá okkur síðasta sumar, nýtum grænmetið og gerum osta og bökum. Hægt og bítandi verða þættirnir jólalegri hjá okkur en eftir áramótin verða uppskriftirnar aftur hefðbundnari,“ segir borgarbarnið Árni Ólafur sem heillaðist upp úr skónum af lífinu í sveitinni við gerð þáttanna Hið blómlega bú.

„Ég er búinn að læra helling, ekki bara hvernig búa á til sjónvarpsþætti heldur á lífið í sveitinni. Stemmingin í sveitinni er svo heillandi. Ég gæti alveg fundið bóndann í mér. Þar hjálpast allir að og mér fannst yndislegt að hitta allt fólkið og sjá hversu fjölbreytt mannlífið er og hve mikil gróska er í framleiðslu á úrvals hráefni.“

2 HIÐ BLÓMLEGA BÚ - HÁTÍÐ Í BÆ
SUNNUDAGA KL. 19.55

## SÚKKULAÐIBITAKÖKUR AÐ HÆTTI ÁRNA ÓLAFS



250 g hveiti
½ tsk. matarsódi
200 g smjör, skorið í teninga
150 g púðursykur
100 g strásykur
1 tsk. salt
2 tsk. vanilludropar
1 stórt egg
1 stór eggjarauða
200 g suðusúkkulaði (2 plötur), grófsaxað
50 g valhnetur, ristaðar og grófsaxaðar

1 Forhitið ofninn í 200°C. Setjið hveitið í litla skál og hrærið matarsódann saman við. Bræðið 150 grömm af smjörinu yfir miðlungsháum hita. Hringsnúið pönnunni af og til og strjúkið botninn með sleikju. Hitið smjörið þar til mjólkurþurrefnin í smjörinu eru orðin brún og smjörið ilmar eins og heslihnetur, það tekur um 3 mínútur. Hellið smjörinu í stóra skál og náið restinni úr pönnunni með sleikju. Bætið því sem eftir er af óbráðna smjörinu (50 grömmum) út í heitt bráðið smjörið og hrærið í þar til það er algjörlega bráðið.

2 Bætið púðursykri, strásykri, salti og vanilludropum út í smjörið og hrærið þar til blandan er orðin einsleit. Bætið þá við egginu og eggjarauðunni, hrærið í hálfa mínútu og látið blönduna standa í um 15 mínútur. Hrærið að lokum aftur í hálfa mínútu eða þar til blandan er orðin að þykkri, sléttri og gljáandi karamellu.

3 Bætið hveitinu með matarsódanum, öllu í einu, út í karamelluna og hrærið í deiginu með sleif þar til karamellan hefur tekið allt hveitið í sig. Hrærið að lokum söxuðu súkkulaði og söxuðum ristuðum valhnetum saman við.

4 Mótið deigið í kúlur sem eru um 1 matskeið hver og raðið með 5 sentímetra millibili á smjörpappírslagða bökunarplötu. Bakið smákökurnar í 10-15 mínútur eða þar til þær eru gullinbrúnar, jaðrarnir orðnir stökkir en miðjan enn nokkuð mjúk. Raðið heitum súkkulaðibitakökunum á grind og reynið að láta þær kólna alveg – það er næstu ómögulegt!

# JÓLAU
# MEÐ R

**Friðrika Hjördís Geirsdóttir mun leggja sitt af mörkum við að koma áhorfendum Stöðvar 2 í sannkallað hátíðarskap en fimmtudaginn 5. desember hefjast sýningar á splunkunýjum þáttum um jóla- og áramótaundirbúninginn.**

„Ég mun fá til mín góða gesti og fjalla um ýmislegt sem tengist jólaundirbúningnum. Við munum meðal annars búa til aðventukrans og elda jólamat. Má þar nefna hnetusteik, nautasteik og kalkún. Við munum líka skreyta jólatré og fjalla um umhirðu þeirra. Áhorfendur munu einnig fylgjast með því hvernig piparkökuhús er saman sett og hvernig má skreyta það með auðveldum hætti. Þá komum við til með að heimsækja Árbæjarsafn og kynna okkur gamlar jólahefðir, svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Friðrika.
Alls verða þættirnir fjórir og fyrstu þrír munu tengjast jólunum en síðasti hátturinn, sem verður á dagskrá 26. desember, verður helgaður áramótunum.



# NDIRBÚNINGURINN IKKU Á STÖÐ 2



### Súkkulaði- og kókossmákökur

**25 stykki**

200 g mjúkt smjör
100 g sykur
280 g hveiti
¼ tsk. lyftiduft
½ tsk. salt
2 msk. mjólk
½ tsk. vanilludropar

Hrærið smjör og sykur saman þar til blandan verður ljós og létt. Blandið þurrefnunum smám saman út í og hrærið. Hellið að lokum mjólkinni og vanilludropunum saman við og hrærið. Hnoðið deigið saman í kúlu, pakkið inn í plastfilmu og kælið í klukkustund. Hitið ofninn í 180°C. Fletjið deigið út, u.þ.b. 0,5 cm þykkt, á hveitistráða borðplötu og skerið út kringlóttar smákökur, u.þ.b. 3 cm í þvermál. Raðið kökunum á smjörpappírsklædda ofnplötu og bakið í 10-12 mínútur eða þar til að kökurnar eru orðnar gullinbrúnar á lit. Kælið.

### Kókostoppur:

150 g kókosmjöl
10 stk. mjúkar karamellur
3 msk. mjólk
¼ tsk. salt
200 g dökkt súkkulaði, saxað

Stráið kókosmjölinu á ofnplötu og ristið í 8-10 mínútur í 180°C heitum ofni. Bræðið karamellurnar í mjólkinni og bætið saltinu saman við. Hrærið kókosmjölið saman við, hrærið og smyrjið blöndunni ofan á kexkökurnar. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði og sprautið yfir kókosinn.

### Saltaðar karamellusmákökur

**20 stykki**

250 g dökkt súkkulaði, saxað
3 msk. smjör
2 egg
120 g sykur
1 tsk. vanilludropar
60 g hveiti
¼ tsk. lyftiduft

Hitið ofninn í 200°C. Bræðið helminginn af súkkulaðinu ásamt smjörinu yfir vatnsbaði. Hrærið egg, sykur og vanilludropa saman þar til að blandan verður ljós og létt. Bætið hveiti, lyftidufti, bræddu súkkulaðiblöndunni og afganginum af súkkulaðinu saman við og hrærið saman. Mótið litlar kúlur með teskeið og raðið á smjörpappírsklædda ofnplötu og bakið í 8–10 mínútur. Kælið.

### Krem:

250 g smjör
500 g flórsykur
¼ tsk. salt
85 g tilbúin karamella

Hrærið smjörið upp og bætið flórsykrinum smám saman út í ásamt saltinu. Hrærið karamellunni saman við og smyrjið kreminu á milli smákakanna.

HÁTÍÐARSTUND MEÐ RIKKU
FIMMTUDAGA KL. 20.15

# JÓLIN HEILSA HJÁ SINDRA

**Sindri Sindrason er jólastrákur og býður áhorfendum Stöðvar 2 í jólaheimsókn á aðventunni. *Í næsta þætti skoðar hann fallegt jólaheimili á Flúðum.***

„Ég heimsæki jólahús Kolfinnu Guðmundsdóttur, eiginkonu Hlöðvers Sigurðssonar, en þau hjónin stofnuðu Hlöllabáta. Húsið er á Flúðum og Kolfinna skreytir það hátt og lágt í nóvember. Í húsinu er gestaálma þar sem dætur þeirra þrjár eiga hver sitt „hótel“-herbergið með sér baðherbergi. Þar er auk þess leikherbergi með billjardborði, poppvél og alls kyns leikföngum. Kolfinna er búin að setja upp jólatré en hún kom okkur skemmtilega á óvart,“ segir Sindri sem hefur fengið gríðarlega góð viðbrögð við þáttunum. „Við höfum fengið að heimsækja marga fagurkera en ég fæ fjölda ábendinga um falleg heimili.“ Sindri segist vera brjálæðislega mikið jólabarn. „Ég skreyti mikið innandyra en minna að utan. Um mánaðamótin set ég upp jólatré og skreyti húsið. Ég vil síðan taka allt niður 1. janúar. Þá eru jólin búin hjá mér. Uppáhaldstíminn minn er Þorláksmessukvöld. Að fara upp og niður Laugaveginn, kaupa síðustu gjöfina, drekka heitt súkkulaði og hafa það notalegt, enda allt orðið fínt heima. Öll fjölskylda mín býr í næsta nágrenni við mig og það er mikill samgangur um jólin.“



JÓLIN HEILSA HJÁ SINDRA
MIÐVIKUDAGA KL. 20.10

# 7.990 kr. +

## Sex frábærar sjónvarpsstöðvar

Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að sex frábærum stöðvum, aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild sem er eitt öflugasta vildarkerfi landsins.




# Internet og heimasími fylgir

## Of gott til að vera satt?

**1 Raunverulegur sparnaður**
Þú sparar frá 60.000 kr. á ári og því 180.000 kr. á gildistíma tilboðsins miðað við verð ráðandi aðila á markaði.

**2 Langur gildistími**
Gildir í allt að 36 mánuði sem skilar sér í auknum heildarsparnaði. Engin binding á síma- og netþjónustu.

**3 Auðvelt að skipta**
Það er bæði fljótlegt og einfalt að skipta yfir í net- og símaþjónustu 365. Við tengjum þig, þér að kostnaðarlausu.

**4 Ekkert smátt letur**
Alltaf er greitt línugjald eins og hjá öðrum þjónustuaðilum á markaðnum. Við bjóðum upp á leigu á hágæða Zyxel-netbeini.

# 0 kr.

180.000 kr. sparnaður á 36 mánuðum

## Netið og heimasími innifalið í 36 mánuði

Allt að 100 MB/s ljóshraða internet og 10 GB erlent niðurhal fylgir. Þú færir netið yfir til 365 og heldur núverandi sjónvarpsbúnaði. 40 GB viðbótargagnamagn á aðeins 1.000 kr. aukalega. Þjónusta veitt um Ljósleiðara Gagnaveitunnar og Ljósveitu Mílu.

Með pakkanum fylgja 100 mínútur í íslenska heimasíma. Talaðu fyrir 1 kr. á mínútu. Þú getur bætt við þig 500 mín. fyrir 500 kr. og 1.000 mínútum fyrir 1.000 kr.




# sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

## Raunverulegur sparnaður í þágu heimilanna

Það er kominn tími til að ná hagkvæmari samningum og lækka net- og símreikninga heimilisins. Við leggjum tímamótatilboð á borðið þar sem aðeins er greitt fyrir áskriftarpakka – og ekkert aukalega fyrir internet og heimasíma. Þetta er aðgerð sem mun skapa efnahagslegan ávinning, lausn í samræmi við þarfir og kröfur fólksins í landinu. **Tilboðið býðst aðeins til áramóta!**

Krakka stöðin GULL STÖÐIN BÍÓ STÖÐIN POPP TÍVÍ

Kynntu þér tilboðin nánar í verslun okkar í Skaftahlíð 24 eða í sölubás okkar á jarðhæð Kringlunnar.

**Þjónustuver 512 5100 | Nánar á 365.is**

365

# SPENNUTRYLLIR AF BESTU GERÐ

**Skoski leikarinn David Tennant leikur aðalhlutverkið í fram-haldsmyndinni The Escape Artist sem sýnd verður á Stöð 2 milli jóla og nýárs.**

The Escape Artist er spennumynd í tveimur hlutum. Myndin var frumsýnd á BBC fyrir skömmu og fékk mjög góða dóma í breskum fjölmiðlum. Fyrri hlutinn verður sýndur á Stöð 2 sunnudaginn 29. desember og síðari hlutinn mánudaginn 30. desember.
Tennant leikur lögfræðinginn Will Burton sem hefur aldrei tapað máli í réttarsalnum og þykir einstaklega lunkinn við að fá skjólstæðinga sína sýknaða, jafnvel þótt allt bendi til þess að þeir séu sekir. Hann tekur að sér að verja mann sem er sakaður um hrottalegt morð og þrátt fyrir að allir séu sannfærðir um sekt hans nær Will að vinna málið. Í kjölfarið gerir hann mistök sem eiga eftir að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Will og framtíð hans. Við tekur spennandi atburðarás og sagan breytist úr lögfræði-drama í sannkallaðan spennutrylli.

## Skærasta stjarna Breta

Þetta hefur verið viðburðaríkt ár fyrir Tennant og hann er orðinn einn vinsælasti sjónvarpsleikari Breta. Hann lék um árabil aðalhlutverkið í þáttaröðinni Doctor Who en frá því að hann sagði skilið við þættina fyrir þremur árum hefur frægðarsól hans haldið áfram að rísa.
Fyrr á árinu lék hann aðalhlutverkið í þáttaröðinni Broadchurch, sem sló eftirminnilega í gegn á ITV og var sýnd á Stöð 2 fyrir skömmu. Núna er verið að undirbúa bandaríska endurgerð af Broadchurch og þar verður Tennant einnig í aðalhlutverkinu.
Tennant fékk einnig mikið lof fyrir aðalhlutverkið í þáttunum The Politician's Husband sem sýndir verða á Stöð 2 eftir áramót.





**THE ESCAPE ARTIST**
**29. DESEMBER KL. 21.50**



# SENDUR Í HÆTTUFÖR

Spennan magnast í verðlaunaþáttaröðinni Homeland sem sýnd er á Stöð 2 á sunnudags-kvöldum. Það eru aðeins þrír þættir eftir af þriðju þáttaröð en þegar hefur verið tilkynnt að ný þáttaröð sé væntanleg á næsta ári.
Aðalsöguhetjan í fyrstu tveimur þáttaröðunum, Nicholas Brody, hefur verið lítið áberandi framan af þessari þáttaröð en nú verður breyting þar á og hann verður í lykilhlutverki í síðustu þremur þáttunum.
Saul Berenson, yfirmaður CIA, er að undirbúa stærstu aðgerð sem bandaríska leyniþjónustan hefur lagt í og Brody er aðalmaðurinn í því verkefni. Í lok síðasta þáttar hélt hann af stað til Íran ásamt bandarískum sérsveitarmönnum. Þar þarf hann að leggja líf sitt að veði í von um að komast að æðstu ráðamönnum í Íran.

**HOMELAND**
**SUNNUDAGA KL. 21.40**

# DRAMA FYRIR JÓLIN



Vinsælasti erlendi þáttur Stöðvar 2, Grey's Anatomy, er í fríi fyrstu vikuna í desember en snýr síðan aftur með tveimur dramatískum þáttum fyrir jól.
April er að fara að gifta sig og mikil spenna er í loftinu hjá læknunum. Meredith og Cristina eru ósáttar og Derek fær símtal sem gæti breytt lífi hans.

**GREY'S ANATOMY**
**MIÐVIKUDAGA KL. 21.00**

# FRUMKVÖÐLAR Í GÓÐUM MÁLUM



**Lóa Pind Aldísardóttir fer með nýjan þátt í loftið laugardaginn 9. desember sem nefnist Eitthvað annað. Þar er rætt við íslenska frumkvöðla sem hafa stigið út fyrir rammann.**

„Nafnið á þættinum sæki ég í umræðu sem var hér fyrir fáeinum árum og fjallaði um stóriðju eða eitthvað annað, eins og þá var gjarnan nefnt. Í venjulegum fréttum fær maður ekki langan tíma fyrir hverja frétt en nú gefst mér tækifæri til að fara nánar í málið. Þúsundir manna eru að vinna við þetta „eitthvað annað“. Ég legg áherslu á frumkvöðla og skoða hvað hefur mótað þá,“ útskýrir Lóa.

„Það eru ekki allir sem þora að stíga út fyrir þægindaramma launþegans til að framkvæma hugmyndir sínar. Þetta fólk er að gera margt nýtt og óþekkt, til dæmis í rafmagnsfræði, fiskiðju, sjávarútvegi, vínframleiðslu, útflutningi á kennsluefni, svo eitthvað sé nefnt. Meðal annars er hópur kominn á veg með rússibana í Kömbunum. Það hefur komið mér á óvart hversu margt er í gangi og að það er góður stuðningur í boði fyrir þetta fólk,“ segir hún enn fremur.

## Kókakóla í sósunni

Það hefur verið nóg að gera hjá Lóu sem segist vera mikið jólabarn. „Skreytingarnar hafa minnkað hjá mér með árunum en ég er íhaldssöm á hefðir og siði í kringum jól. Ég er alltaf með sama jólamatinn. Það væri ekkert aðfangadagskvöld ef ekki væri hamborgarhryggur, eldaður eftir uppskrift sem birtist í Þjóðviljanum árið 1978. Það var Skúli Hansen matreiðslumaður sem gaf þessa uppskrift og ég hef alltaf notað hana. Skúli gaf uppskrift að bestu sósu sem ég hef smakkað en í henni er Kók,“ segir Lóa og gefur hér uppskriftina. „Þegar lyktin af sósunni ilmar um húsið, þá eru jólin komin.“

### SYKURHJÚPAÐUR HAMBORGARHRYGGUR MEÐ RAUÐVÍNSSÓSU

1½ kg hamborgarhryggur, soðinn í potti í eina klst. Látið vatnið fljóta vel yfir hrygginn. Sjóðið einnig með saxaðan lauk, gulrætur og 8 korn af heilum pipar.

### SYKURHJÚPURINN Á HRYGGINN

200 g tómatsósa
75 g súrt sinnep
1 dós sýrður rjómi
2 dl rauðvín
1dl Coca-Cola.
Allt hrært vel saman.
Brúnið 150 g af sykri í smjöri á pönnu. Þegar sykurinn freyðir er rauðvínsblandan sett út í.
Hryggurinn settur í ofnskúffu og penslaður að ofan með sykurblöndunni, 2–3 sinnum. Hafið eingöngu yfirhita á ofninum. Þannig brúnast sykurinn fallega.

### RAUÐVÍNSSÓSAN

Soðið af hryggnum sett í pott. Bragðbætt með kjötkrafti, þriðja kryddinu og pipar. Sósan bökuð upp með smjörbollu:
100 g mjúkt smjör og 100 g hveiti hrært saman. Sett smám saman út í soðið. Bætið við hindberjasultu, rauðvíni, rjóma og afganginum af sykurhjúpnum.

2 EITTHVAÐ ANNAÐ
LAUGARDAG KL. 19.25

# BESTU ÍSLENSKU ÞÆTTIRNIR Á GULLINU






**Gullstöðin verður í sannkölluðum hátíðarbúningi allan desembermánuð, en dagskráin samanstendur af íslenskum þáttum af dagskrá Stöðvar 2 frá því fyrr á þessu ári og besta innlenda sjónvarpsefninu úr sögu Stöðvar 2.**

Framleiðsla á innlendu sjónvarpsefni var aukin til muna nú á haustdögum og fá nýir áskrifendur tækifæri til að sjá þá þætti sem einkenndu sjónvarpsdagskrána undanfarna mánuði. Þá gefst tryggum áskrifendum tækifæri til að rifja upp alla bestu íslensku þættina úr sögu Stöðvar 2.
Það er sannarlega af mörgu af taka og nægir að nefna nokkra þætti sem vakið hafa athygli á Stöð 2 undanfarin ár; Neyðarlínuna með Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur, Sælkeraferð Völu Matt, Mannshvörf með Helgu Arnardóttur, Tossana með Lóu Pind Aldísardóttur, Veistu hver ég var? með Sigga Hlö, Bubba Morthens og Beint frá býli, Örlagadaginn með Sirrý auk þátta á borð við Spurningabombuna, Loga í beinni, Það var lagið, Viltu vinna milljón?, Kollu, Pönk í Reykjavík, Um land allt, Heimsókn, Týndu kynslóðina og Stóru þjóðina, svo fátt eitt sé nefnt.

## LJÚFFENGAR KRÆSINGAR

Í desembermánuði hugum við alla jafna meira að mat en hina mánuði ársins. Það er því við hæfi að Gullstöðin sýnir matreiðsluþætti alla daga vikunnar, þá bestu úr safni Stöðvar 2. Og af nógu er að taka; fyrsta þáttaröðin af Hinu blómlega búi verður rifjuð upp auk þess sem sjónvarpskokkarnir góðkunnu Jói Fel og Rikka sýna áhorfendum réttu handtökin í eldhúsinu. Þá er ótalinn fyrsta íslenska Masterchef-þáttaröðin, þar sem áhugakokkar hvaðanæva af landinu reyndu með sér í skemmtilegri keppni.





## JÓLATÓNLIST

Jólagestir Björgvins verða á dagskrá á jóladag og upptaka frá árlegum jólatónleikum Frostrósa verður sýnd á Gullstöðinni annan dag jóla.

## GRÍN OG ALVARA

Leikið efni verður einnig í stóru hlutverki í jólamánuðinum og verður þar fremst í flokki nýjasta þáttaröðin af Ástríði, sem sýnd var á Stöð 2 á haustmánuðum á við góðar undirtektir. Þá verða margir af bestu sjónvarpsþáttunum úr sögu Stöðvar 2 rifjaðir upp, þeirra á meðal lögfræðidramað Réttur og spennuþáttaröðin Pressa.
Grín og gaman er líka nauðsynlegt í aðdraganda jóla og ætti enginn að verða svikinn af því að rifja upp þætti á borð við Steindann okkar, Svínasúpuna, Fóstbræður, Mið-Ísland, Spaugstofuna og Bara grín.



# RÓMANTÍSKAR STUNDIR

## Á BÍÓSTÖÐINNI Í DESEMBER

Rómantíkin svífur yfir vötnum á Bíóstöðinni yfir hátíðirnar. Áhorfendur geta átt notalegar stundir yfir nokkrum rómantískustu myndum síðari ára. Meðal þeirra rómantísku mynda sem eru á dagskrá í desember eru The Notebook, Notting Hill, Dear John, 27 Dresses, Love Happens, The Holiday, Bridges of Madison County, One Fine Day, Rumor Has It, The Vow, The Lucky One, Two Weeks Notice, The Story of Us, The Object of My Affection og You've Got Mail.



## DROTTNING RÓMANTÍSKU MYNDANNA



Leikkonan Rachel McAdams sló eftirminnilega í gegn í myndinni The Notebook árið 2004 en myndin er almennt talin ein rómantískasta mynd síðari ára. Í dag er McAdams óumdeild drottning rómantísku myndanna. Hún lék á móti Eric Bana í myndinni The Time Traveler's Wife árið 2009 og í fyrra fóru vasaklútarnir aftur á loft þegar hún lék í myndinni The Vow á móti Channing Tatum. Þess á milli lék hún m.a. í rómantísku gamanmyndinni Wedding Crashers, jólamyndinni The Family Stone, ævintýramyndunum um Sherlock Holmes og mynd Woody Allen, To Rome With Love.

Fyrir skömmu kom síðan rómantíska myndin About Time í kvikmyndahús en hún er úr smiðju þeirra sömu og gerðu myndirnar Love Actually, Notting Hill og Four Weddings and a Funeral.

### Býr í Kanada

Rachel Anne McAdams er kanadísk og þrátt fyrir að hafa slegið í gegn í Hollywood hefur hún engan áhuga á að búa meðal stjarnanna í Los Angeles. Hún býr í Toronto og deilir íbúð með yngri bróður sínum. „Það er liðin tíð að flestar myndir séu teknar upp í Hollywood þannig að það þjónar engum tilgangi að búa þar," segir Rachel sem stundar kundalini jóga og hefur gaman af garðyrkju og matreiðslu. Hún hefur sagt frá því að ef hún væri ekki leikkona þá myndi hún opna veitingastað.

### Heima um jólin

Rachel er mikið jólabarn og segir að jólahaldið sé alltaf svipað. „Ég er alltaf í faðmi fjölskyldunnar um jólin og það er mikið lagt upp úr jólamatnum," segir leikkonan. „Við skiptumst á að sjá um matinn og leggja á borð en mér finnst skemmtilegast að sjá um að brúna kartöflurnar."

Hún segir að systkinin haldi fast í gamlar venjur á jólunum. „Við hengjum alltaf upp jólasokkana okkar og fáum eitthvert góðgæti frá jólasveininum. Mamma sagði okkur að það væri kominn tími til að hætta þessu þar sem við systkinin værum komin yfir þrítugt en við þvertökum fyrir það. Þetta er það skemmtilegasta við jólin."

## ÞRJÁR GÓÐAR MEÐ RACHEL McADAMS









# DAGSKRÁIN 22.–28. DESEMBER

## SUNNUDAGUR
## 22. DESEMBER

**Homeland (12:12)**
**Stöð 2 kl. 21.40**



Það er komið að æsispennandi lokaþætti í þriðju þáttaröð og það má búast við mikilli dramatík.

**Okkar menn í Havana**
**Stöð 2 kl. 19.10**
Skemmtileg heimildarmynd þar sem fylgst er með Sigurði Guðmundssyni og Memfismafíunni vinna að gerð plötunnar Okkar menn í Havana.

**Hið blómlega bú (4:6)**
**Stöð 2 kl. 19.50**
Árni reytir endurnar og býr til anda-confit. Mjólkurkýrin Mjallhvít er sett í jólabaðið og þegar heim í eldhúsið er komið útbýr Árni jólaísinn.

**Óupplýst lögreglumál (5:6)**
**Stöð 2 kl. 20.25**



Helga Arnardóttir fjallar um þrjá stóra bruna í Vestmannaeyjum sem enn eru óupplýstir en grunur leikur á íkveikju í öllum málunum.

**Love Happens**
**Bíóstöðin kl. 13.25 og 20.10**
Rómantísk mynd með Aaron Eckhart og Jennifer Aniston í aðalhlutverkum.

**Ævintýri Samma**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg teiknimynd um skjaldbökuna Samma sem lendir í ótrúlegum ævintýrum.

**HM í handbolta kvenna**
**Stöð 2 Sport kl. 16.05**
Bein útsending frá úrslitaleiknum á HM í handbolta kvenna í Serbíu.

**Beint frá messa**
**Gullstöðin kl. 20.50**
Tónleikaröð í umsjá Bubba Morthens þar sem valinkunnir tónlistarmenn halda tónleika í messa skipa.



## ÞORLÁKSMESSA
## 23. DESEMBER

**Arsenal – Chelsea**
**Stöð 2 Sport 2 kl. 19.50**



Bein útsending frá toppleiknum í ensku úrvalsdeildinni þar sem nágrannaliðin Arsenal og Chelsea eigast við.

**National Lampoon's Christmas Vacation**
**Stöð 2 kl. 20.55**
Alvörujólamynd þar sem Chevy Chase leikur fjölskylduföðurinn Clark Griswold en það eina sem hann dýrkar meira en ferðalög með fjölskyldunni er að halda jólin hátíðleg í faðmi hennar.

**Jólalög Loga**
**Stöð 2 kl. 22.30**
Skemmtileg og þægileg jólatónlist sem flutt hefur verið í jólaþáttum Loga Bergmanns á undanförnum árum.

**The Mindy Project (15:24)**
**Stöð 3 kl. 20.05**
Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu.

**The Notebook**
**Bíóstöðin kl. 14.10 og 19.55**



Eldheit og sígild ástarsaga um forboðið ástarævintýri milli tveggja ungmenna sem fella hugi saman gegn vilja foreldra sinna. Aðalhlutverkin leika Rachel McAdams og Ryan Gosling.

**There's Something About Mary**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.45**
Ærslafull gamanmynd með Cameron Diaz, Ben Stiller og Matt Dillon. Ted Stroehmann á erfitt með að gleyma hinni þokkafullu Mary og ræður einkaspæjara til þess að hafa uppi á stúlkunni.





## AÐFANGADAGUR
## 24. DESEMBER

**Artúr bjargar jólunum**
**Stöð 2 kl. 08.45**



Einstaklega skemmtileg jólamynd með íslensku tali. Jólin eru komin en vegna mistaka fær eitt barnið ekki jólagjöfina sína. Artúr er yngsti sonur jólasveinsins og hann er staðráðinn í að bjarga málunum með öllum tiltækum ráðum.

**Aftansöngur í Grafarvogskirkju**
**Stöð 2 kl. 18.00**
Bein útsending frá aftansöng í Grafarvogskirkju.

**Jólatónleikar með KK og Ellen**
**Stöð 2 kl. 19.05**



Upptaka frá einstökum jólatónleikum sem systkinin KK og Ellen héldu í Eldborg í fyrra. Góðir gestir koma fram á tónleikunum og má þar nefna Mugison, Magnús Eiríksson, Elínu Ey og Pikknikk.

**A Christmas Carol**
**Stöð 2 kl. 20.35**
Hugljúf kvikmynd byggð á klassískri sögu eftir Charles Dickens. Jólin eru á næsta leiti en nískupúkinn Ebenezer Scrooge lætur sér fátt um finnast.

**The Holiday**
**Bíóstöðin kl. 13.30 og 19.45**



Rómantísk og jólaleg gamanmynd með stórleikurunum Jude Law, Cameron Diaz og Kate Winslet í aðalhlutverkum.

**The Bridges of Madison County**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 04.25**
Rómantísk mynd um ástarsamband ljósmyndara og giftrar sveitakonu. Clint Eastwood og Meryl Streep í aðalhlutverkum.

**Ísöld: Heimsálfuhopp**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Frábær teiknimynd um þá Manna, Dýra og Lúlla sem verða strandaglópar á borgarísjaka sem ber þá langt frá heimkynnum sínum.



## Argo
## Stöð 2 annan í jólum kl. 21.30

**Frábær mynd sem hlaut Óskarsverðlaunin fyrr á þessu ári sem besta myndin auk þess sem hún hlaut verðlaun fyrir handrit og klippingu. Alls var myndin tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna. Myndin gerist árið 1980 þegar bylting var gerð í Íran og starfsmenn bandaríska sendiráðsins voru teknir í gíslingu. Lítill hópur náði að læðast út og leita skjóls í kanadíska sendiherrabústaðnum og bandarísk yfirvöld þurftu að beita frumlegum aðferðum til að frelsa hópinn. Leikstjóri myndarinnar er Ben Affleck sem einnig leikur aðalhlutverkið.**

## JÓLADAGUR
## 25. DESEMBER

**Life Of Pi**
**Stöð 2 kl. 20.25**



Einstök mynd frá leikstjóranum Ang Lee um ungan mann sem kemst lífs af eftir að skipið sem hann er á sekkur. Hann myndar óvænt samband við tígrisdýr sem einnig lifir slysið af. Þetta er ein allra besta mynd síðari ára.

**Fuglaborgin**
**Stöð 2 kl. 09.00**
Stórskemmtileg teiknimynd með íslensku tali. Ungur fálki sem hefur alist upp í einangruðu umhverfi fær nóg af einsemdinni og ferðast til fuglaborgarinnar Zambezíu. En þegar mikil ógn steðjar að borginni skilst honum að eina leiðin sem vert er að lifa lífinu eftir er í samfélagi við aðra fugla.

**Algjör Sveppi og töfraskápurinn**
**Stöð 2 kl. 18.55**
Stórskemmtileg mynd fyrir alla fjölskylduna um félagana Sveppa, Villa og Góa sem lenda í sínu stærsta ævintýri til þessa.

**Take Me Home Tonight**
**Stöð 3 kl. 23.05**
Skemmtileg gamanmynd um dúxinn í framhaldsskóla sem fær eitt brjálað tækifæri til viðbótar nokkrum árum eftir útskrift til að heilla vinsælustu stúlkuna í skólanum. Með aðalhlutverk fara Topher Grace og Anna Faris.

**One Fine Day**
**Bíóstöðin kl. 13.10 og 20.10**



Rómantísk gamanmynd með Michelle Pfeiffer og George Clooney í aðalhlutverkum. Hún fjallar um einstæða móður og fráskilinn blaðamann sem eiga síst von á því að verða ástfangin en ástin fer sínar eigin leiðir.



## ANNAR Í JÓLUM
### 26. DESEMBER

**Ævintýri Tinna**
**Stöð 2 kl. 19.40**



Spennandi ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna. Myndin fjallar um hinn unga og ákafa blaðamann Tinna, hundinn hans Tobba og hinn skrautlega og skapstóra Kolbein kaptein. Þetta er sannarlega ein flottasta mynd sem gerð hefur verið. Leikstjóri er Steven Spielberg.

**Strumparnir**
**Stöð 2 kl. 12.00**
Stórskemmtileg teiknimynd með íslensku tali um hina smávöxnu Strumpa sem álpast inn í okkar heim á flótta undan galdrakarlinum Kjartani.



**Hátíðarstund með Rikku (4:4)**
**Stöð 2 kl. 19.10**
Áramótin eru rétt handan við hornið og hinn ástsæli matarbloggari og læknir Ragnar Freyr kemur í heimsókn til Rikku og reiðir fram safaríkan kalkún og meðlæti.

**Svartur á leik**
**Stöð 2 kl. 23.30**
Íslensk spennumynd sem byggð er á samnefndri skáldsögu eftir Stefán Mána. Aðalhlutverkin leika Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Damon Younger og María Birta Bjarnadóttir.

**Rumor Has It…**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.05**



Stjörnum prýdd rómantísk gamanmynd með þeim Jennifer Aniston, Kevin Costner, Shirley MacLaine og Mark Ruffalo í aðalhlutverkum.

**Bangsímon**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg teiknimynd um hinn krúttlega Bangsímon og vini hans sem eru alltaf að lenda í skemmtilegum ævintýrum.



**Man. City – Liverpool**
**Stöð 2 Sport 2 kl. 17.20**
Heil umferð fer fram í ensku úrvalsdeildinni í dag og rúsínan í pylsuendanum er bein útsending frá stórleik Manchester City og Liverpool.

**Happy Tears**
**Stöð 3 kl. 22.40**
Kvikmynd frá 2009 með Parker Posey og Demi Moore í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um tvær systur sem snúa aftur heim til að sjá um veikan föður sinn en lenda í óvæntum aðstæðum.

**The Vow**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.30**



Rachel McAdams og Channing Tatum í rómantískri mynd um eiginmann sem reynir að vinna aftur ástir eiginkonunnar eftir að hún vaknar úr dái eftir bílslys.

## Lincoln
## Stöð 2 jóladag kl. 22.35

Stórbrotin mynd sem Steven Spielberg leikstýrir. Myndin gerist í forsetatíð Abrahams Lincoln og segir frá baráttu hans og manna hans við að festa þrettánda ákvæðið um afnám þrælahalds í bandarísku stjórnarskrána. Daniel Day-Lewis hlaut Óskarsverðlaunin fyrir aðalhlutverkið.



## FÖSTUDAGUR
### 27. DESEMBER

**The Simpsons (1:22)**
**Stöð 2 kl. 19.20**



Glæný þáttaröð um Simpson-fjölskylduna. Þetta er 25. þáttaröðin um þessa frábæru fjölskyldu sem lendir ávallt í ótrúlegum aðstæðum.

**Parental Guidance**
**Stöð 2 kl. 19.45**
Gamanmynd með Billy Crystal, Bette Midler, Marisa Tomei og Tom Everett Scott í aðalhlutverkum. Hjón á besta aldri samþykkja að passa barnabörnin sín í nokkra daga en það fer öðruvísi en ætlað var.

**The Man With the Iron Fists**
**Stöð 2 kl. 21.35**



Hörkumynd með Russell Crowe, RZA, Cung Le, Lucy Liu, Byron Mann, Rick Yune, David Bautista og Jamie Chung í aðalhlutverkum.

**Project X**
**Stöð 2 kl. 23.10**
Gamansöm mynd um þrjá vini sem ákveða að halda villt partí til að auka vinsældir sínar en allt fer úr böndunum.

**Djókaín – Hugleikur Dagsson**
**Stöð 3 kl. 21.25**
Upptaka frá bráðfyndnu uppistandi Hugleiks Dagssonar þar sem hann lætur allt flakka.

**Frostrósir 2010**
**Gullstöðin kl. 19.00**
Upptaka frá glæsilegum tónleikum Frostrósa frá 2010.

**Margin Call**
**Bíóstöðin kl. 12.30 og 18.10**



Mögnuð mynd sem gerist á einum sólarhring þegar bankahrunið er að verða að veruleika. Með aðalhlutverk fara Kevin Spacey, Jeremy Irons, Stanley Tucci og Demi Moore.

**The Lucky One**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 02.45**
Áhrifamikil mynd um ungan hermann sem snýr aftur heim úr stríði og leitar að stóru ástinni. Með aðalhlutverk fara Zac Efron og Taylor Schilling.

## LAUGARDAGUR
### 28. DESEMBER

**Django Unchained**
**Stöð 2 kl. 22.05**



Stórbrotin kvikmynd sem Quentin Tarantino leikstýrir með Jamie Foxx, Christoph Waltz, Leonardo DiCaprio, Kerry Washington og Samuel L. Jackson í aðalhlutverkum.

**Pitch Perfect**
**Stöð 2 kl. 20.15**



Skemmtileg mynd þar sem tónlistin er í aðalhlutverki. Myndin fjallar um háskólastelpur sem taka þátt í söngkeppni þar sem ekkert er gefið eftir.

**Raising Hope (16:22)**
**Stöð 3 kl. 19.45**
Gamanþáttaröð um ungan, rótlausan mann sem stendur skyndilega uppi með ungbarn og ætlar að verða besti pabbi í heimi.

**Cars 2**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Ævintýralega skemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna. Leiftur McQueen er mættur aftur og nú er komið að kappakstri aldarinnar sem fer fram í Japan, á Ítalíu og á Englandi.

**Það var lagið**
**Gullstöðin kl. 21.15**
Vinsæll skemmtiþáttur frá árinu 2005 þar sem Hemmi Gunn fær til sín þjóðþekkt fólk sem fær að spreyta sig í söngkeppni.

**Two Weeks Notice**
**Bíóstöðin kl. 13.25 og 20.15**



Rómantísk gamanmynd með Hugh Grant og Söndru Bullock í aðalhlutverkum.



# ENGLAKROPPAR Á EINSTAKRI SÝNINGU

Undirfatasýning Victoria's Secret vekur ávallt mikla athygli. Stöð 3 sýnir upptöku frá sýningunni miðvikudaginn 18. desember.
Margar af flottustu fyrirsætum heims taka þátt í þessari einstöku sýningu og á hverju ári fær ein þeirra þann heiður að klæðast brjóstahaldara sem skreyttur er rándýrum eðalsteinum. Sú heppna að þessu sinni var Candice Swanepoel í brjóstahaldara sem metinn er á 10 milljónir dollara.
Á meðan stúlkurnar spranga um sviðið í kynþokkafullum undirfötum skemmtir söngkonan Taylor Swift áhorfendum með nokkrum af sínum þekktustu lögum.

3 VICTORIA'S SECRET FASHION SHOW
MIÐVIKUDAGINN 18. DESEMBER KL. 19.45



## THE X FACTOR
# ÚRSLITASTUNDIN Í BEINNI Á STÖÐ 3

Stóra stundin nálgast fyrir aðdáendur The X Factor því úrslitakvöldið verður í beinni útsendingu á Stöð 3 fimmtudaginn 19. desember.
Þriðja þáttaröðin af The X Factor hefur verið sýnd á Stöð 3 í vetur, innan við sólarhring eftir frumsýningu þáttanna í bandarísku sjónvarpi. Í hverri viku eru tveir þættir og er sá fyrri sýndur á fimmtudagskvöldum þar sem keppendur sýna hvað í þeim býr en sá síðari á föstudagskvöldum en þar kemur ávallt í ljós hverjir hafa náð að heilla áhorfendur og komast áfram í keppninni.
Líkt og undanfarin ár verður úrslitastundin í beinni útsendingu og hefst hún klukkan eitt eftir miðnætti aðfaranótt föstudagsins 20. desember. Þeir sem ekki eru tilbúnir að vaka fram eftir nóttu til að fylgjast með úrslitastundinni geta horft á útsendinguna á hefðbundnum tíma á föstudagskvöldinu.
Í síðustu viku voru tveir söngvarar sendir heim og núna eru bara sex söngvarar eða söngsveitir eftir. Næsta verkefni þeirra er að syngja tvö ólík lög. Annað verður að vera lag sem uppáhalds „dívan“ þeirra hefur sungið og hitt er órafmögnuð útgáfa af lagi að eigin vali. Á föstudagskvöld kemur síðan í ljós hverjir komast áfram og eiga enn möguleika á að sigra í keppninni.

3 THE X FACTOR
FIMMTUDAGA OG FÖSTUDAGA



# FYRS

**Tónlistarmaðurinn Friðrik Dór Jónsson stýrir skemmtiþætti á Stöð 3 á þriðjudagskvöldum fram að jólum. Hann ætlar að dvelja í Bandaríkjunum yfir hátíðirnar en snýr svo aftur á Stöð 3 í janúar.**

„Ég fer með fjölskyldu kærustunnar til Flórída yfir jólin og þaðan förum við til New York þar sem við eyðum áramótunum með fjölskyldunni minni. Þetta verður gríðarlega spennandi,“ segir Friðrik Dór tónlistarmaður þegar hann er spurður út í jólahaldið í ár og er afar sáttur við að verja jólunum á sundlaugarbakka með sólarvörn.
„Það verður fínt að hafa það heitt og gott yfir jólin. Sennilega verður samt kalt í New York, en það er fínt líka,“ bætir hann við en venjulega hefur hann eytt jólunum í foreldrahúsum.
Þessi jól verða einnig ólík öðrum jólum þar sem þetta verða fyrstu jól Friðriks sem fjölskylduföður en hann eignaðist litla stúlku í haust.
„Það er spennandi að vera fyrstu jólin með stelpuna okkar þarna úti. Hún verður bara þriggja og hálfs mánaðar um jólin og mun ekki vita neitt af sér, á Flórída á fyrstu jólum. En það verður gaman að klæða hana upp í jóladressið. Ég vona bara að hún verði í góðu stuði og fái hvorki í magann né í eyrun,“ segir hann hlæjandi.
Hann segist lítið stressaður fyrir jólahefðunum aðalatriðið sé að slappa af með fjölskyldunni.
„Það er alltaf gaman á jólunum, bara að vera með fólkinu sínu og borða mikinn mat. Ég er ekki fastur í miklum jólahefðum, keyri kannski út pakkana á aðfangadag og yfirleitt hlustum við á Rás 2 yfir matnum. Svo borða ég bara mikið, ætli það sé ekki aðalhefðin hjá mér,“ segir Friðrik hlæjandi. „Venjulega er hamborgarhryggur í jólamatinn, en kannski verður hefðin brotin í ár og við höfum kalkún á borðum, fyrst við verðum stödd í Bandaríkjunum á jólunum.“

# TU JÓLIN Á FLÓRÍDA



ÞRIÐJUDAGSKVÖLD MEÐ FRIKKA DÓR
Þriðjudaga kl. 21.10

# HUGLEIKUR LÆTUR ALLT FLAKKA



DJÓKAÍN
27. DESEMBER KL. 21.25

**Grínistinn og skopteiknarinn Hugleikur Dagsson hefur ferðast víða með uppistandið Djókaín og fengið frábærar viðtökur. Á milli jóla og nýárs sýnir Stöð 3 upptöku frá frábæru uppistandi Hugleiks í Háskólabíói á dögunum.**

„Þetta er efni sem ég hef samið síðustu þrjú ár eða svo. Í ár hef ég ferðast um landið með það, í þeim tilgangi að fullkomna flutninginn," segir Hugleikur. „Viðfangsefni mín eru af öllum toga. Ég velti vöngum yfir klámvæðingu, barneignum, Star Wars, Svíþjóð, Gillzenegger, þjóðmenningu, slangri og Brúðubílnum. Það er rétt að taka fram að sýningin er ekki fyrir lítil börn. Ég er hugsanlega dónalegasti grínisti landsins. Svo er mér allavega tjáð. Persónulega veit ég ekki alveg hvað dónaskapur er. Mér finnst ég bara vera einlægur," segir Hugleikur.

SLEEPY HOLLOW
MIÐVIKUDAGA KL. 21.45



# SLEEPY HOLLOW SLÆR Í GEGN

**Sú þáttaröð sem hefur komið mest á óvart í bandarísku sjónvarpi í haust er Sleepy Hollow sem hefur náð feiknalegum vinsældum á stuttum tíma. Þættirnir hófu göngu sína á Stöð 3 í nóvember.**

Þættirnir eru byggðir á sígildri smásögu frá 1820 en núna er aðalsöguhetjan Ichabod Crane kominn til nútímans og berst við hauslausan riddara, nornir og önnur skrímsli. Enginn bjóst við að þættirnir yrðu eins vinsælir og raun ber vitni en þökk sé góðum húmor og vandaðri handritsgerð hafa þeir slegið í gegn. Meira að segja framleiðandi þáttanna er steinhissa. „Satt best að segja er ég alveg gáttaður á þessu en að sama skapi himinlifandi," segir Alex Kurtzman, aðalframleiðandi Sleepy Hollow.




# JÓLAMATUR EVU LAUFEYJAR

**Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir mun elda jólamatinn með áhorfendum Stöðvar 3 skref fyrir skref. Jólaþátturinn verður á dagskrá 16. desember.**

Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir ætti að vera áhorfendum Stöðvar 3 að góðu kunn en þátturinn hennar, Í eldhúsinu hennar Evu, hefur verið á dagskrá þar í vetur. Hún eldar ósvikinn heimilismat og lætur elskulegt viðmót hennar engan ósnortinn. Síðustu tveir þættirnir, sem verða á dagskrá 9. og 16. desember, verða helgaðir jólunum.

„Í fyrri þættinum geri ég jóla-pavlovu en í þeim síðari verða ofnbakaðar kalkúnabringur með sætkartöflumús, rósakáli og Waldorfsalati.“ Þáttaröðin er frumraun Evu Laufeyjar í sjónvarpi. Hún segir ferlið við gerð þeirra hafa verið afar skemmtilegt og lærdómsríkt. Samhliða þeirri vinnu hefur hún svo unnið að lokafrágangi fyrstu matreiðslubókar sinnar, Matargleði Evu, sem kom út fyrir skemmstu. „Þar eru áherslurnar svipaðar og í þættinum. Ég aðhyllist ekki ákveðið mataræði en bókin hefur að geyma uppskriftir að góðum og gildum heimilismat sem hægt er að elda allan ársins hring.“

Eva deilir hér uppskriftinni að kalkúnabringunum og meðlætinu.



## Ofnbakaðar kalkúnabringur

Uppskriftir miðast við fjóra

1 kg kalkúnabringa
smjör
kalkúnakrydd
salt og pipar
3 dl vatn
1 kjúklingateningur

### Aðferð:

Hitið smjör á pönnu, kryddið bringuna með kalkúnakryddi, salti og pipar. Brúnið bringuna á öllum hliðum á pönnunni í örfáar mínútur. Setjið bringuna í eldfast mót. Sjóðið vatn og leysið kjúklingatening upp í vatninu, hellið vökvanum í eldfasta mótið. Gott er að setja smá smjörklípu ofan á bringuna áður en hún fer inn í ofn. Bringan er sett inn í ofn við 90°C í 1,5 klst. Gott er að stinga kjötmæli í bringuna eftir 1,5 klst. Mælirinn ætti að sýna 73–74°C. Þá er bringan tilbúin, ef ekki þá þarf hún að vera svolítið lengur í ofninum. Bringan þarf að hvíla þegar hún er komin út úr ofninum í 15–20 mínútur.

## Sveppasósa

250 g blandaðir sveppir
smjör
½ l rjómi
2 dl vatn + soð
1 tsk. góð berjasulta
salt og pipar

### Aðferð:

Skerið sveppina smátt. Steikið sveppina upp úr smjöri í potti og kryddið til með salti og pipar. Bætið síðan rjómanum saman við og leyfið sósunni að malla við vægan hita í nokkrar mínútur. Bætið út í vatni og soðinu sem kom frá kalkúnabringunni, hellið vökvanum sem er í eldfasta mótinu og bætið út í sósuna. Setjið smávegis af sultu saman við. Leyfið sósunni að malla svolítið lengur, smakkið auðvitað til og kryddið á vild.

## Sætkartöflumús með piparosti

5–600 g sætar kartöflur
1–2 msk. smjör
90 g rifinn piparostur
salt og pipar

### Aðferð:

Sætar kartöflur eru skrældar og skornar í svipað stóra bita. Þær eru svo settar í pott og vatn rétt látið fljóta yfir. Suðan látin koma upp og soðið í 25–30 mínútur eða þar til að kartöflurnar eru orðnar mjúkar. Vatninu er síðan hellt af. Kartöflurnar stappaðar fínt með smjöri og bragðbættar með piparosti, salti og pipar.

## Rósakál steikt á pönnu með beikoni og rjóma

500 g ferskt rósakál
100 g beikon
1½ dl rjómi
salt og pipar

### Aðferð:

Rósakálið er skolað, hreinsað og skorið í tvennt. Sjóðið rósakálið í léttsöltu vatni í 2–3 mínútur. Vatninu er síðan hellt af. Setjið smjörklípu á pönnu, skerið beikonið í litla bita og steikið á pönnunni. Bætið rósakálinu saman við beikonið og steikið í 5 mínútur við vægan hita. Rjómanum er síðan bætt út á pönnuna og kryddað til með salti og pipar. Leyfið rósakálinu og beikoninu að malla í rjómanum við vægan hita í nokkrar mínútur.

## Waldorfsalat

2 græn epli
1½ sellerí
25 græn vínber
1 dós sýrður rjómi
2–3 msk. þeyttur rjómi
2 dl valhnetur, þurrristaðar á pönnu
1 tsk. agavesíróp
smá súkkulaði til þess að strá yfir

### Aðferð:

Kjarnhreinsið eplin, flysjið og skerið í litla bita. Skerið sellerí í litla bita. Skerið vínber í tvennt. Grófhakkið hneturnar og þurrristið á pönnu. Pískið saman sýrðan rjóma og rjóma. Blandið síðan öllu saman í skál og sáldrið smá súkkulaði yfir í lokin. Geymið í kæli þar til salatið er borið fram.

# FJÖRUG JÓL Á KRAKKASTÖÐINNI



## TALSETTAR TEIKNIMYNDIR ALLA DAGA

Krakkastöðin er stútfull af skemmtilegu barnaefni með íslensku tali. Dóra, Diego, Svampur Sveinsson, Mörgæsirnar frá Madagaskar og íbúar Latabæjar eru orðnir fastagestir á mörgum heimilum ásamt fleiri skemmtilegum persónum. Klukkan 19.00 á hverju kvöldi er síðan komið að kvikmyndasýningu fyrir krakkana. Þá eru sýndar talsettar teiknimyndir við allra hæfi. Meðal þeirra sem skjóta upp kollinum eru félagarnir Manni, Dýri og Lúlli í Ísaldarmyndunum, Lína Langsokkur, Öskubuska, ofurhetjan Þór, Rauðhetta og Bangsímon. Alvin og íkornarnir mæta til leiks, flottu fuglarnir í Ríó og auðvitað Leiftur McQueen og Krókur í Cars 2. Krakkastöðin fylgir með áskrift að bæði Stöð 2 og Stöð 3.

# DAGSKRÁIN 29. DES. – 4. JAN.

## SUNNUDAGUR 29. DESEMBER

**The Escape Artist (1:2)**
**Stöð 2 kl. 21.50**



Fyrri hluti breskrar framhaldsmyndar með David Tennant í aðalhlutverki. Lögfræðingur reitir hættulegan skjólstæðing sinn til reiði og stofnar þar með lífi sinna nánustu í hættu.

**Hellisbúinn**
**Stöð 2 kl. 19.10**



Upptaka frá bráðfyndnum einleik þar sem Jóhannes Haukur fer á kostum. Hellisbúinn kitlar hláturtaugarnar og smýgur inn í hjartað.

**Óupplýst lögreglumál (6:6)**
**Stöð 2 kl. 20.35**
Helga Arnardóttir fjallar um morð sem var framið um jólin 1945. Morðið var mikil ráðgáta sem aldrei tókst að leysa.

**The Tunnel (5:10)**
**Stöð 2 kl. 21.05**
Spennan magnast í þessari frábæru spennuþáttaröð. Morðunum fjölgar og lögreglan hefur nóg á sinni könnu.

**The Amazing Race (5:12)**
**Stöð 3 kl. 19.00**
Skemmtileg keppni þar sem nokkur tveggja manna lið eru í æsispennandi kapphlaupi um heiminn.

**The Story Of Us**
**Bíóstöðin kl. 13.45 og 20.25**



Hjartnæm kvikmynd með Bruce Willis og Michelle Pfeiffer um hjón sem hafa verið gift í 15 ár en nú eru komnir alvarlegir brestir í hjónabandið og skilnaður virðist óumflýjanlegur.

**Chelsea - Liverpool**
**Stöð 2 Sport 2 kl. 15.45**
Bein útsending frá stórleik Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

## MÁNUDAGUR 30. DESEMBER

**Gnarr**
**Stöð 2 kl. 19.50**



Heimildarmynd um Jón Gnarr, grínistann sem varð borgarstjóri í Reykjavík. Í myndinni er Jóni fylgt eftir í hálft ár, hvert sem hann fer og hvað sem hann gerir. Leikstjóri er Gaukur Úlfarsson.

**Hostages (13:15)**
**Stöð 2 kl. 21.20**
Magnaðir spennuþættir með Toni Collette og Dylan McDermott í aðalhlutverkum. Ellen neitar að taka þátt í morðinu á forsetanum en það gæti reynst afdrifaríkt fyrir fjölskyldu hennar.

**World Without End (8:8)**
**Stöð 2 kl. 23.35**
Lokakaflinn í stórbrotinni þáttaröð sem byggð er á samnefndri metsölubók eftir Ken Follett.

**The Remains of the Day**
**Bíóstöðin kl. 14.05 og 19.45**
Toppmynd sem tilnefnd var til 8 Óskarsverðlauna. Anthony Hopkins leikur aðalhlutverkið.

**Make Me A Millionaire Inventor (6:8)**
**Stöð 3 kl. 19.00**



Spennandi og skemmtilegir þættir þar sem fólk með góðar uppfinningar fær aðstoð við að koma þeim á markað.

**The Glades (1:13)**
**Stöð 3 kl. 20.30**
Léttir og skemmtilegir en um leið þrælspennandi sakamálaþættir um lögreglumanninn Jim Longworth sem starfar á fenjasvæðunum í Flórída.

**Ríó**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Skemmtileg teiknimynd um sjaldgæja, bláa arnpáfinn Blu sem heldur til Ríó ásamt eiganda sínum og lendir í ótrúlegum ævintýrum.

## GAMLÁRSDAGUR 31. DESEMBER

**Happy Feet Two**
**Stöð 2 kl. 16.00**



Keisaramörgæsin Mumble er komin aftur og nú hefur uppáhalds dansandi mörgæs allra eignast son sem lendir í erfiðleikum með að finna danstaktinn.

**Igor**
**Stöð 2 kl. 10.30**
Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali um brjálaða vísindamenn og hjálparhellur þeirra.

**Kryddsíld**
**Stöð 2 kl. 14.00**
Árlegur áramótaþáttur þar sem leiðtogar helstu stjórnmálaflokka landsins staldra við og vega og meta árið sem er að líða á léttum nótum.

**Pirates Of The Caribbean: On Stranger Tides**
**Stöð 2 kl. 21.40**



Spennu- og ævintýramynd eins og þær gerast bestar. Jack Sparrow er mættur á ný og nú í æsispennandi leit að eilífri æsku en fær ærlega samkeppni frá Svartskegg og dóttur hans.

**Lorax**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Skemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna sem fjallar um appelsínugula veru sem kallast Loraxinn.

**The Change-Up**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.25**



Frábær gamanmynd með Ryan Reynolds og Jason Bateman í aðalhlutverkum. Tveir vinir sem lifa afar ólíku lífi óska sér hvor að fá tækifæri til að lifa lífi hins og öllum að óvörum rætist óskin.



## Harry og Heimir: með öðrum morðum

### Stöð 2 gamlársdag kl. 20.15

Grínistarnir Karl Ágúst Úlfsson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason fara á kostum í sprenghlægilegum ærslaleik sem sýndur verður á Stöð 2 á gamlárskvöld. Einkaspæjararnir Harry Rögnvalds og Heimir Schnitzel flækjast inn í dularfullt hvarf eiginmanns hinnar undurfögru Díönu Klein. Þeir fara alla leið til Transylvaníu og þurfa að takast á við illmennið og söngleikjanördinn Doktor Frank N. Steingrímsson.

## NÝÁRSDAGUR 1. JANÚAR

**ParaNorman**
**Stöð 2 kl. 10.00**




Fjörug teiknimynd með íslensku tali um 11 ára strák sem þarf að berjast við drauga, uppvakninga og fullorðna til að bjarga bænum sínum frá aldagamalli bölvun.

**Me, Myself and Irene**
**Bíóstöðin kl. 11.00 og 18.00**
Bráðfyndin gamanmynd með Jim Carrey og Renee Zellweger í aðalhlutverkum. Charlie er lögreglumaður og traustur fjölskyldufaðir en þegar hann gleymir að taka meðalið sitt þá breytist hann í sjálfselskan rudda sem lætur allt flakka.

**Elly Vilhjálms – minningartónleikar**
**Stöð 2 kl. 18.55**
Upptaka frá glæsilegum minningartónleikum sem voru haldnir til heiðurs Elly Vilhjálms í Laugardalshöllinni. Einstakur ferill Ellyjar var rifjaður upp í máli og myndum, með tónlist og ýmiss konar myndskeiðum, nýjum og gömlum.

**Junior Masterchef (1:22)**
**Stöð 3 kl. 19.00**
Ný þáttaröð um um krakkana sem fá að spreyta sig í þessari heimsfrægu kokkakeppni.

**You've Got Mail**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.35**



Rómantísk gamanmynd með Tom Hanks og Meg Ryan í aðalhlutverkum. Þau kynnast á netinu en það er margt sem stendur í vegi fyrir að þau geti náð saman.



**Man. United - Tottenham**
**Stöð 2 Stöð 2 Sport kl. 17.20**



Það er heil umferð í ensku úrvalsdeildinni á nýársdag og stórleikur dagsins er viðureign Manchester United og Tottenham á Old Trafford.

**Sleepy Hollow (7:13)**
**Stöð 3 kl. 21.15**
Æsispennandi þættir um Ichabod Crane sem á dularfullan hátt vaknar upp frá dauðum eftir rúm 220 ár í smábænum Sleepy Hollow til að hafa uppi á hinum höfuðlausa hestamanni sem einnig er genginn aftur.

**MasterChef Ísland (5:9)**
**Stöð 3 kl. 21.15**
Frábærir þættir þar sem fjölbreyttar þrautir í matreiðslu er lagðar fyrir keppendur.



## Behind the Candalabra
## Stöð 2 kl. 22.05

Stórbrotin mynd með Michael Douglas og Matt Damon í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á ævisögu píanósnillingsins Valentino Liberace og fjallar um 6 ára ástarsamband hans og Scott Thorson sem var miklu yngri en hann. Leikstjóri myndarinnar er Steven Soderbergh.

# FIMMTUDAGUR 2. JANÚAR

**Masterchef USA (1:20)**
**Stöð 2 kl. 20.05**



Ný þáttaröð með kjaftfora kokkinum Gordon Ramsey. Áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.

**Person of Interest (20:22)**
**Stöð 2 kl. 20.50**
Önnur þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamann sem leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.

**Shameless (5:12)**
**Stöð 3 kl. 21.15**
Frábær þáttaröð með William H. Macy í aðalhlutverki. Hann leikur drykkfelldan fjölskylduföður sem leyfir börnunum sínum að sjá um sig sjálfur á meðan hann hangir á barnum.

**The Tudors (6:10)**
**Stöð 3 k. 22.00**



Fjórða þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvers alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda. Þótt Hinrik sé hvað kunnastur fyrir harðræði þá er hans ekki síður minnst fyrir kvennamálin.

**Apollo 13**
**Bíóstöðin kl. 19.45**



Frábær mynd með Tom Hanks, Kevin Bacon, Bill Paxton og Gary Sinise í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Ron Howard.

**Hunger Games**
**Bíóstöðin kl. 22.00**



Stórbrotin mynd sem byggð er á metsölubókum og fjallar um árlega keppni þar sem ungmenni berjast upp á líf og dauða.

# FÖSTUDAGUR 3. JANÚAR

**Spider-Man**
**Stöð 2 kl. 19.45**



Ævintýraleg hasarspennumynd sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hljóð og tæknibrellur. Þetta er fyrsta myndin um Kóngulóarmanninn en þær verða allar sýndar á Stöð 2 í janúar.

**Red Dawn**
**Stöð 2 kl. 21.45**



Hörkugóð spennumynd frá 2012 með Chris Hemsworth, Josh Peck og Josh Hutcherson í aðalhlutverkum. Hún fjallar um hóp ungmenna sem berst til síðasta manns til að bjarga bænum sínum frá innrásarher.

**Smash (17:17)**
**Stöð 3 kl. 19.45**
Lokaþátturinn í þessari skemmtilegu þáttaröð frá Steven Spielberg.

**Lukku Láki**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Skemmtileg teiknimynd um kúrekann Lukku Láka sem ferðast um villta vestrið og heldur uppi friði. Hann lendir oft í því að þurfa að hafa uppi á Dalton-bræðrum en það gerir hann með dyggri aðstoð fáksins Léttfeta og oft á tíðum varðhundsins Rattata.

**X-Men**
**Bíóstöðin kl. 22.00**



Fjórða myndin í hinum geysivinsæla kvikmyndabálki og fjallar um tilurð ofurmennahópsins sem sameiginlega gengur undir nafninu X-Men. Aðalhlutverkin leika James McAvoy, Michael Fassbender og Jennifer Lawrence.

# LAUGARDAGUR 4. JANÚAR

**Áramótabomban**
**Stöð 2 kl. 20.00**



Logi Bergmann blæs til sannkallaðrar áramótabombu í blábyrjun janúar þar sem öllu verður tjaldað í sannkallaðri spariútgáfu af þessum vinsæla skemmtiþætti.

**Here Comes the Boom**
**Stöð 2 kl. 21.10**



Frábær grínmynd með Kevin James og Salma Hayek í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um líffræðikennarann Scott Voss sem leggur allt í sölurnar til að bjarga skólanum sínum.

**Cloud Atlas**
**Stöð 2 kl. 22.55**



Mögnuð mynd með einvalaliði leikara á borð við Tom Hanks, Halle Berry og Hugh Grant. Fjallað eru um sex sögur á mismunandi tíma og stað, en tengjast saman á margbrotinn hátt.

**Franklin**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg teiknimynd um ævintýralegu skjaldbökuna Franklin. Þegar amma hans veikist ákveður hann að leggja upp í leiðangur og finna fjársjóðinn við Skjaldbökuvatn því í honum á að vera verndargripur sem gæti hjálpað ömmu hans.

**Raising Hope (16:22)**
**Stöð 3 kl. 19.45**



Gamanþáttaröð um ungan, rótlausan mann sem stendur skyndilega uppi með ungbarn og ætlar að verða besti pabbi í heimi.



# HM Í HANDBOLTA KVENNA Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT

Stöð 2 Sport sýnir beint frá HM í handbolta kvenna í desember. Íslensku stelpurnar eru ekki með að þessu sinni en fulltrúi okkar á mótinu er Þórir Hergeirsson, þjálfari norska landsliðsins, sem hefur titil að verja.
Mótið fer fram í Serbíu og hefst 6. desember. Sýndir verða valdir leikir í undanriðlum og nær allir leikirnir eftir að komið er í 16 liða úrslit. Sjálfur úrslitaleikurinn fer fram sunnudaginn 22. desember.

Norska liðið hefur verið það sterkasta í heimi um árabil og á Þórir mikinn þátt í þeirri velgengni. Hann var aðstoðarþjálfari liðsins á árunum 2001 til 2009 þegar hann tók við sem aðalþjálfari og stýrði liðinu til sigurs á þremur stórmótum í röð, Evrópumeistaramóti, heimsmeistaramóti og Ólympíuleikunum. Sigurganga liðsins var stöðvuð á Evrópumeistaramótinu á sl. ári þegar Svartfjallaland sigraði Noreg 34-31 í tvíframlengdum úrslitaleik.

## BESTU KYLFINGAR HEIMS



Stöð 2 Sport sýnir beint frá einu flottasta golfmóti ársins, Nedbank Golf Challenge, sem fram fer í Suður-Afríku 5.–8. desember. Sýnt verður í beinni útsendingu alla keppnisdagana og hefst útsending klukkan 8.00 á fimmtudag og föstudag, klukkan 11.00 á laugardag og klukkan 9.00 frá lokahringnum á sunnudag.

## JÓLAVEISLA Í NBA




Á jóladag verða tveir leikir sýndir í beinni útsendingu frá NBA á Stöð 2 Sport. Brooklyn Nets tekur á móti Chicago Bulls og hefst útsending klukkan 17.00. Seinna um kvöldið er síðan komið að stórleik Los Angeles Lakers gegn Miami Heat. Útsending frá leiknum hefst klukkan 22.00.

## BIKARLEIKIR Í BEINNI



Átta liða úrslitin í enska deildarbikarnum fara fram í desember. Gylfi Sigurðsson og félagar hans í Tottenham taka á móti West Ham 18. desember og sama dag mætast Stoke og Manchester United. Báðir leikirnir verða sýndir beint á Stöð 2 Sport.

## ÍSLENDINGASLAGUR



Strákarnir okkar standa í ströngu í þýska handboltanum í desember. Stórleikur mánaðarins er viðureign Fuchse Berlin og Kiel sunnudaginn 8. desember.
Framundan eru einnig leikir með Flensburg og Rhein Neckar Löwen fyrir jólafrí.



## TOPPLEIKIR Í MEISTARADEILDINNI

Lokaumferðin í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fer fram 10. og 11. desember.
Enn eru nokkur sæti laus í 16 liða úrslitum og það verður ekkert gefið eftir í lokaumferðinni.
Arsenal er enn ekki öruggt áfram og mætir Napoli og það er einnig mikil spenna hjá Kolbeini Sigþórssyni og félögum í Ajax sem heimsækja AC Milan.

**Þriðjudagur 10. desember**
Man. Utd - Shakhtar Donetsk
Bayern München - Man. City
Galatasaray - Juventus

**Miðvikudagur 11. desember**
Marseille - Dortmund
AC Milan - Ajax
Napoli - Arsenal

# HÁTÍ

## SJÖ UMFERÐIR Í

**Desember er stærsti mánuður ársins í enska boltanum. Það eru sjö umferðir og alls 70 leikir á dagskrá næstu fjórar vikurnar og fjölmargir risaleikir þar sem bestu liðin mætast.**



## LEIKIR STÓRLIÐANNA

**ARSENAL**

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | Hull (h) | 19.45 |
| 8. des. | Everton (h) | 16.00 |
| 14. des. | Man. City (ú) | 12.45 |
| 23. des. | Chelsea (h) | 20.00 |
| 26. des. | West Ham (ú) | 15.00 |
| 29. des. | Newcastle (ú) | 13.30 |
| 1. jan. | Cardiff (h) | 15.00 |

**CHELSEA**

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | Sunderland (ú) | 19.45 |
| 7. des. | Stoke (ú) | 15.00 |
| 14. des. | Crystal Palace (h) | 15.00 |
| 23. des. | Arsenal (ú) | 20.00 |
| 26. des. | Swansea (h) | 15.00 |
| 29. des. | Liverpool (h) | 16.00 |
| 1. jan. | Southampton (ú) | 15.00 |



# ÐIN ER HAFIN

## ENSKU ÚRVALSDEILDINNI Á EINUM MÁNUÐI

Jólahátíðin er ávallt mikil veisla fyrir aðdáendur enska boltans. Annan í jólum er heil umferð og aftur tveimur dögum síðar. Veislan er síðan fullkomnuð með heilli umferð á nýársdag.
Arsenal trónir á toppi deildarinnar en liðið á erfiða leiki framundan, m.a. gegn Everton, Manchester City og Chelsea fyrir jól. Desember gæti einnig reynst prófraun á leikmenn Liverpool þar sem félagið á fyrir höndum útileiki gegn þremur af toppliðunum, Tottenham, Manchester City og Chelsea. Manchester United á hins vegar fjóra heimaleiki og stærsti leikur liðsins yfir hátíðirnar er viðureign við Tottenham á Old Trafford á nýársdag.

## ÓMISSANDI LEIKIR UM JÓLIN

| | | |
|---|---|---|
| Þorláksmessa | Arsenal – Chelsea | kl. 20.00 |
| Annar í jólum | Man. City – Liverpool | kl. 17.30 |
| 29. desember | Chelsea – Liverpool | kl. 16.00 |
| Nýársdagur | Man. Utd – Tottenham | kl. 17.30 |

### LIVERPOOL

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | Norwich (h) | 19.45 |
| 7. des. | West Ham (h) | 15.00 |
| 15. des. | Tottenham (ú) | 16.00 |
| 21. des. | Cardiff (h) | 12.45 |
| 26. des. | Man City (ú) | 17.30 |
| 29. des. | Chelsea (ú) | 16.00 |
| 1. jan. | Hull (h) | 15.00 |

### MANCHESTER UNITED

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | Everton (h) | 19.45 |
| 7. des. | Newcastle (h) | 12.45 |
| 15. des. | Aston Villa (ú) | 13.30 |
| 21. des. | West Ham (h) | 15.00 |
| 26. des. | Hull (ú) | 12.45 |
| 28. des. | Norwich (ú) | 15.00 |
| 1. jan. | Tottenham (h) | 17.30 |

### TOTTENHAM

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | Fulham (ú) | 20.00 |
| 7. des. | Sunderland (ú) | 17.30 |
| 15. des. | Liverpool (h) | 16.00 |
| 22. des. | Southampton (ú) | 13.30 |
| 26. des. | West Brom (h) | 15.00 |
| 29. des. | Stoke (h) | 16.00 |
| 1. jan. | Man. Utd. (ú) | 17.30 |

### MANCHESTER CITY

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | West Brom (ú) | 20.00 |
| 7. des. | Southampton (ú) | 15.00 |
| 14. des. | Arsenal (h) | 12.45 |
| 21. des. | Fulham (ú) | 15.00 |
| 26. des. | Liverpool (h) | 17.30 |
| 28. des. | Crystal Palace (h) | 15.00 |
| 1. jan. | Swansea (ú) | 12.45 |

Vild

# 100

## HEPPNIR VILDARÁSKRIFENDUR FÁ JÓLAKÖRFU (GJAFAKORT) FRÁ BÓNUS AÐ VERÐMÆTI 30.000 KR.

Skráðu þig á **stod2.is/vild**

50 körfur verða dregnar út í Íslandi í dag **13. desember** og 50 körfur **20. desember**




Vildaráskrifendur geta hæglega sparað sér sem nemur áskrift að t.d. Skemmtipakkanum með því að nýta sér afsláttina sem bjóðast hjá samstarfsfyrirtækjum okkar í Stöð 2 Vild.

Vinsælar jólavörur í Bónus

